Samningar Íslands við erlend ríki
IX. C-deild Stjórnartíðinda 1992-1993 1-2

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af ritinu "Samningar Íslands við erlend ríki". Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af ritinu án endurgjalds. Engin stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta lög, reglugerðir, fyrirmæli stjórnvalda, dómar og önnur áþekk gögn ekki verndar höfundalaga og telur höfundur skjalsins að samningar sem þessir falli undir "áþekk gögn".

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Ýmsir gallar fundust sem voru almennt ekki skráðir sérstaklega. Fyrir betri eintök í mörgum tilfellum, athugið skönnun C-deild Stjórnartíðinda.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

1992

C-DEILD



REYKJAVÍK — 1993
STEINDÓRSPRENT-GUTENBERG HF.

Útgefandi: Dómsmálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	2. jan.	Auglýsing um niðurfellingu bókunar við EFTA-samninginn varðandi Liechtenstein	1
2	2. jan.	Auglýsing um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi	1
3	2. jan.	Auglýsing um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í Færeyjum	2
4	2. jan.	Auglýsing um uppsögn alþjóðasáttmála um skipan hvalveiða	2
5	24. jan.	Auglýsing um samning við Bandaríkin um framkvæmd eftirlits vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu	2
6	22. feb.	Auglýsing um breytingu á samningi um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar	3
7	28. apríl	Auglýsing um samning við Frakkland um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk	4–15
8	28. apríl	Auglýsing um tvísköttunarsamning við Frakkland	16–28
9	20. maí	Auglýsing um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna aðildar Búlgaríu	28–29
10	20. maí	Auglýsing um samstarfssamning við Efnahagsbandalag Evrópu um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH)	29–36
11	29. maí	Auglýsing um uppsögn samnings við Júgóslavíu um afnám vegabréfsáritana	36
12	25. júní	Auglýsing um samning við Pólland um afnám vegabréfsáritana	36
13	3. júlí	Auglýsing um gildistöku viðauka III við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum	37
14	28. júlí	Auglýsing um gildistöku Norðurlandasamnings til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár	37
15	28. júlí	Auglýsing um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tyrklands	37–75
16	28. júlí	Auglýsing um samning við Tyrkland um viðskipti með landbúnaðarafurðir	76–86
17	27. okt.	Auglýsing um samning við Slóveníu um afnám vegabréfsáritana	87
18	2. nóv.	Auglýsing um samning um réttindi barnsins	88–110

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
19	13. nóv.	Auglýsing um gildistöku samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu	110
20	13. nóv.	Auglýsing um gildistöku samnings við Bandaríkin um framkvæmd eftirlits vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu	111
21	13. nóv.	Auglýsing um breytingu á samþykkt um alþjóðaflugmál frá 1944	111
22	4. des.	Auglýsing um fríverslunarsamning milli EFTA-ríkjanna og Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldisins	111–205
23	4. des.	Auglýsing um samning við Tékkneska og slóvakíska sambandslýðveldið um viðskipti með landbúnaðarafurðir	206–214
24	30. des.	Auglýsing um Norðurlandasamning um norrænt menntunarsamfélag á framhaldsskólastigi	215–216
25	31. des.	Auglýsing um breytingu á loftferðasamningi við Þýskaland	217–219
26	31. des.	Auglýsing um breytingu á samkomulagi við Bretland um greiðslur vegna flugþjónustu	219–220
27	31. des.	Auglýsing um samning milli Íslands, Noregs og Grænlands/Danmerkur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands	221–223
28	31. des.	Auglýsing um gildistöku Evrópusamnings um vernd dýra í millilandaflutningum	223

STJÓRNARTÍÐINDI C - 1992

2. janúar 1992 Nr. 1

AUGLÝSING

um niðurfellingu bókunar við EFTA-samninginn varðandi Liechtenstein.

Með ákvörðun ráðs Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) nr. 2/1991 22. maí 1991 var Liechtenstein heimilað að gerast aðili að samningi frá 4. janúar 1960 um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu. Í samræmi við ákvörðunina var aðildarskjal Liechtenstein afhent sænska utanríkisráðuneytinu 30. ágúst 1991 og öðlaðist aðild gildi 1. september 1991. Sama dag féll bókun við samninginn um beitingu hans gagnvart Liechtenstein úr gildi, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970 þar sem bókunin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

2. janúar 1992 Nr. 2

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi.

Bókun frá 3. nóvember 1982 um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Íslandi öðlaðist gildi endanlega 17. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 14/1987 þar sem bókunin er birt.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku breytingar á samkomulagi um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í Færeyjum.

Bókun frá 3. nóvember 1982 um breytingu á samkomulagi frá 25. september 1956 um sameiginlega greiðslu kostnaðar á tiltekinni flugþjónustu á Grænlandi og í Færeyjum öðlaðist gildi endanlega 17. nóvember 1989, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 15/1987.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 4 2. janúar 1992

AUGLÝSING

um uppsögn alþjóðasáttmála um skipan hvalveiða.

Hinn 27. desember 1991 var ríkisstjórn Bandaríkjanna tilkynnt um uppsögn Íslands á alþjóðasáttmálanum frá 2. desember 1946 um skipan hvalveiða, sbr. auglýsingar í A-deild Stjórnartíðinda nr. 55/1947 og 102/1948. Uppsögnin öðlast gildi 30. júní 1992. Uppsögnin tekur einnig til bókunar við sáttmálann frá 19. nóvember 1956, sbr. Samninga Íslands við erlend ríki nr. 63.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 2. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 5 24. janúar 1992

AUGLÝSING

um samning við Bandaríkin um framkvæmd eftirlits vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu.

Með orðsendingaskiptum í Reykjavík 29. nóvember 1991 og 23. janúar 1992 var gerður samningur milli Íslands og Bandaríkjanna um framkvæmd eftirlits vegna samnings frá 19. nóvember 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/1991 þar sem samningurinn er birtur. Orðsendingaskiptin taka gildi þegar samningurinn um hefðbundinn herafla í Evrópu tekur gildi.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 24. janúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um breytingu á samningi um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar.

Hinn 20. febrúar 1992 var danska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um staðfestingu Íslands á bókun um breytingu á samningi frá 5. mars 1981 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar sem undirrituð var í Björgvin 13. maí 1991, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 5/1981, þar sem samningurinn er birtur, og 15/1982. Bókunin öðlast gildi 21. mars 1992.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 22. febrúar 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

BÓKUN

um breytingu á samningi frá 5. mars 1981 milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar.

Ríkisstjórnir Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, sem telja ráðvænlegt, með tilliti til breytinga sem hafa átt sér stað í samvinnu landanna samkvæmt samningi frá 5. mars 1981 um norrænt samstarf á sviði þróunaraðstoðar (Kaupmannahafnarsamningnum), að fella niður ráðgjafarnefndina um aðstoðarmál, hafa komið sér saman um eftirfarandi breytingar á Kaupmannahafnarsamningnum:

I.

1. töluliður 1. gr. Kaupmannahafnarsamningsins orðist svo:

Almenn ákvæði

1. Stjórn norrænnar þróunaraðstoðar í þróunarlöndum sem ríkisstjórnirnar ákveða að láta í té samkvæmt samningi þessum skal heyra undir norrænu ráðherranefndina og embættismannanefndina um aðstoðarmál og einnig, að því er varðar daglega framkvæmd, aðstoðarstofnanirnar á Norðurlöndunum.

(2. töluliður greinarinnar breytist ekki.)

II.

3. gr. Kaupmannahafnarsamningsins fellur niður.

III.

Bókun þessi öðlast gildi 30 dögum eftir þann dag sem allir aðilar hafa tilkynnt danska utanríkisráðuneytinu að þeir hafi samþykkt hana.

Danska utanríkisráðuneytið tilkynnir öðrum aðilum um móttöku þessara tilkynninga og um það hvenær bókunin tekur gildi.

IV.

Frumriti bókunar þessarar skal komið til vörslu hjá danska utanríkisráðuneytinu sem skal senda staðfest afrit hennar til hinna aðilanna.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í Björgvin 13. maí 1991 í einu eintaki á dönsku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku og skulu allir textar jafngildir.

AUGLÝSING

um samning við Frakkland um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk.

Samningur milli Íslands og Frakklands um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk, sem undirritaður var í París 30. janúar 1992, öðlast gildi 29. apríl 1992.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. apríl 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli Íslands og Frakklands
um skilyrði fyrir viðskiptum með lifandi skelfisk

1. grein

Í samningi þessum er kveðið á um kröfur varðandi hollustuhætti og tæknileg atriði, sem gerðar eru í viðskiptum Íslands og Frakklands með lifandi skelfisk til manneldis, jafnt þann sem ætlaður er til neyslu þegar í stað eða þann sem ætlaður er til neyslu síðar.

Utan samnings þessa falla viðskipti með lifandi skelfisk sem ekki hefur náð sölustærð svo og viðskipti með dauðan skelfisk, kældan eða geymdan með hvaða móti sem vera skal.

I. KAFLI
Almennir skilmálar

2. grein

Í samningi þessum teljast:

a) „Skelfiskur“: Allar tegundir sæsamloka og sæsnigla, svo og ígulker, sem ræktaðar eru eða veiddar við strendur Íslands eða Frakklands, auk þess sæbjúgu.

b) „Skelfiskmið“: Þau hafsvæði eða saltvatnslendur sem eru náttúruleg heimkynni eða ræktunarsvæði skelfisks.

c) „Vinnslustöð“: Stöð þar sem skelfiskur er unninn til manneldis og honum pakkað til sendingar á markað.

d) „Sending beint á neytendamarkað til neyslu strax“: Sending heilbrigðs skelfisks í lokuðum pakkningum sem ætlaður er til neyslu án þess að vera lagður í bleyti áður.

e) „Sending á neytendamarkað til neyslu síðar“: Sending heilbrigðs skelfisks sem ætlaður er til sölu og neyslu eftir íbleytingu og endanlega pökkun í vinnslustöð sem til þess hefur nauðsynlega heimild samkvæmt ákvæðum þeim sem tilgreind eru í kafla III.

f) „Hitaþolnir kólígerlar eða saurgerlar“: Þeir kólígerlar sem við 44° hita á Celsíus gerja mjólkursykur með gasmyndun og framleiða indól úr amínósýrunni tryptófan.

3. grein

Allur útfluttur skelfiskur, hvort sem hann er ætlaður til neyslu strax eða síðar, skal fullnægja settum heilbrigðisskilyrðum skv. 5. grein.

4. grein

Til þess bær heilbrigðisyfirvöld í löndunum báðum hafa eftirlit með og tryggja að skelfisktekja sé aðeins stunduð á heilnæmum skelfiskmiðum.

- Að því er varðar íslenska samningsaðilann í samræmi við reglugerð um skelfiskveiðar nr. 78/1978 og viðauka 2.

- Að því er varðar franska samningsaðilann, í samræmi við ákvæði tilskipunar frá 12. október 1976, þar sem tilgreind eru heilbrigðisskilyrði skelfiskmiðanna með áorðnum breytingum, og viðauka 1.

5. grein

Skelfiskur, sem ætlaður er til útflutnings, skal eingöngu fluttur út frá vinnslustöðvum sem hafa hlotið samþykki yfirvalda í upprunalandinu og eru undir eftirliti þeirra.

Einungis skal flytja út skelfisk frá miðum sem teljast heilnæm samkvæmt ákvæðum 4. greinar (og viðauka 1 og 2).

Skelfiskur þessi skal og fullnægja skilyrðum þeim sem sett eru í viðauka 3.

Sendingum skelfisks skulu, er þær fara yfir landamæri, fylgja heilnæmisvottorð og þar tilgreint frá hvaða vinnslustöð þær koma.

Að því er varðar íslenska samningsaðilann skal þetta heilnæmisvottorð vera í samræmi við sýnishorn í viðauka 4, gefið út af Ríkismati sjávarafurða samkvæmt faglegu mati Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Að því er varðar franska samningsaðilann, skal vottorð gefið út af fulltrúa yfirdýralæknisembættisins í Frakklandi vera í samræmi við sýnishorn í viðauka 6. Auk þess skulu umbúðum um skelfisk, sem ætlaður er til manneldis þegar, fylgja merkimiðar um heilnæmi í samræmi við sýnishorn í viðauka 5.

Fylgi áðurgreint vottorð um heilnæmi ekki sendingunni telst hún óhæf til manneldis.

II. KAFLI
Ákvæði varðandi viðskipti með skelfisk sem ætlaður er til manneldis þegar

6. grein

Skelfiskur, sem fluttur er út og ætlaður er til manneldis þegar, skal vera af tiltekinni lágmarksstærð sem tilgreind er fyrir nokkrar tegundir í viðauka 7.

Skelfiskur skal unninn og pakkaður í samræmi við kröfur sem settar eru fram í 7. grein.

Að öðru leyti skal á hverri pakkningu vera merkimiði sem tilgreini:

- Vöruheiti afurðarinnar í viðtökulandinu.
- Áletrunina „innflutt frá .....“ og þar á eftir nafn Íslands/Frakklands.
- Nettóþyngd (eða rúmmál ef um krækling er að ræða).
- Leyfisnúmer stöðvar þeirrar sem afurðin kemur frá, gefið út af yfirvöldum í upprunalandinu.
- Nafn og heimilisfang vinnslustöðvarinnar sem flytur afurðina út.
- Útskipunardag, útskipunarhöfn eða flugvöll.

7. grein

Skelfiskur, sem ætlaður er til manneldis þegar, er í upprunalandinu háður eftirfarandi ákvæðum varðandi vinnslu og pökkun:

1. Tryggja skal að skelfiskurinn geymist vel.
2. Áður en skelfiskinum er pakkað skal hann flokkaður og úr honum vinsaður úrgangur, s.s. dauður, særður eða skaddaður skelfiskur, svo og skelfiskur sem ekki nær stærðum þeim sem tilgreindar eru í viðauka 7. Skelfiskurinn skal skolaður og af honum hreinsuð öll óhreinindi sem kunna að hafa sest á hann.
3. Skelfiskinum skal pakkað á þann hátt að hann þoli flutningshnjask.
4. Ostrum skal raðað lagskipt og skulu kúptu skeljarnar snúa niður.
5. Kassar og innri umbúðir skulu vera úr ólífrænum efnum sem leyfð eru til pökkunar matvæla.
6. Lok skal festa tryggilega á hvern kassa. Það þarf þó ekki að vera fyllilega vatnsþétt eða þétt að öðru leyti.
7. Hámarksbrúttóþyngd eininga skal vera sem hér segir:
   - Fyrir ostrur 16 kg
   - Fyrir krækling 25 kg
   - Fyrir hörpudisk (og skyldar teg.) 45 kg
   - Fyrir annan skelfisk 10 kg

8. grein

Sendingar skelfisks sem ekki eru í samræmi við fyrirmæli 3. 4. 6. og 7. töluliðar 7. greinar má flytja inn til neyslu síðar, svo fremi þær fullnægi ákvæðum III. kafla.

III. KAFLI
Um viðskipti með skelfisk sem ætlaður er til neyslu síðar

9. grein

Skelfisksendingar, sem fluttar eru inn til manneldis og neyslu síðar, skulu eingöngu fara til bleytingar í vinnslustöðvum sem hafa sérstaka löggildingu til þess. Skelfiskurinn skal vera í sölustærðum sem tilgreindar eru í viðauka 7.

Þessum sendingum má ganga frá á einfaldari hátt en krafist er fyrir þær sendingar sem ætlaðar eru til neyslu þegar en þeim skal þó fylgja heilnæmisvottorð gefið út:

Fyrir íslenska samningsaðilann af Ríkismati sjávarafurða, byggt á mælingum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins eða Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum.

Fyrir franska samningsaðilann af Institut Français de Recherche pour l'Exploitation de la Mer; IFREMER.

Heilnæmisvottorð skal vera í samræmi við sýnishorn í viðauka 8.

Sendingunum skal ennfemur fylgja heilbrigðisvottorð, svo sem gert er ráð fyrir í viðauka 4 eða 6.

Á hverri pakkningu skal vera merkimiði er tilgreini sérstaklega:

- Tegund skelfisks.
- Tilvísun til vinnslustöðvar þeirrar er afurðina sendir, annaðhvort heiti hennar eða leyfisnúmer.
- Áletrunina„flutt inn frá..... til bleytingar í löggiltri vinnslustöð".

10. grein

Ákvæði þessa kafla taka gildi þegar yfirvöld í hvoru innflutningslandinu fyrir sig hafa veitt vinnslustöðvum löggildingu til bleytingar innflutts skelfisks.

IV. KAFLI
Sérstök ákvæði

11. grein

Til þess bær yfirvöld í samningsríkjunum skulu veita hvort öðru upplýsingar um breytingar á löggjöf og fyrirmælum stjórnvalda sem meta heilbrigðiskröfur og tæknileg skilyrði samkvæmt samningi þessum.

Að því er íslenska samningsaðilann varðar, er til þess bært yfirvald Sjávarútvegsráðuneytið.

Að því er franska samningsaðilann varðar, er til þess bært yfirvald Sjávarútvegsráðuneytið (Le secrétariat d'Etat à la Mer).

Til þess bær yfirvöld í báðum löndum samþykkja jafnframt að tilkynna hvort öðru án tafar um öll atvik er haft geta óhagstæð áhrif á gæði innfluttra afurða.

12. grein

Að því er íslenska samningsaðilann varðar eru til þess bær yfirvöld:

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK

Le Ministère de la Pêche
Skúlagata 4
150 REYKJAVÍK
Sími: (354-1) 609670
Telex: 2342 MINFIS IS
Telefax: (354-1) 621853

Hafrannsóknastofnunin
Skúlagata 4
101 REYKJAVÍK

L'Institut de la Recherche de la Mer
Skúlagata 4
101 REYKJAVÍK
Sími: (354-1) 20240
Telex: 023-7400746 EIKI UL
Telefax: (354-1) 623790

Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins
Skúlagötu 4
101 REYKJAVÍK

L'Institut de Recherche sur
les Produits de la Mer
Skúlagata 4
101 REYKJAVÍK
Sími: (354-1) 62 02 40
Telex: 051-94013159 IFLR G
Telefax: (354-1) 623790

Ríkismat sjávarafurða
Nóatúni 17
150 REYKJAVÍK

L'Institut National de la
Qualité des Produits de la Mer
Nóatúni 17
150 REYKJAVÍK
Sími: (354-1) 627533
Telex: 051-94012078 FISH G
Telefax: (354-1) 13866

Tilraunastöð Háskólans
í meinafræðum
Rannsóknadeild fiskisjúkdóma
Keldum við Vesturlandsveg
P.O. Box 8540
128 REYKJAVÍK

L'Institut pour la Recherche
Pathologique Expèrimentale
Keldur Vesturlandsveg
P.O. Box 8540
128 REYKJAVÍK
Sími: (354-1) 82811
Telex: 3000 KELDUR
Telefax: (354-1) 673079

Hollustuvernd ríkisins
Síðumúla 13
108 REYKJAVÍK

Centre National de l'Hygiène Publique
Síðumúla 13
108 REYKJAVÍK
Sími: 354-1-681844
Telefax: (354-1)681896

13. grein

Að því er franska samningsaðilann varðar, eru til þess bær yfirvöld:

- Secrétariat d'Etat à la Mer
  Sjávarútvegsráðuneyti
  Direction des Pêches Maritimes et des Cultures Marines
  (Stjórn sjávarútvegs og fiskeldis)
  3, Place de Fontenoy 75700 PARIS
  Sími: (33-1) 42 73 55 05
  Telex: 250823
  Telefax: (33-1) 40 65 07 73

- Ministère de l'Agriculture et de la Forêt
  Sous-Direction de l' Hygiène Alimentaire
  Landbúnaðar- og skógræktarráðuneytið
  Heilbrigðiseftirlit ríkisins með matvælum
  175 rue du Chevaleret 75646 PARIS CEDEX 13
  Sími: (33-1) 49 55 84 23
  Telex: 205067
  Telefax: (33-1) 45 86 65 67

Með vísindalegri og tæknilegri aðstoð:

- Institut Français de Recherche pour l'Exploitation de la Mer (IFREMER).
  (Franska hafrannsóknastofnunin).
  Direction de l'Environnement et de l'Aménagement littoral (DEL)
  (Stjórn umhverfismála og mengun sjávar).
  Centre de Nantes
  rue de l'Ile d'Yeu
  BP 1049
  44037 NANTES CEDEX
  Sími: (33) 40 37 40 00
  Telex: 711196
  Telefax: (33) 40 37 40 01

14. grein

Hvor samningsaðili skýrir hinum frá því þegar fullnægt hefur verið þeim lagalegu formsatriðum sem krafist er, að því er varðar gildistöku samnings þessa sem tekur gildi þann dag sem hin síðari slíkra tilkynninga berst.

Samningur þessi heldur gildi þar til annar samningsaðila segir honum upp skriflega, með sex mánaða fyrirvara, talið frá þeim degi er hinn samningsaðilinn tók á móti uppsögn.

15. grein

Þrátt fyrir ákvæði 14. greinar hér að ofan og ef almenn hollustuvernd krefst þess, geta til þess bær yfirvöld í innflutningslandinu bannað innflutning á einni eða fleiri skelfisksendingum.

Í því tilviki getur hvor samningsaðili fellt samning þennan úr gildi til bráðabirgða. Sá aðilinn sem fellir samning þennan úr gildi, skal tilkynna hinum aðilanum um það, skriflega, áður en níu dagar eru liðnir frá því að ákvörðunin er tekin. Í því tilviki skulu samningsaðilar þegar hefja viðræður um skilyrði fyrir framkvæmd samningsins til frambúðar.

Að því er íslenska samningsaðilann varðar skal samstarfsnefnd skipuð af Sjávarútvegsráðuneytinu fjalla um álitamál og ágreiningsatriði er upp kunna að koma vegna þessa samnings og gera tillögu til ráðuneytisins um úrlausn þeirra. Nefndin skal skipuð fulltrúum frá Hafrannsóknastofnun, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Tilraunastöð Háskólans í meinafræðum og Hollustuvernd.

Gjört í París 30. janúar 1992 í tveimur eintökum, á frönsku og íslensku, og skulu báðir textar jafngildir.

F.h. ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands
Albert Guðmundsson

F.h. ríkisstjórnar Franska lýðveldisins
Claude Bernet

VIÐAUKI 1

Sjávarútvegsráðuneytið
Skúlagötu 4, 150 Reykjavík

Heilnæmi uppeldisstöðva skelfisks

Skoðunarþættir. Viðmiðunarmörk.	Hámarksmagn hvers efnis.	Mæliaðferð.	Lágmarkstíðni sýnatöku og mælinga.
Kolvetnasambönd jarðolíu.	Kolvetnasambönd mega ekki finnast á skelfisksvæðum í því magni að sýnileg brák myndist á yfirborði sjávar eða slikja á skeljunum svo að spilli fisknum.	Sjónmat.	Ársfjórðungslega.

Lífræn sambönd halógenefna.	Takmarkanir á magni hvers þessara efna í holdi skelfisksins eiga að miðast við það að gæði afurðanna séu sem mest.	Magn hvers efnis má ekki fara yfir þau mörk að spilli skelfiski og lirfum hans.	Gasgreining eftir upplausn sýnis með viðeigandi efnum og hreinsum.	Á hálfs árs fresti.
Málmar: Silfur Ag Arsenik As Kadmium Cd Króm Cr Kopar Cu Kvikasilfur Hg Nikkel Ni Blý Pb Sink Zn	Takmarkanir á magni hvers þessara efna í holdi skelfisksins eiga að miðast við það að gæði afurðanna séu sem mest.	Magn hvers efnis má ekki fara yfir þau mörk að spilli skelfisk og lirfum hans. Taka verður tillit til samverkandi áhrifa þessara málma. Að því er kvikasilfur og blý varðar er hámraksinnihald: -Hg < 0,5 mg/kg -Pb < 1,0 mg/kg	Atómgleypimæling (litrófsgreining) eftir viðeigandi undirbúning sýnis, t.a.m. aukningu á styrk efnanna.	Á hálfs árs fresti.
Eiturefni frá svipuþörungum -PSP eitur (sem verkar á taugakerfi) -DSP eitur (sem veldur niðurgangi)		80 míkrógömm í 100 g af holdi skelfisks. Meira magn gæti haft í för með sér skaðleg áhrif á neytandann.	Athuganir og líffræðilegar prófanir á skelfisksýnum sem tekin eru á sérstaklega völdum sýnatökustöðum.	Á þeim tíma þegar helst má vænta þörungablóma í sjó skal fylgst með viðgangi þeirra svifþörunga sem taldir eru geta myndað eiturefni, t.d. PSP eða DSP.

Þegar um ofangreind rannsóknaratriði gilda engin föst tölugildi samkvæmt samningnum eða almennum reglum í ríkjunum eru samningsaðilar ásáttir um að fara að tillögum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

VIÐAUKI 2

Administration compétente de l'Islande concernant la qualité des eaux conchylicoles d'origine: Ministère de la Pêche.

Hlutaðeigandi stofnun á Íslandi um heilnæmi uppeldisstöðva skelfisks: Sjávarútvegsráðuneytið.

Le contenu de cette annexe est identique à celui de l'annexe 1.

Efni þessa viðauka er samhljóða viðauka 1.

VIÐAUKI 3

Hollustukröfur varðandi skelfisk

Skelfiskur skal eingöngu koma af heilnæmum skelfiskmiðum, sbr. ákvæði 4. greinar samnings þessa og viðauka 1 og 2.

Í skelfiskinum mega ekki vera sóttnæm efni eða örverur. Sérstaklega verður hann að standast eftirfarandi kröfur miðað við þyngd blauts fiskholds.

Hitaþolnir kólígerlar	minna en 3 í g, eða 3 ml af fiskholdi
Salmonella	engin í 25 g fiskholds
PSP	minna en 80 mikró-g eiturefnisins í 100 g fiskholds
DSP	engin eiturvirkni sem talin er geta skaðað neytandann

Þungmálmar sem hlutfall af blautu fiskholdi

Blý	minna en 1 mg pr. kg
Kvikasilfur	minna en 0.5 mg pr. kg

VIÐAUKI 4

SJÁVARÚTVEGSRÁÐUNEYTI
RÍKISMAT SJÁVARAFURÐA

MINISTERE DE L' AGRICULTURE
ET DE LA FORET
SOUS-DIRECTION DE L' HYGIENE
ALIMENTAIRE

Certificat d'origine salubre et d'aptitude à la consommation relatif aux huîtres, moules et autres coquillages présentés à l'état vivant et susceptibles d'être consommés crus ainsi qu'aux oursins, aux violets et aux holothuries.

Vottorð um uppruna, heilnæmi og hæfni til manneldis fyrir ostrur, krækling og önnur skeldýr sem koma lifandi á markað og ætluð eru til neyslu hrá svo ogígulker, sæfíflar og sæbjúgu.

I. - Origine - uppruni

Pays d'origine/upprunaland.....
Ministère compétent/ráðuneyti .....
Service/þjónustustofnun .....

II. - Identification des denrées/vörulýsing

Espèce/tegund: .....
Nom commercial/söluheiti(1).....
Nom scientifique/fræðiheiti .....
Mode de conservation/geymsluaðferð .....
Nature de l'emballage/lýsing umbúða .....
Marques commerciales figurant sur les emballages/
merkingar á umbúðum .....
Nombre de colis/fjöldi umbúðaeininga .....
Poids net/nettó þyngd .....

III. - Provenance des denrées/upprunastaður matvæla

Nom de l'expéditeur/nafn útflytjanda .....
Adresse de l'expéditeur/heimilisfang útflytjanda .....
.....

IV. - Destination des denrées/áfangastaður matvæla

De (lieu d'expédition)/frá (útskipunarstaður) .....
Les denrées sont expédiées à (lieu de destination)/
matvælin eru flutt til(áfangastaður) .....
Par wagon, camion, avion, bateau(2)
Með lest, bifreið, flugvél, skipi
Nom et adresse du destinataire/
nafn og heimilisfang viðtakanda .....

V. - Renseignements concernant la salubrité/ upplýsingar um heilnæmi.

Je soussigné (nom et titre)/
Ég undirritaður (nafn og starfsheiti).....
Vétérinaire ou inspecteur officiel certifie que les denrées designées ci-dessus:
Dýralæknir eða opinber eftirlitsmaður staðfestir að ofantalin matvæli:

1. Ont été reconnues propres à la consommation humaine au regard des critères de salubrité en vigueur en France/en Islande (3).
Hafa verið viðurkennd hæf til manneldis í samræmi við gildandi heilbrigðisreglur í Frakklandi/ á Íslandi.
2. Ont été capturées, préparées, manipulées, conditionnées et expédiées, suivant les dispositions réglementaires en vigueur en France/en Islande (3).
Hafa verið veidd, forverkuð, geymd og flutt í samræmi við fyrirmæli gildandi reglugerða í Frakklandi/ á Íslandi.

Fait à/gefið út í..... le/þann.....


Cachet officiel/opinber stimpill Signature/undirskrift

(1) Indiquer le nom commercial en islandais et dans la langue française./ Vöruheiti á íslensku og frönsku.
(2) Rayer la mention inutile et indiquer: pour les wagons et les camions, le numéro d'immatriculation; pour les avions le numéro du vol et pour les bateaux, le nom du bateau./Strika yfir það sem ekki á við og tilgreina skrásetningarnúmer bíla og lestarvagna, í flugi er tilgreint flugnúmer, þegar flutt er með skipi, nafn skipsins.
(3) Rayer la mention inutile/Strika yfir það sem ekki á við.

VIÐAUKI 5

MERKI SEM VOTTA HEILNÆMI

(Rétthyrndur rammi, lágmarksstærð 34 mm x 20 mm)
(tilskipun 10. október 1991)



Á merki um heilnæmi skulu koma fram þau atriði sem talin eru í þessum viðauka.

VIÐAUKI 6

REPUBLIQUE FRANÇAISE /LÝÐVELDIÐ FRAKKLAND

Ministère de l'Agriculture
et de la Forêt
Landbúnaðar- og skógræktarráðuneyti

Sous-Direction de l'Hygiène Alimentaire
Stjórn matvælaeftirlits

Certificat d'origine salubre et d'aptitude à la consommation relatif aux huîtres-moules et autres coquillages présentés à l'état vivant et susceptibles d'être consommés crus ainsi qu'aux oursins et aux violets.

Vottorð um uppruna, heilnæmi og hæfni til manneldis fyrir ostrur, krækling og önnur skeldýr sem koma lifandi á markað og ætluð eru til neyslu hrá svo og ígulker, sæfíflar og sæbjúgu.

Cf. ANNEXE 4
Document bilingue.
Sjá viðauka 4
Skjal á báðum málum.

VIÐAUKI 7

Taille marchande des coquillages (1)
Sölustærð skel dýra (1)

NOMS ISLANDAIS ÍSLENSK HEITI	NOMS SCIENTIFIQUES FRÆÐIHEITI	NOMS OFFICIELS EN FRANÇAIS OPINBER HEITI Á Á FRÖNSKU	NOMS COMMUNS EN FRANÇAIS ALMENN HEITI Á FRÖNSKU	TAILLE MARCHANDE SÖLUSTÆRÐ
Hörpudiskur	Chlamys islandica	Pétoncle d'Islande	Pétoncle	Taille marchande non fixée/ sölustærð ekki ákveðin
Kúfiskur	Arctica islandica	Cyprine d'Islande	Cyprine	"
Sandskel	Mya arenaria	Mye des sables	Mye	"
Ígulker/ (skolla-koppur)	Strongylo-centrotus droebachiensis	Oursin	Oursin	voir (2) sjá (2)
Sæbjúga	Holothuroidae	Holothurie	Holothurie	Taille marchande non fixée/ sölustærð ekki ákveðin

Aða	Modiolus modiolus	Grande Modiole	Modiole	"
Kræklingur	Mytilus edulis	Moule commune	Moule	4 cm
Beitukóngur	Buccinum undatum	Buccin commun	Buccin/ Bulot	Taille marchande non fixée/ sölustærð ekki ákveðin
Harðskel	Mercenaria mercenaria	Clam	Clam	4.5 cm
Gullskel	Tapes aureus, Tapes pullastra	Clovisse	Clovisse	3 cm
Hjartaskel	Cardium edule	Coque commune	Coque	3 cm
Risadiskur	Pecten maximus	Coquille St-Jacques	Coquille St-Jacques	10 cm
Ostra	Ostrea edulis	Huître plate	Huître plate	5 cm (3)
Risaostra	Crassostrea gigas	Huître creuse	Huître	30 gr (3) pièce/stk.
Sæeyra	Haliotis tuberculata Haliotis sp.	Ormeau	Oreille de Mer/Ormeau	8 cm
Teppisskel	Tapes decussatus Tapes sp.	Palourde	Palourde	3.5 cm (3)
Skræpudiskur	Chlamys varius Chlamys sp.	Pétoncle	Pétoncle	3.5 cm (3)
Venusskel	Venus verrucosa	Praire	Praire	3 cm (3)

(1) Pour les coquillages, non cités dans cette liste, en provenance ou à destination de la France, la taille marchande est celle fixée par la réglementation française.
Sölustærð skeldýra sem ekki eru talin á listanum og ætluð eru til innflutnings til Frakklands eða útflutnings frá Frakklandi skal vera í samræmi við ákvæði frönsku reglugerðarinnar (Arrêté du 17 février 1965, fixant la taille marchande des coquillages).

(2) Concernant l'espéce „Paracentrotus lividus" la limite est fixée á 3.5 cm.
Varðandi tegundina „Paracentrotus lividus" ígulbróðir, eru mörkin ákveðin 3.5 cm.

(3) Taille speciale pour la Méditerranée.
Sérstök stærð fyrir Miðjarðarhaf.

VIÐAUKI 8

CERTIFICAT D'ORIGINE ET ZOOSANITAIRE RELATIF AUX ECHANGES ENTRE L'ISLANDE ET LA FRANCE DES COQUILLAGES DESTINES A L'ENTREPOSAGE (1) DANS DES STATIONS AGREEES.

VOTTORÐ UM UPPRUNA OG HOLLUSTU VEGNA VIÐSKIPTA MILLI ÍSLANDS OG FRAKKLANDS MEÐ LIFANDI SKELFISK TIL RÆKTUNAR Í VIÐURKENNDUM ELDISSTÖÐVUM (1)

1 - PAYS D'ORIGINE ET AUTORITES QUALIFIEES/UPPRUNALAND OG VIÐURKENNDAR STOFNANIR.
- Pays d'origine/upprunaland: .....
- Ministère compétent/hlutaðeigandi ráðuneyti .....
- .....
- Service/stofnun .....

2 - IDENTIFICATION DES DENREES ET PROVENANCE/LÝSING VÖRUNNAR OG UPPRUNI
- Espèce/tegund:
  nom commercial/vöruheiti: .....
  nom scientifique/fræðiheiti: .....

- Lieux d'élevage ou de pêche/eldissvæði eða veiðistaður .....
- Taille des coquillages/stærð skelja .....
- Poids net total/nettó heildarþyngd .....
- Nature de l'emballage/gerð umbúða .....
- Poids unitaire des colis/brúttóþyngd hverrar einingar .....
- Marques commerciales figurant sur les emballages/merkingar á umbúðum .....
- Nom de l'expéditeur/nafn útflytjanda .....
- Adresse de l'expéditeur/heimilisfang útflytjanda .....
  .....

3 - DESTINATION ET MODE DE TRANSPORT/ÁFANGASTAÐUR OG FLUTNINGSAÐFERÐ
- Lieu d'expédition/útskipunarstaður .....
- Date d'expédition/útskipunardagur .....
- Lieu de destination/áfangastaður .....
- Nome du destinataire/nafn viðtakanda .....
- Mode de transport/flutningsaðferð:
  AIR/FLUG ROUTE/BIFREIÐ FER/LEST MER/SKIP (2)

4 - RENSEIGNEMENTS CONCERNANT L'ETAT ZOOSANITAIRE DES COQUILLAGES/ UPPLÝSINGAR UM HEILBRIGÐI SKELDÝRA

Je, soussigné (nom et titre), certifie que les coquillages désignés ci-dessus proviennent d'une zone où il n'a pas été constaté de mortalités anormales récemment et dans laquelle d'ordinaire les coquillages ne présentent ni affection ni parasite.

Ég undirritaður, (nafn og staða), votta að skeldýr sem hér að ofan er lýst, koma frá svæði þar sem ekki hefur orðið vart við óeðlileg afföll að undanförnu og þar sem að jafnaði finnast hvorki smitnæm sníkjudýr né sjúkdómar í skeldýrum.

Fait à/Gefið út í le/þann

(cachet officiel/opinber stimpill)

(Signature/undirskrift)

(1) Ne seront admis pour l'immersion en station d'entreposage agréée que les coquillages accompagnés du certificat d'origine salubre/Innflutningur skeldýra til eldis í viðurkenndum eldisstöðvum er ekki leyfður nema með fylgi vottorð um uppruna og heilbrigði.

(2) Rayer les mentions inutiles/strikið yfir það sem ekki á við.

AUGLÝSING

um tvísköttunarsamning við Frakkland.

Samningur milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Franska Lýðveldisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, sem undirritaður var í Reykjavík 29. ágúst 1990, og bókun við samninginn, sem undirrituð var sama dag, öðlast gildi 1. júní 1992.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og bókunin sem fylgiskjal 2.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 28. apríl 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Franska lýðveldisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands
og
ríkisstjórn Franska lýðveldisins,
sem óska að gera með sér samning til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.
Aðilar sem samningurinn tekur til

Samningur þessi tekur til aðila sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum ríkjunum.

2. gr.
Skattar sem samningurinn tekur til

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum sem á eru lagðir af hálfu ríkis eða sveitarstjórna þess, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru álagðir.

2. Til skatta af tekjum teljast allir skattar sem lagðir eru á heildartekjur, eða á þætti tekna, þar með taldir skattar af ágóða af sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.

3. Gildandi skattar sem samningurinn tekur til eru:

a) í Frakklandi:
   (i) tekjuskatturinn;
   (ii) félagaskatturinn;

þar með teljast sérhver staðgreiðsluskattur, bráðabirgðagreiðsla (précompte) og fyrirframgreiðsla að því er varðar greinda skatta;
(hér eftir nefndir „franskur skattur“);

b) á Íslandi:
   (i) tekjuskattur til ríkisins;
   (ii) tekjuútsvar til sveitarfélaga;
   (iii) sóknargjald;
   (iv) kirkjugarðsgjald, sem álag á tekjuútsvar til sveitarfélaga;

þar með teljast sérhver staðgreiðsluskattur, bráðabirgðagreiðsla og fyrirframgreiðsla að því er varðar greinda skatta;
(hér eftir nefndir „íslenskur skattur“).

4. Samningurinn skal einnig taka til allra skatta sömu eða svipaðrar tegundar og þeirra sem um getur í 3. tl. þessarar greinar, sem lagðir verða á eftir undirskrift hans til viðbótar eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Bær stjórnvöld í ríkjunum skulu gefa hvort öðru upplýsingar um meiri háttar breytingar sem gerðar hafa verið á skattalöggjöf ríkjanna.

3. gr.

Almennar skilgreiningar

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a) „Frakkland" merkir Evrópuhéruð og handansjávarhéruð Franska lýðveldisins þar með talin landhelgi þess og sérhvert það svæði utan landhelginnar þar sem, í samræmi við þjóðarétt, Franska lýðveldið hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotnsins og botnlaga hans svo og hafsins yfir honum;

b) „Ísland" merkir landssvæði Lýðveldisins Íslands og sérhvert það svæði sem liggur að landhelgi Íslands þar sem, samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við þjóðarétt, Ísland hefur fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðlinda hafsbotnsins og botnlaga hans;

c) „ríki" og „hitt ríkið" merkja Frakkland eða Ísland eftir því sem við á;

d) „aðili" merkir mann, félag og sérhver önnur samtök aðila;

e) „félag" merkir sérhverja persónu að lögum eða sérhverja aðra stofnun sem telst persóna að lögum að því er skatta varðar;

f) „fyrirtæki í ríki" og „fyrirtæki í hinu ríkinu" merkir fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í ríki, og fyrirtæki sem rekið er af aðila, heimilisföstum í hinu ríkinu;

g) „flutningar á alþjóðaleiðum" merkir flutninga með skipi eða loftfari sem rekið er af fyrirtæki sem hefur raunverulega framkvæmdastjórn í ríki, nema því aðeins að skipið eða loftfarið sé eingöngu notað milli staða í hinu ríkinu;

h) „bært stjórnvald" merkir:

(i) að því er Frakkland varðar, ráðherra sem fer með fjárlög eða umboðsmann hans;

(ii) að því er Ísland varðar, fjármálaráðherra eða umboðsmann hans.

2. Við framkvæmd ríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af efninu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind í samningnum, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi ríkis að því er varðar skatta þá sem samningurinn tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti aðila

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í ríki" sérhvern þann aðila sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum. Hugtakið felur þó ekki í sér neinn þann aðila sem eingöngu er skattskyldur í þessu ríki af tekjum sem eiga uppruna sinn í því ríki.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum ríkjunum samkvæmt 1. tl. skal úrskurða málið eftir neðangreindum reglum:

a) maður telst heimilisfastur í því ríki þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum ríkjunum telst hann heimilisfastur í því ríki sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna);

b) ef ekki er unnt að ákvarða í hvoru ríkinu maður hefur miðstöð persónuhagsmuna sinna, eða ef hann á í hvorugu ríkinu fast heimili, telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann dvelst að jafnaði;

c) ef maður dvelst að jafnaði í báðum ríkjunum eða í hvorugu þeirra, telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem hann á ríkisfang;

d) ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu ríkjanna skulu bær stjórnvöld í ríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfesti í báðum ríkjunum samkvæmt 1. tl., telst hann heimilisfastur í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð" fasta atvinnustofnun þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. Hugtakið „föst atvinnustöð“ merkir einkum:
a) aðsetur framkvæmdastjórnar;
b) útibú;
c) skrifstofu;
d) verksmiðju;
e) verkstæði;
f) námu, olíu- eða gaslind, grjótnámu eða annan stað þar sem náttúruauðæfi eru nýtt.

3. Byggingarframkvæmd eða samsetningarvinna telst því aðeins föst atvinnustöð að framkvæmdir standi yfir lengur en tólf mánuði.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar tekur hugtakið „föst atvinnustöð“ ekki til:
a) nýtingar aðstöðu sem einskorðuð er við geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;
b) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;
c) birgðahalds á vörum í eigu fyrirtækisins sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
d) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð í sambandi við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
e) fastrar atvinnustofnunar sem eingöngu er notuð til að annast sérhverja aðra undirbúnings- eða aðstoðarstarfsemi fyrir fyrirtækið;
f) fastrar atvinnustofnunar sem nýtt er eingöngu til að samhæfa starfsemi sem fellur undir staflið a)–e), enda felist öll sú starfsemi sem fram fer í þessari föstu atvinnustofnun vegna þessarar samhæfingar í undirbúnings- eða aðstoðarstörfum.

5. Ef aðili sem ekki er óháður umboðsaðili samkvæmt ákvæðum 6. tl. hefur á hendi starfsemi fyrir fyrirtæki og hefur heimild í ríki til að gera samninga fyrir fyrirtækið, og beitir þessari heimild að jafnaði, er fyrirtæki þetta — þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. — talið hafa fasta atvinnustöð í því ríki vegna hvers konar starfsemi sem aðilinn gegnir fyrir fyrirtækið. Þetta á þó ekki við ef starfsemi þessa aðila er takmörkuð við þá starfsemi sem um ræðir í 4. tl. og sem myndi ekki, þótt innt af hendi á fastri atvinnustofnun, gera þessa föstu atvinnustofnun að fastri atvinnustöð samkvæmt ákvæðum þess töluliðar.

6. Fyrirtæki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í ríki þótt það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan marka venjulegs atvinnurekstrar síns.

7. Þótt félag sem er heimilisfast í ríki stjórni eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu ríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annaðhvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

6. gr.

Tekjur af fasteign

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í ríki hefur af fasteign (þar með taldar tekjur af landbúnaði og nýtingu skógar) sem staðsett er í hinu ríkinu má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „fasteign“ skal skýra í samræmi við lög þess ríkis þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og aðrar náttúruauðlindir. Skip og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. tl. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. tl. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

5. Þegar hlutabréfaeign eða önnur hlutareign í félagi eða sérhverjum öðrum lögaðila veitir eigandanum rétt til hagnýtingar fasteignar sem staðsett er í ríki og er í eigu þessa félags eða annars lögaðila, má skattleggja í því ríki tekjur sem eigandinn hlýtur af beinum notum, leigu eða sérhverri annarri notkun á rétti sínum til hagnýtingar fasteignarinnar.

7. gr.

Tekjur af atvinnurekstri

1. Hagnaður fyrirtækis í ríki er skattskyldur einungis í því ríki nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki sem hagnaðurinn stafar frá nefndri fastri atvinnustöð.

2. Þegar fyrirtæki í ríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort ríkið um sig — nema annað leiði af ákvæðum 3. tl. — telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað, sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld sem leiða af því að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnað við framkvæmdastjórn og venjulegan stjórnunarkostnað, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í ríki að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess skal ekkert í 2. tl. útiloka það ríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu sem tíðkast hefur. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur sem felast í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð eingöngu vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.

6. Við beitingu ákvæða framangreindra töluliða skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs nema fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara í flutningum á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

Hagnaður þessi felur einnig í sér tilfallandi tekjur sem fyrirtækinu hlotnast af notkun gáma til flutnings á vörum í flutningum á alþjóðaleiðum.

2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi, skal hún teljast hafa aðsetur í því ríki þar sem heimahöfn skipsins er, eða ef ekki er um slíka heimahöfn að ræða þá í því ríki þar sem útgerðarmaður skipsins er heimilisfastur.

3. Ákvæði 1. tl. skulu einnig eiga við um hagnað sem hlýst af þátttöku í rekstrarsamvinnu („pool"), sameiginlegu fyrirtæki eða alþjóðlegum rekstrarsamtökum.

9. gr.

Tengd fyrirtæki

Þegar

a) fyrirtæki í ríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu ríkinu, eða

b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í ríki og fyrirtækis í hinu ríkinu,

og í öðru hvoru tilvikinu hlutaðeigandi fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu sem eru frábrugðnir því sem væri ef fyrirtækin væru hvort óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækisins, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

10. gr.

Ágóðahlutir

1. Ágóðahluti, sem félag heimilisfast í ríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu ríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

2. Slíka ágóðahluti má þó einnig skattleggja í því ríki þar sem félagið sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast og eftir löggjöf þess ríkis. Sé móttakandinn hins vegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna má skatturinn sem þannig er álagður eigi vera hærri en:

a) raunverulegi rétthafinn er félag, þó undanskilið sameignarfélag, sem á beint að minnsta kosti 10 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu sem greiðir ágóðahlutina:

i) 5 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna, eða

ii) 15 af hundraði af vergri fjárhæð þeirra ágóðahluta sem úthlutað er af íslensku félagi, að því marki sem ágóðahlutirnir eru frádráttarbærir frá skattskyldugrunni á Íslandi;

b) 15 af hundraði af vergri fjárhæð ágóðahlutanna í öllum öðrum tilvikum.

Ákvæði þessa töluliðar hafa engin áhrif á skattlagningu félagsins, að því er varðar þann hagnað sem ágóðahlutirnir eru greiddir af.

3. a) Aðili heimilisfastur á Íslandi sem móttekur frá félagi heimilisföstu í Frakklandi ágóðahluti sem myndu veita rétt til skattendurgreiðslu („avoir fiscal") ef þeir væru mótteknir af aðila heimilisföstum í Frakklandi, skal eiga rétt á greiðslu frá ríkissjóði Frakklands sem er jafnhá skattendurgreiðslunni („avoir fiscal") enda sé um að ræða frádrátt skatts eins og gert er ráð fyrir í staflið b) 2. tl.

b) Ákvæði stafliðar a) skulu einungis gilda að því er varðar aðila heimilisfastan á Íslandi sem er

i) maður; eða

ii) félag, sem á beint minna en 10 af hundraði eignarhlutdeild í franska félaginu sem greiðir ágóðahlutina; eða

iii) fjárfestingarfélag eða sjóður með heimilisfesti á Íslandi sem ákvæði ii)-tl. þessa stafliðar taka ekki til sem uppfylla þau skilyrði sem sett verða með gagnkvæmu samkomulagi af bærum stjórnvöldum.

c) Ákvæði stafliðar a) skulu ekki gilda um greiðslu frá ríkissjóði Frakklands sem ráð er fyrir gert í þeim staflið, ef móttakandi greiðslunnar er ekki skattskyldur af greiðslunni á Íslandi.

d) Greiðslur frá ríkissjóði Frakklands sem ráð er fyrir gert samkvæmt staflið a) skulu taldar ágóðahlutir við beitingu ákvæða þessa samnings.

4. Aðili heimilisfastur á Íslandi, sem móttekur ágóðahluti greidda af félagi sem er heimilisfast í Frakklandi og ekki á rétt til þeirrar greiðslu frá ríkissjóði Frakklands sem um ræðir í 3. tl., getur fengið endurgreiðslu á þeirri bráðabirgðagreiðslu (précompte) sem innt var af hendi af félaginu í tengslum við þessa ágóðahluti.

Heildarfjárhæð endurgreiddrar bráðabirgðagreiðslu (précompte) skal teljast ágóðahluti við beitingu ákvæða þessa samnings. Fjárhæðin er skattskyld í Frakklandi samkvæmt ákvæðum 2. tl. þessarar greinar.

5. Hugtakið „ágóðahlutir" merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, ágóðahlutaskírteinum og ágóðahlutaréttindum, námuhlutabréfum, stofnbréfum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skuldakröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur sem farið er með sem úthlutun ágóðahluta samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis þar sem félagið sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast.

6. Ákvæði 1., 2. og 3. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi ágóðahlutanna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu þar sem félagið sem greiðir ágóðahlutina er heimilisfast, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og hlutareignin sem ágóðahlutirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

7. Ef félag sem er heimilisfast í ríki fær hagnað eða tekjur frá hinu ríkinu má síðarnefnda ríkið ekki skattleggja ágóðahlutina sem félagið greiðir, nema að því leyti sem ágóðahlutirnir eru greiddir aðila heimilsföstum í síðarnefnda ríkinu eða að því leyti sem hlutareignin sem af eru greiddir ágóðahlutirnir er raunverulega bundin við fasta atvinnustöð eða fasta stofnun í síðarnefnda ríkinu. Síðarnefnda ríkið má ekki skattleggja óúthlutaðan hagnað félagsins, jafnvel þótt óúthlutaði hagnaðurinn hafi myndast að öllu eða nokkru leyti í síðarnefnda ríkinu.

8. Þegar félag heimilisfast í ríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal — þrátt fyrir ákvæði 7. tl. — hagnaður þessarar föstu atvinnustöðvar, í viðbót við félagaskattinn, sæta skattlagningu í samræmi við löggjöf síðarnefnda ríkisins sem þó má ekki hærri vera en 5 hundraðshlutar af hagnaðinum.

11. gr.
Vextir

1. Vextir sem myndast í ríki skulu, ef raunverulegur rétthafi þeirra er aðili heimilisfastur í hinu ríkinu, einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „vextir" merkir í þessari grein tekjur af hvers konar skuldakröfum án tillits til þess hvort þær eru tryggðar með veði í fasteign eða hvort þær fela í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði skuldunautar eða ekki. Hugtakið tekur sérstaklega til tekna af ríkisskuldabréfum og tekna af öðrum skuldabréfum eða skuldarviðurkenningum, þar með talinn gengismunur og ágóði tengdur slíkum verðbréfum, skuldabréfum eða skuldarviðurkenningum. Dráttarvextir vegna vanskila teljast ekki vextir samkvæmt þessari grein.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi vaxtanna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu þar sem vextirnir myndu̇st, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og skuldakrafan sem vextirnir eru greiddir af er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

4. Vextir teljast hafa myndast í ríki þegar greiðandinn er ríkið sjálft, sveitarstjórn, opinber stofnun eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar hins vegar aðilinn, sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í ríki eða ekki, rekur í ríki fasta atvinnustöð eða fasta stofnun og stofnað er til skuldbindingarinnar, sem vextina ber, í sambandi við föstu atvinnustöðina eða föstu stofnunina og vextirnir eru færðir henni til gjalda, þá skulu vextirnir taldir hafa myndast í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

5. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, vaxtafjárhæðin er hærri, miðað við þá skuldakröfu sem hún er greidd af, en sú vaxtafjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors ríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr.
Þóknanir

1. Þóknanir, sem myndast í ríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu ríkinu, skulu, ef þessi aðili er raunverulegur rétthafi þóknananna, einungis skattlagðar í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „þóknanir" í þessari grein merkir hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta hvers konar höfundarrétt á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu, þar með taldar kvikmyndir og mynd- eða hljóðsegulbönd fyrir sjónvarps- eða hljóðvarpssendingar, hvers konar einkaleyfi, vörumerki, mynstur eða líkön, áætlanir, leynilega formúlu eða framleiðsluaðferð, eða fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki þegar raunverulegur rétthafi þóknananna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu þar sem þóknanirnar myndu̇st, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu, og réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

4. Þóknanir teljast hafa myndast í ríki þegar greiðandinn er ríkið sjálft, sveitarstjórn, opinber stofnun eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar hins vegar aðilinn, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í ríki eða ekki, rekur í ríki fasta atvinnustöð eða fasta stofnun, sem réttindin eða eignin sem þóknanirnar stafa frá er raunverulega bundin við og þóknanirnar eru færðar henni til gjalda, þá skulu þóknanirnar taldar hafa myndast í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin eða fasta stofnunin er.

5. Þegar, vegna sérstaks sambands milli greiðanda og raunverulegs rétthafa eða milli þeirra beggja og þriðja aðila, fjárhæð þóknananna er hærri, miðað við þau afnot, réttindi eða upplýsingar sem hún er greiðsla fyrir, en sú fjárhæð sem greiðandi og raunverulegur rétthafi hefðu samið um ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á skal fjárhæðin sem umfram er vera skattskyld í samræmi við löggjöf hvors ríkis um sig að teknu tilliti til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

Söluhagnaður af eignum

1. Hagnað, sem aðili heimilisfastur í ríki hlýtur af sölu fasteignar sem nánar er skilgreind í 6. gr., má skattleggja í því ríki þar sem eignin er staðsett.

Hagnað sem hlýst af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna í félagi eða sérhverjum öðrum lögaðila, sem er eigandi fasteignar sem staðsett er í ríki, má skattleggja í því ríki þegar slíkur hagnaður er háður sömu ákvæðum um skattlagningu eins og hagnaður sem hlýst af sölu fasteignar samkvæmt löggjöf þess ríkis.

2. Hagnað sem hlýst af sölu hlutabréfa eða annarra hlutareigna í félagi, annarra en þeirra sem um ræðir í 2. mgr. 1. tl., sem mynda hlut af verulegri eignarhlutdeild í fjármagni félags sem heimilisfast er í ríki, má skattleggja í því ríki. Veruleg eignarhlutdeild skal talin vera fyrir hendi þegar seljandinn, einn sér eða ásamt sér tengdum aðilum, á beint eða óbeint að minnsta kosti 25 af hundraði eignarhlutdeild í félaginu.

3. Hagnað, sem hlýst af sölu lausafjár sem er hluti atvinnurekstrareigna fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í ríki hefur í hinu ríkinu, eða lausafjár sem tilheyrir fastri stofnun sem aðili heimilisfastur í ríki hefur til þess að leysa af hendi sjálfstæða starfsemi í hinu ríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Sama gildir um hagnað af sölu á slíkri fastri atvinnustöð (einni sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða slíkri fastri stofnun.

4. Hagnað, sem hlýst af sölu skips eða loftfars sem notað er í flutningum á alþjóðaleiðum, eða lausafjár sem tengt er notkun slíks skips eða loftfars, skal einungis skattleggja í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

5. Hagnað, sem hlýst af sölu annarra eigna en getið er í fyrri töluliðum þessarar greinar, skal einungis skattleggja í því ríki þar sem seljandinn er heimilisfastur.

14. gr.

Sjálfstæð starfsemi

1. Tekjur, sem aðili heimilisfastur í ríki hefur af sjálfstæðri starfsemi eða öðru sjálfstæðu starfi, skulu einungis vera skattskyldar í því ríki, nema hann hafi að jafnaði í hinu ríkinu fasta stofnun til þess að leysa af hendi þessi störf sín. Ef hann hefur slíka fasta stofnun má leggja skatt á tekjurnar í hinu ríkinu, en þó einungis þann hluta þeirra sem rekja má til þessarar föstu stofnunar.

2. Hugtakið „sjálfstæð starfsemi“ merkir einkum sjálfstæð störf á sviði vísinda, bókmennta, lista, kennslu- og uppeldismála, svo og sjálfstæð störf lækna, lögfræðinga, verkfræðinga, arkitekta, tannlækna og endurskoðenda.

15. gr.

Launað starf

1. Með þeim undantekningum, sem um ræðir í 16., 18. og 19. gr., skulu starfslaun, vinnulaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í ríki fær fyrir starf sitt, einungis skattlögð í því ríki, nema starfið sé innt af hendi í hinu ríkinu. Ef starfið er innt af hendi þar má skattleggja endurgjaldið fyrir það í síðarnefnda ríkinu.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. tl. skal endurgjald, sem aðili heimilisfastur í ríki fær fyrir starf sem hann innir af hendi í hinu ríkinu, einungis vera skattskylt í fyrrnefnda ríkinu, ef:

a) viðtakandinn dvelur í hinu ríkinu í eitt eða fleiri skipti, þó ekki lengur en 183 daga samtals á tólf mánaða tímabili, og

b) endurgjaldið er innt af hendi af eða fyrir hönd vinnuveitanda sem ekki er heimilisfastur í hinu ríkinu, og

c) endurgjaldið er ekki gjaldfært hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun sem vinnuveitandinn rekur í hinu ríkinu.

3. Tekjur sem kennari eða rannsóknarmaður, sem er eða síðast var fyrir komu sína til ríkis heimilisfastur í hinu ríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis í þeim tilgangi að annast kennslu eða fást við rannsóknir, aflar í tengslum við slík verkefni skulu — með þeim undantekningum sem um ræðir í 19. gr. og þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. tl. — einungis skattskyldar í síðarnefnda ríkinu. Þetta ákvæði skal gilda fyrir tímabil sem ekki fer yfir 24 mánuði frá þeim degi að kennarinn eða rannsóknarmaðurinn kom fyrst til fyrrnefnda ríkisins í þeim tilgangi að kenna eða fást við rannsóknir.

4. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar má skattleggja endurgjald fyrir starf unnið um

borð í skipi í flutningum á alþjóðaleiðum í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

5. Þrátt fyrir framangreind ákvæði þessarar greinar skal endurgjald fyrir starf unnið um borð í loftfari, sem rekið er í flutningum á alþjóðaleiðum af fyrirtæki í ríki, einungis skattskylt í því ríki þar sem viðtakandi endurgjaldsins er heimilisfastur.

16. gr.

Stjórnarlaun

Stjórnarlaun og annað svipað endurgjald, sem aðili heimilisfastur í ríki fær fyrir setu í stjórn eða stjórnarígildi í félagi sem heimilisfast er í hinu ríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu.

17. gr.

Listamenn og íþróttamenn

1. Þrátt fyrir ákvæði 14. og 15. gr. má skattleggja aðila heimilisfastan í ríki af tekjum sem hann aflar í hinu ríkinu af persónulegum störfum sem listamaður, svo sem leikhús- eða kvikmyndaleikari, listamaður í hljóðvarpi eða sjónvarpi eða tónlistarmaður, eða sem íþróttamaður, í síðarnefnda ríkinu.

Þegar listamaður eða íþróttamaður, sem er heimilisfastur í ríki aflar tekna í hinu ríkinu af starfsemi sem tengd er orðstír hans sem atvinnumanns, má skattleggja þessar tekjur í síðara ríkinu.

2. Þegar tekjur sem um er rætt í 1. tl. renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila, má — þrátt fyrir ákvæði 7., 14. og 15. gr. — skattleggja tekjurnar í því ríki þar sem þær mynduðust.

3. Tekjur sem aflað er af listamanni eða íþróttamanni heimilisföstum í ríki af persónulegum störfum sem slíkum í hinu ríkinu skulu — þrátt fyrir ákvæði 1. tl. — einungis skattskyldar í fyrrnefnda ríkinu ef þessi störf í síðarnefnda ríkinu eru styrkt að verulegu leyti af opinberum sjóðum fyrrnefnda ríkisins eða sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess.

4. Þegar tekjur listamanns eða íþróttamanns, heimilisföstum í ríki, af starfi sem framkvæmt er af honum sem slíkum í hinu ríkinu renna ekki til listamannsins eða íþróttamannsins sjálfs heldur til annars aðila, skulu — þrátt fyrir ákvæði 2. tl. þessarar greinar og ákvæða 7., 14. og 15. gr. — þessar tekjur einungis skattskyldar í fyrrnefnda ríkinu, ef þessi annar aðili er styrktur að verulegu leyti af opinberum sjóðum þess ríkis eða sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess ríkis.

18. gr.

Eftirlaun

Eftirlaun og aðrar svipaðar greiðslur, inntar af hendi til heimilisfasts aðila í ríki vegna fyrra starfs hans, skal einungis skattleggja í því ríki, þó með þeirri undantekningu sem um ræðir í 2. tl. 19. gr.

19. gr.

Endurgjald og eftirlaun frá opinberum aðilum

1. a) Endurgjald, að undanteknum eftirlaunum, sem greitt er af ríki, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slíkt endurgjald skal þó einungis skattleggja í hinu ríkinu ef starfið er innt af hendi þar og maðurinn er heimilisfastur í því ríki og:

(i) er ríkisborgari þess ríkis; eða

(ii) tók ekki upp heimilisfesti í því ríki einvörðungu í þeim tilgangi að inna þetta starf af hendi.

2. a) Eftirlaun, sem greidd eru af eða úr sjóðum stofnuðum af ríki, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess til manns fyrir störf hans í þjónustu þessa ríkis, sveitarstjórnar eða opinberrar stofnunar, skal einungis skattleggja í því ríki.

b) Slík eftirlaun skal þó einungis skattleggja í hinu ríkinu ef maðurinn er þar heimilisfastur og er jafnframt ríkisborgari þess ríkis.

3. Ákvæði 15., 16. og 18. gr. skulu gilda um endurgjald og eftirlaun greidd fyrir störf innt af hendi í sambandi við starfsemi sem rekin er af ríki, sveitarstjórn eða opinberri stofnun þess.

20. gr.

Námsmenn og starfsnemar

Námsmaður eða starfsnemi, sem er eða var síðast fyrir komu sína til ríkis heimilisfastur í hinu ríkinu og sem dvelur í fyrrnefnda ríkinu einungis vegna náms síns eða þjálfunar, skal ekki vera skattlagður í því ríki af greiðslum sem hann fær til að standa straum af framfærslu sinni, námi eða þjálfun, enda séu slíkar greiðslur til hans runnar frá aðilum utan þess ríkis.

21. gr.

Aðrar tekjur

1. Tekjur sem aðili heimilisfastur í ríki aflar og ekki er fjallað um hér að framan skal einungis skattleggja í því ríki og skiptir ekki máli hvar þeirra er aflað.

2. Ákvæði 1. tl. gilda ekki um tekjur, aðrar en tekjur af fasteign, sem nánar er skilgreind í 6. gr., þegar móttakandi teknanna er heimilisfastur í ríki og hann rekur starfsemi í gegnum fasta atvinnustöð í hinu ríkinu, eða hann leysir af hendi sjálfstæða starfsemi frá fastri stofnun staðsettri í síðarnefnda ríkinu og réttindin eða eignin sem tekjurnar stafa frá er raunverulega bundin við slíka fasta atvinnustöð eða fasta stofnun. Í því tilviki skulu, eftir því sem við á, ákvæði 7. gr. eða 14. gr. gilda.

22. gr.

Tillög til eftirlaunasjóða

Tillög greidd af eða fyrir mann, sem er heimilisfastur í ríki eða dvelur um stundarsakir í ríkinu, til eftirlaunasjóðs sem er viðurkenndur af bærum stjórnvöldum í hinu ríkinu þar sem maðurinn hafði áður verið heimilisfastur, skal með farið í fyrrnefnda ríkinu á sama hátt og tillög greidd eftirlaunasjóðum sem viðurkenndir eru af bærum stjórnvöldum í því ríki, ef þessi bæru stjórnvöld samþykkja viðurkenninguna sem veitt var eftirlaunasjóðunum í hinu ríkinu.

23. gr.

Aðferð til að komast hjá tvísköttun

Komast skal hjá tvísköttun á eftirfarandi hátt:

Þegar aðili heimilisfastur í ríki aflar rauntekna sem samkvæmt ákvæðum samnings þessa eru skattskyldar í hinu ríkinu má fyrrnefnda ríkið einnig skattleggja þessar tekjur. Álagður skattur í síðarnefnda ríkinu skal ekki vera frádráttarbær við ákvörðun skattskyldra tekna í fyrrnefnda ríkinu. Aðili heimilisfastur í fyrrnefnda ríkinu skal þó eiga rétt á frádrætti frá þeim skatti sem myndaðist af því að slíkar tekjur voru innifaldar í grundvelli skattsins í því ríki. Þessi frádráttur frá skatti í fyrrnefnda ríkinu skal vera jafnhár:

— Þegar um er að ræða tekjur samkvæmt 10., 16. og 17. gr., þeirri fjárhæð skatts sem á var lagður í síðarnefnda ríkinu samkvæmt ákvæðum þessara greina. Frádráttur þessi skal þó ekki hærri vera en fjárhæð skattsins í fyrrnefnda ríkinu sem svarar til þessara tekna;

— Þegar um er að ræða aðrar tekjur, þeirri fjárhæð skatts í fyrrnefnda ríkinu sem svarar til þessara tekna. Þetta ákvæði nær einnig til endurgjalds og eftirlauna sem um ræðir í 19. gr.

24. gr.

Jafnrétti

1. Ríkisborgarar ríkis skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu ríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður. Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. gildir þetta ákvæði einnig um aðila sem ekki eru heimilisfastir í öðru hvoru eða báðum ríkjunum.

2. Hugtakið „ríkisborgarar“ merkir:

a) alla menn sem hafa ríkisfang í ríki;

b) allar persónur að lögum, sameignarfélög og samtök sem byggja réttarstöðu sína á gildandi lögum í ríki.

3. Ríkisfangslausir aðilar sem eru heimilisfastir í ríki skulu ekki sæta annarri eða þyngri skattlagningu eða kröfum í því sambandi í hinu ríkinu en ríkisborgarar þess ríkis sæta eða gætu sætt við sömu aðstæður.

4. Skattlagning fastrar atvinnustöðvar sem fyrirtæki í ríki hefur í hinu ríkinu skal ekki vera óhagstæðari í síðarnefnda ríkinu en skattlagning á fyrirtæki í því ríki sem hafa sams konar starfsemi með höndum.

5. Eigi ákvæði 9. gr., 5. tl. 11. gr. eða 5. tl. 12. gr. ekki við skulu vextir, þóknun og aðrar greiðslur frá fyrirtæki í ríki til aðila heimilisfasts í hinu ríkinu vera frádráttarbærar við ákvörðun skattskyldra tekna slíks fyrirtækis eftir sömu reglum og greiðslur til aðila heimilisfasts í fyrrnefnda ríkinu.

6. Þótt fjármagn fyrirtækja í ríki sé að öllu eða nokkru leyti, beint eða óbeint, í eigu eða stjórnað af einum eða fleirum aðilum, sem eru heimilisfastir í hinu ríkinu, skulu þau ekki vera háð annarri eða þyngri skattlagningu eða öðrum skyldum í því sambandi í fyrrnefnda ríkinu en fyrirtæki svipaðrar tegundar í því ríki eru eða gætu orðið háð.

7. Engin ákvæði þessarar greinar skal túlka á þann veg að þau geti hindrað ríki í því að beita frábrugðnum skattalegum reglum gagnvart aðilum heimilisföstum í ríkinu annars vegar og aðilum sem ekki eru heimilisfastir í ríkinu hins vegar og í því að veita eingöngu heimilisföstum aðila eða aðila sem ekki er heimilisfastur undanþágur, afslætti, lækkanir eða ívilnanir í skatti.

8. Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. gilda ákvæði þessarar greinar um hvers konar skatta, hverju nafni sem þeir nefnast.

25. gr.

Framkvæmd gagnkvæms samkomulags

1. Þegar aðili telur að ráðstafanir sem gerðar eru af öðru hvoru eða báðum ríkjunum leiði til eða muni leiða til skattlagningar að því er hann varðar sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa, getur hann, án þess að það raski rétti hans til að færa sér í nyt réttarvernd sem löggjöf þessara ríkja kveður á um, lagt málið fyrir bært stjórnvald í því ríki þar sem hann er heimilisfastur eða, falli mál hans innan ákvæða 1. tl. 24. gr., í því ríki þar sem hann er ríkisborgari. Málið verður að vera lagt fyrir innan þriggja ára frá móttöku fyrstu tilkynningar um þá aðgerð sem leiddi til skattlagningar sem ekki telst í samræmi við ákvæði samnings þessa.

2. Ef bært stjórnvald telur að mótmælin séu á rökum reist en getur þó ekki sjálft leyst málið á viðunandi hátt skal það leitast við að leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi við bært stjórnvald í hinu ríkinu í því skyni að komist verði hjá skattlagningu sem ekki er í samræmi við ákvæði samnings þessa. Sérhvert samkomulag sem gert verður skal framkvæmt þrátt fyrir ákvæði um tímafresti í innlendri löggjöf beggja ríkjanna.

3. Bær stjórnvöld í ríkjunum skulu með gagnkvæmu samkomulagi leitast við að leysa sérhvern vanda eða vafaatriði varðandi skýringu eða beitingu ákvæða samningsins. Þau geta einnig ráðgast sín á milli í því skyni að komast hjá tvísköttun í tilvikum sem ekki er fjallað um í samningnum.

4. Bær stjórnvöld í ríkjunum geta haft beint samband sín á milli í því skyni að gera samkomulag í samræmi við það sem um er rætt í þessari grein. Þegar æskilegt virðist að fram fari munnlegar umræður til þess að samkomulag náist geta slíkar umræður farið fram í nefnd sem skipuð er fulltrúum bærra stjórnvalda beggja ríkjanna.

5. Bær stjórnvöld ríkjanna skulu með gagnkvæmu samkomulagi ákvarða nánari reglur um beitingu samnings þessa og, sérstaklega, um þau skilyrði sem aðilar heimilisfastir í ríki þurfa að uppfylla til að njóta í hinu ríkinu þeirra ívilnana eða undanþága sem um ræðir í samningi þessum.

26. gr.

Skipti á upplýsingum

1. Bær stjórnvöld í ríkjunum skulu skiptast á þeim upplýsingum sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar ákvæða samnings þessa eða innlendrar löggjafar ríkjanna varðandi þá skatta sem samningurinn tekur til að því leyti sem viðkomandi skattlagning er í samræmi við samninginn. Upplýsingaskiptin eru ekki takmörkuð af 1. gr.

Allar upplýsingar mótteknar af ríki skal með fara sem trúnaðarmál á sama hátt og upplýsingar sem aflað er samkvæmt innlendri löggjöf þess ríkis og skal eingöngu gera kunnar aðilum eða stjórnvöldum (þar með töldum dómstólum og framkvæmdaraðilum) sem hafa með höndum ákvörðun eða innheimtu á þeim sköttum eða fullnustu- eða ákæruvald varðandi þá skatta, sem samningurinn tekur til. Þessir aðilar eða stjórnvöld skulu nota upplýsingarnar eingöngu í greindum tilgangi. Þeir mega þó gera þessar upplýsingar opinberar við málarekstur fyrir dómstólum eða í dómsniðurstöðum.

2. Ákvæði 1. tl. skal í engu tilviki skýra þannig að þau leggi á ríki skyldu til:

a) að framkvæma stjórnarráðstafanir sem víkja frá löggjöf eða stjórnvenju þess sjálfs eða hins ríkisins,

b) að láta í té upplýsingar sem ekki er unnt að afla samkvæmt löggjöf eða eðlilegri stjórnvenju þess sjálfs eða hins ríkisins,

c) að láta í té upplýsingar, sem mundu ljóstra upp leyndarmálum eða framleiðsluaðferðum á sviði atvinnumála, viðskipta, iðnaðar, verslunar eða annarrar starfsemi, svo og upplýsingar sem gagnstætt er almenningshagsmunum (ordre public) að gefa.

27. gr.

Sendierindrekar og ræðiserindrekar

1. Ákvæði samnings þessa skulu ekki hafa áhrif á skattaívilnanir sem sendiráðsmenn og heimilisfólk þeirra, starfsmenn ræðisstofnana eða starfsmenn fastanefnda alþjóðastofnana njóta samkvæmt almennum þjóðréttarreglum eða ákvæðum sérstakra samninga.

2. Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. skal maður, sem er sendiráðsmaður, starfsmaður ræðisstofnunar eða fastanefndar ríkis sem er staðsett í hinu ríkinu eða í þriðja ríki, talinn vera heimilisfastur í sendiríkinu við beitingu ákvæða samnings þessa, ef:

a) hann, í samræmi við þjóðarétt, er ekki skattskyldur í móttökuríkinu af tekjum sem eiga uppruna sinn utan þess ríkis, og

b) hann er í sendiríkinu háður sömu skyldum að því er varðar skatta á heildartekjur sínar eins og aðilar heimilisfastir í því ríki.

3. Samningur þessi skal ekki taka til alþjóðastofnana, deilda þeirra eða starfsliðs, né heldur til aðila sem eru sendiráðsmenn, starfsmenn ræðisstofnunar eða starfsmenn fastanefnda þriðja ríkis, sem staðsettir eru í ríki, en eru í hvorugu ríkjanna taldir heimilisfastir þar að því er varðar skatta á tekjur.

28. gr.

Landfræðileg rýmkun

1. Rýmka má gildissvið samnings þessa, annaðhvort í heild eða með nauðsynlegum breytingum, þannig að hann nái til handansjávaryfirráðasvæða og annarra handansjávarsveitarstjórna Franska lýðveldisins sem leggja á skatta sem eru að verulegu leyti svipaðrar tegundar og þeir skattar sem samningurinn tekur til. Allar slíkar rýmkanir skulu taka gildi frá þeim degi sem ákvarðaður og samþykktur verður af ríkjunum með erindaskiptum eftir diplómatískum leiðum eða á sérhvern annan hátt sem er í samræmi við ákvæði stjórnarskrár þeirra. Þetta samkomulag skal einnig fastsetja nauðsynlegar breytingar á samningnum og skilyrði um beitingu hans gagnvart þeim handansjávaryfirráðasvæðum og handansjávarsveitarstjórnum sem rýmkunin nær til.

2. Nema ríkin semji um annað skal uppsögn samningsins af hálfu annars hvors ríkjanna samkvæmt 30. gr. einnig fella úr gildi á sama hátt og fyrir er mælt í þeirri grein beitingu samningsins gagnvart sérhverju yfirráðasvæði og sveitarstjórn sem rýmkunin hafði náð til samkvæmt grein þessari.

29. gr.

Gildistaka

1. Hvort ríkjanna um sig skal tilkynna hinu ríkinu að nauðsynlegri málsmeðferð að því er varðar gildistöku samningsins hafi verið lokið. Samningurinn skal taka gildi á fyrsta degi annars mánaðar sem fylgir næst á eftir þeim degi þegar síðari tilkynningin hefur verið móttekin.

2. Ákvæðum hans skal fyrst beitt:

a) að því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er frá og með fyrsta degi þess mánaðar sem fylgir næst á eftir þeim degi sem samningurinn tók gildi;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, á tekjur sem aflað er á því almanaksári eða reikningsári sem hefst frá og með fyrsta degi þess almanaksárs sem fylgir næst á eftir því ári sem samningurinn tók gildi.

3. Ákvæðum samnings milli ríkisstjórnar Franska lýðveldisins og ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands frá 8. maí 1981 til þess að komast hjá tvísköttun á sviði loftflutninga skal ekki beita varðandi þá skatta sem samningur þessi tekur til samkvæmt ákvæðum 2. tl. og skal fyrrnefndur samningur falla úr gildi á síðasta degi sem unnt er að beita ákvæðum hans.

30. gr.

Uppsögn

1. Samningur þessi skal gilda um ótiltekinn tíma. Hvort ríkjanna um sig getur þó, eftir að liðin eru fimm ár frá þeim degi sem samningurinn öðlast gildi, sagt samningnum upp eftir diplómatískum leiðum með skriflegri tilkynningu um uppsögn samningsins eigi síðar en sex mánuðum fyrir lok hvers almanaksárs.

2. Í slíku tilviki skal hætt að beita ákvæðum hans:

a) því er tekur til staðgreiðslu- eða afdráttarskatta, á tekjur sem aflað er frá og með fyrsta degi þess almanaksárs sem fylgir næst á eftir því ári;

b) að því er tekur til annarra skatta á tekjur, á tekjur sem aflað er á því almanaksári eða reikningsári sem hefst frá og með fyrsta degi þess almanaksárs sem fylgir næst á eftir því ári.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í tvíriti í Reykjavík 29. ágúst 1990 á íslensku og frönsku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands:	Fyrir hönd ríkisstjórnar Franska lýðveldisins:
Jón Baldvin Hannibalsson	Edwige Avice

Fylgiskjal 2.

BÓKUN

Við undirritun samnings þess sem gerður hefur verið milli ríkisstjórnar Lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Franska lýðveldisins til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur, hafa undirritaðir komið sér saman um eftirfarandi ákvæði sem eru óskiptur hluti af samningnum:

1. a) Með vísan til 1. og 2. tl. 7. gr. skal hagnaður, sem fyrirtæki í ríki aflar af vörusölu eða atvinnurekstri í hinu ríkinu frá fastri atvinnustöð þar, ekki ákvarðaður á grundvelli móttekinnar heildarfjárhæðar af hálfu fyrirtækisins, heldur eingöngu á grundvelli þeirra tekna sem eru tengdar raunverulegri starfsemi föstu atvinnustöðvarinnar við slíka vörusölu eða atvinnurekstur.

Þegar um er að ræða samninga, sérstaklega að því er tekur til rannsóknar, útvegunar, samsetningar eða byggingar iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnaðar eða bygginga eða opinberra framkvæmda, skal hagnaður fastrar atvinnustöðvar fyrirtækis ekki ákvarðaður á grundvelli heildarfjárhæðar samningsins heldur eingöngu á grundvelli þess hluta samningsins sem er raunverulega framkvæmdur af föstu atvinnustöðinni í því ríki þar sem fasta atvinnustöðin er. Hagnaður tengdur þeim hluta samningsins sem framkvæmdur er í því ríki þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur skal einungis skattlagður í því ríki.

b) Með vísan til 1. tl. 7. gr. skulu hvers konar greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnot eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað teljast tekjur fyrirtækisins sem um skulu gilda ákvæði 7. gr.

2. Með vísan til 2. tl. 12. gr. skulu greiðslur, sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir tæknilega þjónustu, þ.m.t. athugun eða rannsókn vísindalegs, jarðfræðilegs eða tæknilegs eðlis eða fyrir samninga um verkfræðistörf þ.m.t. framkvæmdaráætlanir sem tengjast þeim eða fyrir ráðgjafa- eða eftirlitsþjónustu, ekki teljast vera greiðslur sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir upplýsingar um reynslu á sviði iðnaðar, viðskipta eða vísinda.

3. Með vísan til 24. gr.:

a) ekkert í 1. tl. skal koma í veg fyrir að Frakkland geti takmarkað við aðila með franskan ríkisborgararétt skattfrelsi af söluhagnaði af sölu fasteignar eða hluta fasteignar, sem myndaði búsetu í Frakklandi hjá frönskum aðilum sem ekki eru heimilisfastur í Frakklandi, skv. c-lið 150. gr. skattalaganna („Code général des impôts“);

b) ekkert í 5. tl. skal koma í veg fyrir að Frakkland geti beitt ákvæðum 212. gr. skattalaganna („Code général des impôts") að því er varðar greiðslu vaxta frá frönsku fyrirtæki til erlends eignarhaldsfélags.

4. Í því tilviki að samningnum sé sagt upp, skal ákvæðunum er varða aðferð til að komast hjá tvísköttun, framkvæmd gagnkvæms samkomulags og skipti á upplýsingum beitt áfram eftir þann dag sem uppsögnin tók gildi, að því er tekur til skatta á tekjur sem um er rætt í samningnum.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa fulltrúar, sem til þess höfðu fullt umboð, undirritað bókun þessa.

Gjört í tvíriti í Reykjavík 29. ágúst 1990 á íslensku og frönsku og skulu báðir textarnir jafngildir.

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Lýðveldisins Íslands:

Jón Baldvin Hannibalsson

Fyrir hönd ríkisstjórnar
Franska lýðveldisins:

Edwige Avice

Nr. 9 20. maí 1992

AUGLÝSING

um breytingu á stofnskrá Evrópuráðsins vegna aðildar Búlgaríu.

Samkvæmt heimild í 41. gr. d. lið stofnskrár Evrópuráðsins frá 5. maí 1949 var við aðild Búlgaríu að ráðinu gerð breyting á 26. gr. stofnskrárinnar varðandi fjölda fulltrúa á Ráðgjafarþingi Evrópuráðsins, sbr. auglýsingu í A-deild Stjórnartíðinda nr. 74/1950. Var ákveðið að Búlgaría skyldi öðlast rétt á sex þingfulltrúum. Breyting þessi tók gildi 7. maí 1992.

26. gr. stofnskrárinnar með áorðnum breytingum er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

Hið breytta orðalag 26. gr. hljóðar svo:

„Eftirtalin ríki skulu eiga rétt á tölu fulltrúa sem hér segir:

Austurríki	6
Belgía	7
Búlgaría	6
Kýpur	3
Tékkóslóvakía	8
Danmörk	5
Finnland	5
Frakkland	18
Þýskaland	18

The amended text of Article 26 is worded as follows:

"Members shall be entitled to the number of Representatives given below:

Austria	6
Belgium	7
Bulgaria	6
Cyprus	3
Czechoslovakia	8
Denmark	5
Finland	5
France	18
Germany	18

Grikkland	7	Greece	7
Ungverjaland	7	Hungary	7
Ísland	3	Iceland	3
Írland	4	Ireland	4
Ítalía	18	Italy	18
Liechtenstein	2	Liechtenstein	2
Lúxemborg	3	Luxembourg	3
Malta	3	Malta	3
Holland	7	Netherlands	7
Noregur	5	Norway	5
Pólland	12	Poland	12
Portúgal	7	Portugal	7
San Marino	2	San Marino	2
Spánn	12	Spain	12
Svíþjóð	6	Sweden	6
Sviss	6	Switzerland	6
Tyrkland	12	Turkey	12
Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður Írlands	18“	United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland	18”

AUGLÝSING

um samstarfssamning við Efnahagsbandalag Evrópu um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH).

Hinn 18. maí 1992 var Efnahagsbandalagi Evrópu tilkynnt um staðfestingu Íslands á samstarfssamningi milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH) sem undirritaður var í Brussel 16. mars 1992. Samningurinn öðlaðist gildi 18. maí 1992.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 20. maí 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Fylgiskjal.

SAMSTARFSSAMNINGUR
milli lýðveldisins Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála: Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópsk áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH)

Lýðveldið Ísland, hér á eftir nefnt „Ísland" og
Efnahagsbandalag Evrópu, hér á eftir nefnt „bandalagið",
sem hér á eftir eru nefnd „samningsaðilar",

ÞAR SEM bandalagið og Ísland gerðu með sér rammasamning um samvinnu á sviði vísinda og tækni er gekk í gildi 6. júní 1990;

ÞAR SEM ráð Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnt „ráðið", samþykkti, með ákvörðun 89/625/EBE, tvær áætlanir til nokkurra ára um rannsóknir og tækniþróun á sviði umhverfismála (1989 til 1993): Vísindi og tækni til verndar umhverfinu (STEP) og Evrópska áætlun um veðurfarsfræði og náttúruvá (EPOCH), hér á eftir nefndar „áætlanir bandalagsins";

ÞAR SEM aðild Íslands að áætlunum bandalagsins getur stuðlað að því að efla gagnsemi þeirra rannsókna sem samningsaðilarnir standa fyrir á sviði umhverfisverndar og geta komið í veg fyrir óþarfa tvíverknað;

ÞAR SEM líklegt er að yfirstandandi viðræður milli bandalagsins og EFTA-ríkjanna um evrópskt efnahagssvæði skili árangri á sviði rannsókna og tækniþróunar ættu samningsaðilarnir að leitast við að finna leiðir til að halda áfram samvinnu um rannsóknir og tækniþróun er lýtur að umhverfismálum þar sem hliðsjón er höfð af þessari framvindu;

ÞAR SEM bandalagið og Ísland gera ráð fyrir gagnkvæmum hag af aðild Íslands að áætlunum bandalagsins,

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ísland tengist hér með framkvæmd áætlana bandalagsins frá 20. nóvember 1989 eins og greint er frá í viðauka A. Framkvæmd þessi og hlutur bandalagsins í að fjármagna þær er að finna í viðauka B.

2. gr.

Fjárframlag Íslands, sem leiðir af þátttöku þess í framkvæmd áætlana bandalagsins, skal ákveðið í hlutfalli við þá upphæð sem á ári hverju er færð á heildarfjárlög Evrópubandalagsins til fjárveitinga fyrir skuldbindingar sem framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórnin", hefur tekist á herðar og stafa af starfi sem unnið er innan ramma rannsóknarsamninga, þar sem kostnaði er skipt, sem nauðsynlegir eru til að hrinda áætlunum bandalagsins í framkvæmd, og af rekstrarkostnaði vegna stjórnunar og umsýslu téðra áætlana.

Hlutfallsstuðullinn sem ræður framlagi Íslands skal fundinn með því að ákvarða hlutfallið milli vergrar landsframleiðslu Íslands á markaðsverðlagi og samanlagri vergri landsframleiðslu aðildarríkja bandalagsins og Íslands á markaðsverðlagi. Þetta hlutfall verður reiknað út á grundvelli nýjustu tiltækra hagtalna hjá Efnahagssamvinnu- og framfarastofnuninni (OECD).

Það fjármagn sem áætlað er að þurfi til að framkvæma áætlanir bandalagsins, upphæðina sem Ísland leggur fram og tímaáætlun um áætlaðar skuldbindingar er að finna í viðauka C.

Reglur um fjárframlag Íslands er að finna í viðauka D.

3. gr.

1. Samkvæmt samningi þessum er hér með sett á stofn samstarfsnefnd, hér á eftir kölluð „nefndin", til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að koma í framkvæmd sérstökum áætlunum um rannsóknir og þróun á sviði umhverfismála (STEP og EPOCH) sem samþykktar voru með ákvörðun ráðsins 89/625/EBE.

2. Nefndina skipa fulltrúar frá bandalaginu og Íslandi.

3. Leita skal álits nefndarinnar á öllum málum sem snerta framkvæmd þessa samnings. Skal hún leggja fram tillögur í þessu skyni.

4. Fulltrúi bandalagsins skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmi milli framkvæmdar þessa samnings og ákvarðana sem bandalagið tekur um framkvæmd áætlana bandalagsins.

5. Í þeim tilgangi að framkvæmd þessa samnings verði eins og til er ætlast skulu samningsaðilar skiptast á upplýsingum og, að beiðni annars hvors samningsaðila, ráðgast innan nefndarinnar.

6. Nefndin setur sér sínar eigin starfsreglur og hún skal halda fundi að beiðni annars hvors samningsaðila í samræmi við þau skilyrði sem kveðið verður á um í starfsreglum hennar.

4. gr.

Um íslenskar rannsókna- og þróunarstofnanir og einstaklinga skulu skilmálar og skilyrði fyrir umsóknum og mati á tillögum og skilmálar og skilyrði fyrir því að samþykkja og gera samninga samkvæmt áætlunum bandalagsins einskorðast við samninga samkvæmt sömu áætlun. Einkum skal almennum ákvæðum sem gilda um samninga vegna rannsókna innan bandalagsins beitt samkvæmt þessari grein, með nauðsynlegum breytingum, þegar um er að ræða samninga sem gerðir eru vegna rannsókna sem íslenskar rannsókna- og þróunarstofnanir og einstaklingar á sviði rannsóknar og þróunar standa að, hvað snertir skatta og tolla svo og hagnýtingu á rannsóknaniðurstöðum.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin skal senda til Íslands eintak af skýrslum þeim sem gerðar eru samkvæmt 4. gr. ákvörðunar ráðsins 89/625/EBE.

6. gr.

Samningsaðilar skuldbinda sig til að greiða fyrir flutningi og búsetu þeirra starfsmanna sem taka þátt í aðgerðum sem samningur þessi nær til á Íslandi og innan bandalagsins í samræmi við viðeigandi reglur og reglugerðir hvors samningsaðila um sig.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin og menntamálaráðuneyti Íslands skulu tryggja framkvæmd þessa samnings.

8. gr.

Viðaukar A, B, C og D við þennan samning skulu vera óaðskiljanlegur hluti hans.

9. gr.

1. Samningur þessi gildir þar til áætlunum bandalagsins er lokið.

Ef bandalagið endurskoðar áætlanir bandalagsins má segja samningnum upp samkvæmt skilmálum sem gagnkvæmt samkomulag er um. Íslandi skal tilkynnt um alla efnisþætti hinnar endurskoðuðu áætlunar í einstökum atriðum innan viku frá samþykkt hennar af hálfu bandalagsins. Samningsaðilar skulu tilkynna hvor öðrum innan þriggja mánaða frá samþykki ákvörðunar bandalagsins ef uppsögn samningsins er fyrirsjáanleg.

2. Þegar bandalagið samþykkir nýja áætlun um rannsóknir og tækniþróun á sviði umhverfismála má semja um samninginn að nýju eða endurnýja samkvæmt skilyrðum sem gagnkvæmt samkomulag er um.

3. Hvor samningsaðili um sig getur sagt samningnum upp hvenær sem er með sex mánaða fyrirvara, sbr. þó 1. tl. Verkefnum þeim og starfi sem unnið er að þegar uppsögn samningsins tekur gildi og/eða hann rennur út skal haldið áfram þar til þeim er lokið, með þeim skilmálum sem kveðið er á um í samningi þessum.

10. gr.

Samningur þessi skal samþykktur af samningsaðilum í samræmi við gildandi reglur hjá hvorum aðila.

Hann skal öðlast gildi á þeim degi þegar samningsaðilarnir hafa tilkynnt hvor öðrum að nauðsynlegum formsatriðum í þessu skyni hafi verið framfylgt.

11. gr.

Samningur þessi skal gilda annars vegar á þeim svæðum þar sem stofnsamningur Efnahagsbandalags Evrópu er í gildi og samkvæmt þeim skilmálum sem þar er kveðið á um og hins vegar á landssvæði lýðveldisins Íslands.

12. gr.

Samningur þessi skal gerður í tvíriti á íslensku, dönsku, ensku, frönsku, grísku, hollensku, ítölsku, portúgölsku, spænsku og þýsku og skulu allir textarnir jafngildir.

Fyrir ríkisstjórn lýðveldisins Íslands	Fyrir hönd ráðs Evrópubandalaganna
Hannes Hafstein	José Sésar Paulorn Das Neves Philippo Maria Pandolfi

Viðauki A

Áætlun bandalagsins á sviði vísinda og tækni til verndar umhverfinu (STEP) (1989 til 1993)

Áætlun bandalagsins skal fást við eftirfarandi rannsóknarsvið.

Tilvísun í efnisliði sem eru undir eftirfarandi níu meginflokkum rannsókna er ætlað að gefa vísbendingu:

	Vísbending um skiptingu
1. rannsóknarsvið	
Umhverfi og heilsa almennings	5%
1.1. Þróun líffræðilegra ábenda um útsetningu og forstigseinkenni	
1.2. Þróun umhverfisfaraldsfræði innan Evrópubandalagsins	
1.3. Loftgæði innanhúss og áhrif þess á manninn	
2. rannsóknarsvið	
Mat á áhættu í tengslum við efni	10%
2.1. Þróun og fullgilding reglna og aðferða til að meta heilsufarsáhættu	
2.2. Aðrar leiðir við að prófa efni en að nota dýr til þess	
2.3. Aðferðir við að meta ólífrænt niðurbrot efna	
2.4. Rannsóknir um mat á vistfræðilegum áhrifum efna	
2.5. Endurbætur og beiting á magnbundnum tengslum byggingar/starfsemi (QSAR)	
3. rannsóknarsvið	
Ferli í gufuhvolfi og loftgæði	20%
3.1. Efnafræði veðrahvolfsins, þ.m.t. greining, upptök, flutningur og dreifing mengunarefna og annarra efna sem berast í lofti	
3.2. Efnafræði heiðhvolfsins, eyðing ósónlagsins og tengd málefni	
3.3. Áhrif loftmengunar á vistkerfi lands og vatns	
4. rannsóknarsvið	
Vatnsgæði	5%
4.1. Greining og umbreyting mengunarefna	
4.2. Áhrif mengunarefna	
5. rannsóknarsvið	
Verndun jarðvegs og grunnvatns	8%
5.1. Verndun gegn ólífrænum mengunarefnum	
5.2. Verndun gegn lífrænum mengunarefnum	
5.3. Áhrif af landbúnaði og skógrækt	
6. rannsóknarsvið	
Rannsóknir á vistkerfum	12%
6.1. Vistkerfi á landi	
6.2. Vistkerfi í vatni og við strendur (þ.m.t. votlendi)	

7. rannsóknarsvið

Verndun evrópskrar menningararfleifðar 8%
7.1. Mat á aflrænum þáttum eyðingarinnar
7.2. Mikilvægir umhverfisþættir
7.3. Mat á skaða
7.4. Einkenni byggingarefna
7.5. Tækni til verndunar

8. rannsóknarsvið

Tækni í þágu umhverfisverndar 12%
8.1. Rannsóknir á úrgangi
8.2. Hreinsun útblásturs og útstreymis
8.3. Vistarvæn tækni

9. rannsóknarsvið

Stórfelld tæknileg vá og öryggi gegn eldhættu 20%
9.1. Eðlis og efnafræðileg fyrirbæri
9.2. Tækni til að koma í veg fyrir slys
9.3. Mat og stjórnun á áhættuþáttum

Samtals 100%

Áætlun bandalagsins á sviði veðurfarsfræði og náttúruváar (EPOCH) (1989 til 1993)

Áætlun bandalagsins skal fást við eftirfarandi rannsóknarsvið.

Tilvísun í efnisliði sem eru undir eftirfarandi fjórum meginflokkum rannsókna er ætlað að gefa vísbendingu:

	Vísbending um skiptingu
1. rannsóknarsvið	
Veðurfar fortíðarinnar og veðurfarsbreytingar	15%
1.1. Gerð reiknilíkana um afbrigðileg fyrirbæri (svo sem ísaldir)	
1.2. Tímabundin mynstur veðurfars í Evrópu: upplýsingar og gerð reiknilíkana (langtímasveiflur í tengslum við magn koldíoxíðs (CO_2) í andrúmslofti)	
2. rannsóknarsvið	
Veðurfarsferli og reiknilíkön	30%
2.1. Athuganir á veðurfarsbreytingum, gerð reiknilíkana og spár, einkum í tengslum við gróðurhúsaáhrif	
2.2. Kolefnishringrás jarðar (rannsóknir á uppsprettum og svelgum koldíoxíðs (CO_2))	
2.3. Áhrif yfirborðs lands (yfirfærsla á orku, massa og hreyfiafli milli jarðvegs, gróðurs og andrúmslofts)	
2.4. Veðurfarslegir þættir breytinga á ósónstyrk og víxlverkan milli veðrahvolfs og heiðhvolfs	
2.5. Hlutverk skýja í veðurfarskerfum	
2.6. Hringrás í höfum og rannsóknir á varmaflæði milli lofts og lagar til að gera veðurfarslíkön	
2.7. Frerafræðileg ferli (myndun og stöðugleiki landíss og hafíslaga)	
3. rannsóknarsvið	
Veðurfarsleg áhrif og hættur tengdar veðurfari	40%
3.1. Sjávarstöðubreytingar (þættir, hraði og afleiðingar)	

3.2. Veðurfarsleg áhrif á auðlindir á landi og í vatni (evrópskar nytjaplöntur, skógar og vatnsframboð og -birgðir á tímum veðurfarsbreytinga)
3.3. Rýrnun landgæða í Evrópu og myndun eyðimarka á tímum veðurfarsbreytinga
3.4. Óstöðugleiki og vindrof í náttúrulegum hlíðum (einkum þættir er snerta skriðuföll, aflrænir þættir og áhrif)
3.5. Stormar og flóð í samhengi við veðurfarsbreytingar (skilningur, fyrirbyggjandi aðgerðir og aðferðir til að draga úr áhrifum; aðferðir til að spá fyrir um slíkt og eftirlit)
3.6. Eldar í náttúrunni (skilningur á þeim aðstæðum sem helst valda þeim eða koma í veg fyrir þá; spár um hversu alvarlegir þeir verða og hve oft)

4. rannsóknarsvið

Jarðskjálftavá 15%
4.1. Mælingar á sterkri hreyfingu (hröðun og hraði bergs í hörðum jarðskjálftum)
4.2. Evrópskar gagnamiðstöðvar og upplýsingaþjónusta (net til að safna og miðla gögnum um jarðskjálfta)
4.3. Þverfaglegar rannsóknir á jarðskjálftaspám (að finna og meta undanfara jarðskjálfta)
4.4. Áhættumat, þ.m.t. aðferðir til að meta hversu viðkvæm hús, samgönguleiðir, sögulegar byggingar og minnismerki eru fyrir jarðskjálftum
4.5. Stofnun starfshóps um vísindarannsóknir á staðnum eftir jarðskjálfta sem valda miklu tjóni

Samtals 100%

Viðauki B

Framkvæmd áætlana og hlutur bandalagsins í að fjármagna þær

Framkvæmd áætlananna skal felast í:
(i) rannsóknarsamningum þar sem kostnaði er skipt;
(ii) samræmdum aðgerðum;
(iii) samhæfingarstarfi;
(iv) menntun og starfsþjálfun; og
(v) rannsóknum og mati.

Áætlanirnar eru opnar háskólum, rannsóknastofnunum og iðnfyrirtækjum, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum, einstaklingum eða hvaða hópum/samtökum þessara aðila sem er, sem sett eru á stofn innan bandalagsins og á Íslandi. Reglan er sú að verkefni skuli vera fjölþjóðleg og a.m.k. einn aðili að verkefni skuli vera búsettur innan bandalagsins.

Þegar um er að ræða rannsóknarsamninga þar sem kostnaði er skipt greiðir bandalagið venjulega 50 % af heildarkostnaði, en þetta prósentuhlutfall kann að breytast í samræmi við eðli og þróunarstig þessara rannsókna. Þegar háskólar og rannsóknastofnanir standa að rannsóknum getur hlutdeild bandalagsins í viðbótarkostnaði orðið allt að 100%.

Viðauki C

Fjárhagsákvæði

1. Í samræmi við ákvörðun ráðsins um að setja á laggirnar STEP og EPOCH áætlanirnar nemur það fjárframlag sem áætlað er að þurfi til að hrinda þessum áætlunum bandalagsins í framkvæmd 75.000.000 í Evrópugjaldmiðli (ECU) fyrir STEP og 40.000.000 í Evrópugjaldmiðli (ECU) fyrir EPOCH.

2. Framlag Íslands vegna aðildar þess að áætlunum bandalagsins er áætlað 74.182 í Evrópugjaldmiðli (ECU) fyrir STEP og 38.165 í Evrópugjaldmiðli (ECU) fyrir EPOCH og bætast við, sem og önnur hugsanleg framlög frá þriðja landi eða löndum, við ofangreindar fjárhæðir eins og um getur í 2. gr. þessa samnings.

3. Tímaáætlun um áætlaðar fjárskuldbindingar og framlag Íslands vegna STEP og EPOCH áætlananna og framlag Íslands er sem hér segir:

STEP (ECU)

Skuldbindingar EB	1989	1990	1991	1992	Samtals
Stjórnunar- og umsýslukostnaður	365.000	1.060.000	2.547.000	2.649.000	6.621.000
Samningar	5.635.000	38.940.000	9.453.000	14.351.000	68.379.000
Samtals	6.000.000	40.000.000	12.000.000	17.000.000	75.000.000
Framlag Íslands					
Stjórnunar- og umsýslukostnaður	0	1.140	2.738	2.848	6.726
Samningar	0	41.864	10.163	15.429	67.456
Samtals	0	43.004	12.901	18.277	74.182

EPOCH (ECU)

Skuldbindingar EB	1989	1990	1991	1992	Samtals
Stjórnunar- og umsýslukostnaður	265.000	601.000	1.138.000	1.183.000	3.187.000
Samningar	4.235.000	19.684.000	6.077.000	6.817.000	36.813.000
Samtals	4.500.000	20.285.000	7.215.000	8.000.000	40.000.000
Framlag Íslands					
Stjórnunar- og umsýslukostnaður	0	646	1.223	1.272	3.141
Samningar	0	21.162	6.533	7.329	35.024
Samtals	0	21.808	7.756	8.601	38.165

Viðauki D

Fjármögnunarreglur

1. Viðauki þessi kveður nánar á um þær fjármögnunarreglur fyrir Ísland sem getið er um í 2. gr. samningsins.

2. Í upphafi hvers árs, eða hvenær sem áætlanir bandalagsins eru endurskoðaðar þannig að valdi hækkun þeirrar fjárhæðar sem ætlað er að þurfi til að framkvæma þær, skal framkvæmdastjórnin senda Íslandi fjárkröfu sem samsvarar framlagi þess til kostnaðar samkvæmt samningnum.

Framlag þetta skal skráð bæði í Evrópugjaldmiðli (ECU) og íslenskum krónum, og er samsetning ECU skilgreind í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3180/78,[1] með áorðnum breytingum reglugerðar (EBE) nr. 1971/89.[2] Verðgildi ECU-framlagsins í íslenskum krónum skal ákveðið á útgáfudegi fjárkröfunnar.

[1] Stjtíð. EB nr. L 379, 30.12. 1978, bls. 1
[2] Stjtíð. EB nr. L 189, 4.7. 1989, bls. 1

Ísland skal greiða framlag sitt til árlegs kostnaðar samkvæmt samningnum í upphafi hvers árs og í síðasta lagi þremur mánuðum eftir að fjárkrafan hefur verið send. Sérhver dráttur á greiðslu framlagsins skal tilefni til greiðslu vaxta af Íslands hálfu sem eru jafnháir hæstu forvöxtum sem gilda í aðildarríkjum bandalagsins á gjalddaga. Vextirnir skulu hækka um 0,25 prósentustig fyrir hvern mánuð sem greiðslan dregst.

Hækkuðu vextirnir skulu eiga við um allan tímann sem dráttur verður á greiðslu. Þó ber aðeins að greiða þessa vexti ef framlagið er greitt meira en þremur mánuðum eftir að framkvæmdastjórnin hefur gefið fjárkröfuna út.

Ferðakostnaður íslenskra fulltrúa og sérfræðinga vegna þátttöku þeirra í starfi nefndarinnar sem greint er frá í 3. gr. samningsins skal endurgreiddur af framkvæmdastjórninni, í samræmi við þær starfsreglur sem í gildi eru hverju sinni um fulltrúa og sérfræðinga aðildarríkja bandalagsins og einkum í samræmi við ákvörðun ráðsins nr. 84/338/Euratom, ECSC, EBE.[3]

3. Fjármunir sem Ísland greiðir skulu færðir til tekna áætlunum bandalagsins sem inngreitt fé og fært undir viðeigandi lið á tekjuyfirliti heildarfjárlaga Evrópubandalaganna.

4. Gildandi fjárhagsreglugerð um heildarfjárlög Evrópubandalaganna skal eiga við um stjórnun fjárveitinga.

5. Í lok hvers árs skal gert yfirlit yfir fjárveitingar til áætlana bandalagsins og skal það sent Íslandi til upplýsinga.

---

[3] Stjtíð. EB nr. L 177, 4.7. 1984, bls. 25

Nr. 11 29. maí 1992

AUGLÝSING

um uppsögn samnings við Júgóslavíu um afnám vegabréfsáritana.

Hinn 26. maí 1992 var samningi milli Íslands og Júgóslavíu frá 6. maí 1964 um gagnkvæmt afnám vegabréfsáritana sagt upp miðað við 27. maí 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 4/1964 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 29. maí 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

Nr. 12 25. júní 1992

AUGLÝSING

um samning við Pólland um afnám vegabréfsáritana.

Með erindaskiptum 18. og 19. júní 1992 var gengið frá samningi milli Íslands og Póllands um afnám vegabréfsáritana fyrir ferðamenn miðað við allt að þriggja mánaða dvöl. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1992.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 25. júní 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

AUGLÝSING

um gildistöku viðauka III við alþjóðasamning um varnir gegn mengun frá skipum.

Viðauki III við alþjóðasamning frá 2. nóvember 1973 um varnir gegn mengun frá skipum, eins og honum var breytt með bókun frá 17. febrúar 1978, öðlaðist gildi 1. júlí 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1985 og 5/1989.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 3. júlí 1992.

Jón Baldvin Hannibalsson.

Þorsteinn Ingólfsson.

28. júlí 1992 Nr. 14

AUGLÝSING

um gildistöku Norðurlandasamnings til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár.

Samningur milli Norðurlanda frá 12. september 1989 til að komast hjá tvísköttun arfs og gjafafjár öðlast gildi 19. ágúst 1992, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11/1990 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

3. Að því er varðar framkvæmd 1. og 2. mgr. viðurkenna aðildarríki að í fimm ár frá gildistöku samningsins ber að líta á TSSL sem svæði þar sem lífskjörin eru óvenjulega lág eða þar sem alvarlegt atvinnuleysi ríkir, sem felur í sér að TSSL er heimilt að veita umfangsmeiri aðstoð en EFTA-ríkjum er leyfilegt samkvæmt ráðstöfunum sem um getur í XII. viðauka. Sameiginlega nefndin getur, með tilliti til efnahagsástandsins í TSSL, ákveðið að ákvæði þessu verði beitt lengur.

4. Aðildarríkin skulu tryggja skýrleika í meðferð ríkisaðstoðar með því að skiptast á upplýsingum eins og kveðið er á um í XIII. viðauka.

5. Telji aðildarríki að tiltekið athæfi samrýmist ekki ákvæðum 1. mgr. er því heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana gegn því samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr., sem mega þó ekki vera víðtækari en skaðinn gefur tilefni til.

20. gr.

Undirboð

Verði EFTA-ríki vart við að beitt er undirboðum, í skilningi VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, í viðskiptum við TSSL eða verði TSSL vart við að beitt er undirboðum í þessum skilningi í viðskiptum við EFTA-ríki getur viðkomandi aðildarríki gripið til viðeigandi gagnráðstafana í samræmi við samkomulagið um framkvæmd VI. greinar Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

21. gr.

Neyðaraðgerðir vegna innflutnings tiltekinnar vöru

Þegar innflutningur tiltekinnar vöru eykst svo mjög eða við skilyrði sem valda eða valdið gætu:

a) alvarlegu tjóni fyrir innlenda framleiðendur sambærilegra vara eða samkeppnisvara á landsvæði aðildarríkisins sem flytur inn eða

b) alvarlegri röskun í einhverri grein atvinnulífsins eða erfiðleikum sem gætu leitt til alvarlegra efnahagsþrenginga í einstökum landshlutum

er viðkomandi aðildarríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

22. gr.

Endurskipulagning

1. TSSL er heimilt, í takmarkaðan tíma, að grípa til sérstakra ráðstafana í formi hækkaðra tolla sem víkja frá ákvæðum 4. gr.

2. Ráðstafanirnar skulu eingöngu vernda iðnað á byrjunarstigi eða einstakar greinar atvinnulífs sem verið er að endurskipuleggja eða sem standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum, einkum þegar þessir erfiðleikar valda mikilvægum félagslegum vandkvæðum.

3. Tollar sem lagðir kunna að vera á innflutning til TSSL frá EFTA-ríkjum með slíkum ráðstöfunum mega ekki vera hærri en 25% að verðmæti og skulu vörur frá EFTA-ríkjum njóta að einhverju leyti hagstæðari kjara en aðrar. Verðmæti varanna sem þessar ráðstafanir taka til skal ekki nema meira en 15% alls árlegs innflutnings iðnaðarvara frá EFTA-ríkjum samkvæmt skilgreiningu 2. gr. og samkvæmt nýjustu fáanlegum tölum.

4. Beita má ráðstöfunum í fimm ár hið lengsta nema sameiginlega nefndin heimili lengra tímabil. Þær falla niður í síðasta lagi í lok aðlögunartímabilsins.

5. Óheimilt er að beita slíkum ráðstöfunum gagnvart vöru sem hefur verið án tolla, gjalda sem hafa samsvarandi áhrif eða magntakmarkana í þrjú ár eða lengur.

6. TSSL ber að tilkynna sameiginlegu nefndinni fyrirfram um allar sérstakar ráðstafanir sem það hyggst grípa til og, að beiðni EFTA-ríkja, hafa samráð um þær og um viðkomandi atvinnugreinar í sameiginlegu nefndinni áður en þeim er beitt. Þegar það grípur til slíkra ráðstafana ber TSSL að afhenda sameiginlegu nefndinni tímaáætlun um afnám tollanna sem lagðir eru á samkvæmt þessari grein. Í tímaáætluninni skal gera grein fyrir afnámi tollanna í jöfnum árlegum áföngum, eigi síðar en tveimur árum eftir að þeim er komið á. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að ákveða aðra tímaáætlun.

23. gr.

Endurútflutningur og alvarlegur vöruskortur

Leiði beiting ákvæðanna í 7. og 9. gr. til þess að:

a) vara verði flutt út aftur til þriðja lands og aðildarríkið sem flutt er út frá hefur beitt magntakmörkunum á útflutningi, útflutningstollum eða ráðstöfunum eða gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif gagnvart útflutningi umræddrar vöru þangað eða

b) alvarlegur skortur verði eða gæti orðið á vöru sem aðildarríki sem flutt er út frá er nauðsynleg og þar sem ofangreindar ástæður valda, eða gætu valdið, alvarlegum vandkvæðum fyrir aðildarríki sem flutt er út frá, er því aðildarríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

24. gr.

Erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar

1. Lendi EFTA-ríki eða TSSL í alvarlegum erfiðleikum, eða sjái fram á erfiðleika, varðandi greiðslujöfnuð sinn er EFTA-ríki eða TSSL, eftir því sem við á, heimilt að grípa til takmarkandi ráðstafana, samkvæmt þeim skilmálum sem settir eru með Hinu almenna samkomulagi um tolla og viðskipti, sem skulu vara í takmarkaðan tíma og ekki hafa víðtækari áhrif en þörf er á til að leiðrétta erfiðleikana vegna greiðslujafnaðar. Ráðstöfunum ber að aflétta stig af stigi eftir því sem erfiðleikar vegna greiðslujafnaðar minnka og með öllu þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur. EFTA-ríkinu eða TSSL ber að tilkynna hinum aðildarríkjunum og sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir jafnskjótt og gripið er til þeirra og um tímaáætlun um afnám þeirra, verði því við komið.

2. Aðildarríkjum ber engu að síður að reyna eftir megni að forðast að grípa til takmarkandi ráðstafana vegna greiðslujafnaðar.

25. gr.

Aðferð við beitingu öryggisráðstafana

1. Áður en hafist er handa við að beita þeim öryggisráðstöfunum sem tilgreindar eru í eftirfarandi málsgreinum þessarar greinar skulu aðildarríkin leita lausnar á ágreiningi sín í milli með beinu samráði og tilkynna öðrum aðildarríkjum þar um.

2. Þrátt fyrir 6. mgr. þessarar greinar ber aðildarríki, sem íhugar að beita öryggisráðstöfunum, að tilkynna hinum aðildarríkjunum og sameiginlegu nefndinni þegar þar um og láta þeim í té allar

upplýsingar sem máli skipta. Aðildarríki skulu hefja viðræður innan sameiginlegu nefndarinnar án tafar til að leita lausnar sem öll ríkin geta sætt sig við.

3. a) Að því er varðar 19. gr. skulu aðildarríki sem í hlut eiga veita sameiginlegu nefndinni nauðsynlega aðstoð til að rannsaka málið og, þegar við á, binda enda á athæfið sem mótmælt hefur verið. Hafi aðildarríkið sem í hlut á ekki bundið enda á athæfið sem mótmælt er innan þess tímabils sem sameiginlega nefndin ákveður eða ef nefndin kemst ekki að samkomulagi eftir samráð eða þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til hennar, er viðkomandi aðildarríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

b) Að því er varðar 20., 21. og 23. gr. skal sameiginlega nefndin rannsaka málið og taka þá ákvörðun sem þörf er á til að binda enda á erfiðleika sem aðildarríki hefur tilkynnt um. Hafi engin ákvörðun verið tekin þrjátíu dögum eftir að málinu var vísað til sameiginlegu nefndarinnar er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að grípa til þeirra ráðstafana sem það telur nauðsynlegt til að bæta úr ástandinu.

c) Að því er varðar 31. gr. skal hlutaðeigandi aðildarríki láta sameiginlegu nefndinni í té allar upplýsingar sem komið geta að notum við rannsókn málsins til að leita lausnar sem öll ríki geta sætt sig við. Finni sameiginlega nefndin ekki lausn eða ef þrír mánuðir eru liðnir frá því að tilkynnt var um málið er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að grípa til viðeigandi ráðstafana.

4. Skylt er að tilkynna öllum aðildarríkjum og sameiginlegu nefndinni þegar um öryggisráðstafanir sem gripið er til. Umfang þeirra og gildistími skal takmarkast við það sem óhjákvæmilegt er til að bæta úr því ástandi sem leiddi til beitingar þeirra og skulu ekki vera umfangsmeiri en sá skaði sem umrætt athæfi eða erfiðleikar hafa valdið. Reynt skal eftir megni að beita ráðstöfunum sem minnst hindra framkvæmd samningsins. Ráðstafanir sem TSSL grípur til vegna aðgerða eða aðgerðaleysis EFTA-ríkis skulu einungis beinast að viðskiptum við það ríki. Einungis EFTA-ríki eða -ríkjum sem hefur orðið fyrir áhrifum af aðgerðum eða aðgerðaleysi TSSL er heimilt að grípa til ráðstafana sem beinast að slíkum aðgerðum eða aðgerðaleysi.

5. Efna skal til reglubundins samráðs um öryggisráðstafanir í sameiginlegu nefndinni og leita leiða til að draga úr þeim, finna aðra valkosti í stað þeirra eins fljótt og unnt er eða afnema þær þegar aðstæður réttlæta þær ekki lengur.

6. Þegar óvenjulegar aðstæður kalla á tafarlausar aðgerðir og útiloka að þær verði kannaðar fyrirfram getur viðkomandi aðildarríki, í tilvikum sem um ræðir í 20., 21. og 23. gr., gripið strax til varúðar- og bráðabirgðaráðstafana sem brýn þörf er á til að bæta úr ástandinu. Tilkynna ber sameiginlegu nefndinni um ráðstafanir án tafar og efna til samráðs milli aðildarríkja innan sameiginlegu nefndarinnar.

26. gr.

Undanþágur af öryggisástæðum

Ekkert ákvæði þessa samnings kemur í veg fyrir að aðildarríki geri ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar:

a) til að koma í veg fyrir upplýstranir sem eru andstæðar mikilvægum öryggishagsmunum,

b) til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni, standa við skuldbindingar sínar á alþjóðavettvangi eða yfirlýsta stefnu sína

i) að því er snertir viðskipti með vopn, skotfæri og herbúnað og önnur viðskipti með vörur, efni eða þjónustu sem fer fram beint eða óbeint í þágu hernaðaraðila, eða

ii) gagnvart útbreiðslu efna- og lífefnavopna, kjarnavopna eða annarra kjarnasprengja, eða

iii) á stríðstímum eða þegar alvarleg spenna ríkir í alþjóðamálum.

27. gr.

Sameiginlega nefndin

1. Sameiginleg nefnd skal annast umsjón og stjórnun á framkvæmd samningsins. Starfsemi sameiginlegu nefndarinnar skal skipulögð í samvinnu við sameiginlegu nefndina sem sett var á stofn samkvæmt Gautaborgaryfirlýsingunni.

2. Til að framkvæmd samningsins verði eins og til er ætlast skulu aðildarríkin skiptast á upplýsingum og efna til samráðs í sameiginlegu nefndinni að beiðni aðildarríkis. Sameiginlega nefndin

skal kanna af og til frekari möguleika á að fjarlægja þær hindranir sem eftir standa í vegi fyrir viðskiptum milli EFTA-ríkja og TSSL.

3. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að taka ákvarðanir í málum sem kveðið er á um í samningnum. Í öðrum málum er sameiginlegu nefndinni heimilt að gera tillögur.

28. gr.

Störf sameiginlegu nefndarinnar

1. Til að annast framkvæmd samningsins eins og til er ætlast kemur sameiginlega nefndin saman eins oft og nauðsyn ber til og eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Sérhverju aðildarríki er heimilt að fara þess á leit að fundur verði haldinn.

2. Ákvarðanir nefndarinnar skulu hljóta samhljóða samþykki.

3. Hafi fulltrúi aðildarríkis í sameiginlegu nefndinni samþykkt ákvörðun með fyrirvara um að uppfyllt verði stjórnskipuleg skilyrði skal ákvörðunin taka gildi þann dag sem tilkynnt er að fallið hafi verið frá fyrirvaranum, sé ekki kveðið á um síðari gildistökudag í ákvörðuninni.

4. Sameiginlega nefndin setur eigin starfsreglur er kveða á um, meðal annars, hvernig boða skal til fundar, hver veitir nefndinni formennsku og hve lengi formaður skal sitja.

5. Sameiginlega nefndin getur ákveðið að skipa undirnefndir og vinnuhópa sem hún telur þörf á til aðstoðar við að inna skyldur sínar af hendi.

29. gr.

Þróunarákvæði

1. Þegar aðildarríki telur það til framdráttar efnahagi aðildarríkja að þróa enn frekar þau samskipti sem til hefur verið stofnað með samningnum með því að láta þau ná til sviða sem hann tekur ekki til, sendir það þeim rökstudda beiðni þar um. Aðildarríkin geta falið sameiginlegu nefndinni að kanna beiðnina og leggja fyrir þau tillögur þar að lútandi þegar við á, einkum með það fyrir augum að hefja samningaviðræður.

2. Samningar, sem kunna að verða gerðir eftir þeirri leið sem um getur í 1. mgr., eru háðir fullgildingu eða samþykki aðildarríkja eins og ráð er fyrir gert í reglum þeirra.

30. gr.

Þjónusta og fjárfesting

1. Aðildarríkin viðurkenna að tilteknar atvinnugreinar, m.a. á sviði þjónustu og fjárfestingar, verða æ mikilvægari. Í viðleitni sinni við að þróa og auka samstarf sitt, einkum með tilliti til samruna í Evrópu, skulu þau vinna saman að því markmiði að auka smám saman frjálsræði og gagnkvæma opnun markaða sinna fyrir fjárfestingu og þjónustuviðskiptum, með hliðsjón af viðeigandi vinnu á vegum Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti.

2. EFTA-ríki og TSSL skulu ræða slíka samvinnu í sameiginlegu nefndinni með það fyrir augum að þróa og auka tengsl sín samkvæmt samningnum.

31. gr.

Uppfylling skuldbindinga

1. Aðildarríki skulu gera allar ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að tryggja að markmið samningsins náist og til að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum.

2. Telji EFTA-ríki að TSSL hafi ekki, eða telji TSSL að EFTA-ríki hafi ekki, uppfyllt skuldbindingu samkvæmt samningnum getur viðkomandi aðildarríki gripið til viðeigandi ráðstafana samkvæmt þeim skilmálum og í samræmi við þá aðferð sem tilgreind er í 25. gr.

32. gr.

Viðaukar og bókanir

Viðaukar og bókanir við samninginn eru óaðskiljanlegir hlutar hans. Sameiginlega nefndin getur ákveðið breytingar á viðaukum og bókunum A og B.

33. gr.

Viðskipti sem heyra undir aðra samninga

1. Samningur þessi gildir um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja annars vegar, og TSSL, hins vegar, en ekki um viðskipti milli einstakra EFTA-ríkja nema kveðið sé á um annað í samningnum.

2. a) Samningurinn milli Finnlands og TSSL um gagnkvæmt afnám viðskiptahindrana, sem undirritaður var í Helsinki 19. september 1974, með áorðnum breytingum (hér eftir nefndur F-TS-samningurinn) skal gilda áfram á aðlögunartímabili, en þegar því lýkur skulu hagsbætur sem þessi samningur kveður á um hafa komið að fullu í stað gagnkvæmra hagsbóta sem F-TS-samningurinn færðu aðilunum að honum.

Á því stigi skal F-TS-samningurinn felldur úr gildi með sameiginlegri ákvörðun aðilanna að honum og tilkynna ber öðrum ríkjum sem aðild eiga að samningi þessum án tafar.

b) Ákvæði 7., 9., 11., 12., 13., 14., 15., 16., 17., 18., 19., 20., 22., 23., 29. og 30. gr. samnings þessa gilda að breyttu breytanda um viðskipti milli Finnlands og TSSL samkvæmt F-TS-samningnum.

c) Nánari reglur um framkvæmd 1. mgr. og a- og b-liðar 2. mgr. greinar þessarar er að finna í XIV. viðauka við samning þennan.

34. gr.

Tollabandalög, fríverslunarsvæði og landamæraviðskipti

Samningurinn kemur ekki í veg fyrir það að tollabandalögum eða fríverslunarsvæðum eða samkomulagi gert um landamæraviðskipti verði haldið við eða til þeirra stofnað að því marki sem það hefur ekki neikvæð áhrif á fyrirkomulag viðskiptanna, einkum upprunareglur sem kveðið er á um í samningnum.

35. gr.

Landsvæði þar sem samningur þessi gildir

Samningurinn tekur til landssvæða aðildarríkjanna.

36. gr.

Breytingar

Breytingar á samningnum, að öðru leyti en um getur í 3. mgr. 27. gr., sem sameiginlega nefndin samþykkir, skulu lagðar fyrir aðildarríkin til samþykkis og öðlast gildi þegar öll ríki hafa samþykkt þær. Samþykktarskjölum skal komið í vörslu hjá vörsluaðila.

37. gr.

Aðild

1. Sérhvert ríki sem aðild á að Fríverslunarsamtökum Evrópu getur gerst aðili að samningnum, svo framarlega sem sameiginlega nefndin ákveður að samþykkja aðild þess, með þeim kjörum og skilyrðum sem sett kunna að verða í þeirri ákvörðun. Aðildarskjalinu skal koma í vörslu hjá vörsluaðila.

2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili, skal samningurinn taka gildi á fyrsta degi þriðja mánaðar eftir að aðildarskjalinu hefur verið komið í vörslu.

38. gr.

Úrsögn og niðurfelling samningsins

1. Sérhvert aðildarríki getur dregið til baka aðild sína að samningnum með því að tilkynna það vörsluaðila skriflega. Úrsögn tekur gildi sex mánuðum eftir að hún berst vörsluaðila.

2. Dregur TSSL aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi þegar uppsagnarfresturinn er liðinn og ef öll EFTA-ríki draga aðild sína til baka fellur samningurinn úr gildi eftir að síðasti uppsagnarfresturinn er liðinn.

3. Ef EFTA-ríki dregur til baka aðild sína að samningnum um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu fellur aðild þess að samningi þessum af þeim sökum niður þann dag er úrsögnin tekur gildi.

39. gr.

Gildistaka

1. Samningurinn öðlast gildi 1. júlí 1992 að því tilskildu að öll aðildarríkin hafi komið fullgildingar- eða staðfestingarskjölum sínum í vörslu.

2. Hafi samningurinn ekki öðlast gildi í samræmi við ákvæði 1. mgr. og að því tilskildu að TSSL hafi komið fullgildingar- eða staðfestingarskjali til vörsluaðila ber fulltrúum þeirra ríkja, sem undirritað hafa samninginn og komið hafa slíkum skjölum í vörslu, að halda fund fyrir 31. ágúst 1992 og geta þeir ákveðið hvenær samningurinn öðlist gildi að því að þau ríki varðar. Hafi slík ákvörðun ekki verið tekin ber að halda fund í þeim tilgangi eigi síðar en þrjátíu dögum eftir að eitt ríki til viðbótar sem undirritað hefur samninginn hefur komið skjali sínu í vörslu.

3. Þegar um er að ræða ríki sem undirritar samninginn og kemur fullgildingar- eða staðfestingarskjali sínu í vörslu eftir fundinn sem um getur í 2. mgr. öðlast samningurinn gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalinu hefur verið komið í vörslu hjá vörsluaðila en ekki fyrr en ákveðið var í samræmi við 2. mgr.

4. Ríki sem undirritar samninginn getur þegar við undirritun lýst yfir að til að byrja með taki samningurinn gildi til bráðabirgða ef hann gæti ekki með öðru móti tekið gildi í því ríki fyrir 1. júlí 1992.

40. gr.

Vörsluaðili

Ríkisstjórn Svíþjóðar, sem gegnir hlutverki vörsluaðila, tilkynnir öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum um afhendingu skjals um fullgildingu, staðfestingu eða aðild, gildistöku samningsins eða um aðrar gerðir eða tilkynningar sem snerta samninginn eða niðurfellingu hans.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað samning þennan.

GJÖRT í Prag 20. mars 1992 í einu fullgildu eintaki á ensku sem komið skjal í vörslu hjá ríkisstjórn Svíþjóðar. Vörsluaðili skal senda öllum öðrum ríkjum, sem undirrita samninginn og gerast aðilar, staðfest afrit.

I. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í A-LIÐ 2. GR.

Samningurinn tekur ekki til vara sem heyra undir 25. – 97. kafla í samræmdu tollskránni (ST) þegar þær eru fluttar inn í EFTA-ríki eins og það er tilgreint við hvern vörulið.

ST-númer	Vörulýsing	Undanþegin ef flutt inn til
35.01	Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím:	
3501.10	– Kaseín	Liechtensteins Sviss,
úr 3501.90	– Annað — Annað en kaseínlím	Liechtensteins, Sviss,
35.02	Albúmín (þar með talið kirni tveggja eða fleiri mysuprótína sem innihalda miðað við þyngd þurrefnis meira en 80% af mysuprótínum), albúmínöt og aðrar albúmínafleiður:	

úr 3502.10	– Eggjaalbúmín: — Annað en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkjanna,
úr 3502.90	– Annað: — Mjólkuralbúmín (laktoalbúmín), en það sem er, eða verður gert, óhæft til manneldis	Allra EFTA-ríkjanna,
35.05	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatíneruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:	
úr 3505.10	– Dextrín og önnur umbreytt sterkja — Þó ekki sterkjueterar og esterar aðrir en þeir sem eru vatnsuppleysanlegir	Austurríki
3505.20	– Lím	Austurríki
38.09	Áferðar- og íburðarefni (finishing agents), litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í spuna-, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót.a.:	
3809.10	— Að stofni til úr sterkjukenndum efnum	Austurríki
	– Annað:	
úr 3809.91	— Til nota í textíliðnaði eða skyldum iðnaði: — Sem inniheldur sterkju eða sterkjuafleiða	Austurríki
úr 3809.92	— Til nota í pappírsiðnaði eða skyldum iðnaði — Sem inniheldur sterkju eða sterkjuafleiða	Austurríki
úr 3809.93	— Til nota í leðuriðnaði eða skyldum iðnaði — Sem inniheldur sterkju eða sterkjuafleiða	Austurríki
38.23	Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum), ót.a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar ót.a.;	
úr 3823.10	– Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna: – að meginstofni úr sterkju eða dextríni	Austurríkis
úr 3823.90	– Annað: – Vörur þar sem heildarinnihald sykurs, sterkju, sterkjuafleiða eða vara sem heyra undir nr. 0401 til 0404 er a.m.k. 30% af þyngd	Austurríkis

45.01	Náttúrulegur korkur, óunninn eða aðeins forunninn; korkúrgangur; brotinn, kurlaður eða malaður korkur	Austurríkis, Íslands, Svíþjóðar,
53.01	Hör, óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)	Austurríkis, Liechensteins, Svíþjóðar, Sviss,
53.02	Hampur (Cannabis sativa L.), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampúrgangur (þ.m.t. garnúrgangur og tætt hráefni)	Austurríkis, Liechtensteins, Svíþjóðar, Sviss,

BÓKUN A
UM VÖRUR SEM UM GETUR Í B-LIÐ 2. GR. SAMNINGSINS

1. gr.

Ákvæði samningsins taka til vara sem skráðar eru í töflu I.

2. gr.

1. Til þess að taka megi til greina mismunandi kostnað landbúnaðarhráefnis sem síðan er notað í vörur sem skráðar eru í töflunum sem um getur í grein þessari, útilokar samningurinn ekki:

i) að heimilt sé að leggja hlutfallslegt eða fast jöfnunargjald á innflutning eða að taka upp aðrar verðjöfnunarálögur;

ii) að álögur séu lagðar á útflutning.

2. Verðjöfnunarálögur skulu ekki vera hærri en nemur mismuninum milli verðs landbúnaðarafurða, sem notaðar eru í umræddri vöru, á innlendum markaði og heimsmarkaðsverðs þeirra. Sé innlent verð landbúnaðarafurðar lægra en heimsmarkaðsverð hennar er innflutningsríkinu heimilt að taka slíkt til greina þegar upphæðir til jöfnunar eru reiknaðar.

3. Viðkomandi EFTA-ríki skal veita TSSL ívilnanir vegna vara sem eru skráðar í töflum II, III, IV, V og VI samkvæmt því sem fram kemur í töflunum.

4. Meðferð sem beitt er af hálfu Íslands er sýnd í töflu VII. Í 1. lista töflunnar er að finna tolla og í 2. lista fjáröflunartolla. Íslandi er þó heimilt að láta aðrar verðjöfnunarálögur koma í stað þessara tolla í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar en slíkar aðgerðir megi þó ekki verða til þess að TSSL njóti lakari kjara en Efnahagsbandalag Evrópu.

5. Að því er varða framleiðsluvörur sem skráðar eru í VIII. töflu skal TSSL veita EFTA-ríkjum þær ívilnanir sem um getur í þeirri töflu.

6. TSSL ber að tilkynna EFTA-ríkjum með góðum fyrirvara þegar ákveðið er að taka upp verðjöfnunarálögur þannig að taka megi til greina mismunandi kostnað landbúnaðarhráefnis sem síðan er notað í unnar framleiðsluvörur. Kerfinu skal komið á á sama tíma og hafa sömu ákvæði og sama gildissvið gagnvart EFTA-ríkjum og gagnvart Efnahagsbandalagi Evrópu.

3. gr.

1. EFTA-ríki tilkynna TSSL, og TSSL tilkynnir EFTA-ríkjum, um allar verðjöfnunaraðlögur sem lagðar eru á samkvæmt 2. gr. bókunar þessarar.

2. TSSL og EFTA-ríki tilkynna hver öðru um allar breytingar sem verða á meðferð vara frá Efnahagsbandalagi Evrópu.

4. gr.

EFTA-ríki og TSSL skulu endurskoða á tveggja ára fresti þróun viðskipta sín á milli með framleiðsluvörur sem falla undir þennan samning. Endurskoðun skal fara fram í fyrsta sinn fyrir lok 1993. Í ljósi endurskoðananna og með hliðsjón af þróun í viðskiptum milli aðildarríkja og Efnahagsbandalags Evrópu á þessu sviði skulu EFTA-ríki og TSSL ákveða hugsanlegar breytingar á vörum sem falla undir bókunina og breytingar á reglum um jöfnunargjöld.

TAFLA I VIÐ BÓKUN A

ST-númer	Vörulýsing
14.04	Vörur úr jurtaríkinu, ót.a.:
1404.20	– Baðmullardúnn (linters)
15.16	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:
úr 1516.20	– Jurtafeiti og -olíur og þættir þeirra: — Vetnuð laxerolía, s.n. „ópalvax“
15.18	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, soðið, oxað, vatnssneytt, brennisteinsborið, blásið, fjölliðað með hita í lofttómi eða í eðalgasi eða umbreytt með öðrum hætti, þó ekki það sem er í nr. 1516; blöndur eða framleiðsla, ekki til manneldis, úr feiti eða olíum úr dýra- eða jurtaríkinu eða úr þáttum úr mismunandi feiti eða olíum þessa kafla ót.a.
úr 1518.00	– Línoxyn

TAFLA VII VIÐ BÓKUN A

ÍSLAND

Listi 1

Íslenskt toll-skrárnúmer		Vörulýsing	Tollur %
0403		Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, eða bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:	
		– Jógúrt:	
	0403.1001	– – Kakóblandað	40
	0403.1003	– – Drykkjarjógúrt	40
		– Annað:	
	0403.9001	– – Kakóblandað	40
	0403.9003	– – Drykkjarjógúrt	40
1704		Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakóinnihalds:	
	1704.1000	– Tyggigúmmi, einnig sykurhúðað:	40
		– Annað:	
	1704.9005	– – Vörur úr akasíulími (gum Arabic)	40
	1704.9009	– Annað:	40
1806		Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakó: – Önnur framleiðsla í blokkum, plötum eða stöngum sem vega meira en 2 kg, eða er lögur, deig, duft, korn eða annað form í umbúðum, sem innihalda meira en 2 kg:	
	1806.2009	– – Annað	40
		– Annað, í blokkum, plötum eða stöngum:	
	1806.3100	– – Fyllt	40
	1806.3200	– – Ekki fyllt:	
	1806.3201	– – – Bökunarsúkkulaði í blokkum, plötum eða stöngum, sem inniheldur einungis kakóbaunir, sykur og 30% kakósmjör eða minna	40
	1806.3209	– – – Annað	40
		– Annað:	40
	1806.9002	– – Fæða sérstaklega tilreidd fyrir sjúka	40
	1806.9003	– – Páskaegg	40
	1806.9009	– – Annað	40
1901		Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þyngd, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:	
úr	1901.9000	– – Annað:	
		– – Maltkjarni	20

1905		Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, rísþynnur og áþekkar vörur:	
	1905.1000	– Hrökkbrauð	32
	1905.2000	– Piparkökur og þess háttar	32
		– Sætakex; vöfflur og kexþynnur:	
		– – Húðað eða hjúpað með súkkulaði eða með massa sem inniheldur kakó:	
	1905.3011	– – – Sætakex	32
	1905.3019	– – – Annað	32
		– – Annað:	
	1905.3091	– – – Sætakex	32
	1905.3099	– – – Annað	32
	1905.4000	– Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur	32
2101		Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, tei og matéi og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei og matéi; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarnar, kraftur og seyði úr þeim:	
	2101.3000	– – Brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarnar, kraftur og seyði úr þeim:	28
2102		Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 3002); unnið bökunarduft:	
	2102.1000	– Lifandi ger:	32
		– Dautt ger; aðrar einfruma örverur, dauðar:	
	2102.2001	– – Dautt ger	32
	2102.3001 og 2102.3009	– – Unnið bökunarduft	40
2104		Súpur og seyði og framleiðsla í þau; jafnblönduð samsett matvæli:	
úr	2104.1004 og 2104.1009	– Súpur og seyði og framleiðsla í þau, að undanskildu súpudufti í 5 kg umbúðum eða stærri	40
2106		Matvæli ót. a.:	
		– Annað:	
	2106.9031 og 2106.9039	– – Duft til eftirréttargerðar	40
2202		Vatn, þ.m.t. ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 2009:	
		– Vatn, þ.m.t. ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt:	
	2201.1001	– – Kolsýrðar drykkjarvörur	40
	2201.1099	– – Annað:	40

		– Annað:	
	2202.9001	– – Mjólkurvörur blandaðar öðrum efnum, að því tilskildu að mjólkurvörur séu 75% eða meira af þyngd vörunnar án umbúða	40
	2202.9009	– – Annað	40
2203		Öl gert úr malti:	
	2203.0001	– Maltöl og annað gerjað öl með meira en 0,5% til og með 2,25 % vínanda miðað við rúmmál	40
	2203.0009	– Annað	40
3501		Kaseín, kaseínöt og aðrar kaseínafleiður; kaseínlím:	
	3501.1000	– Kaseín	12
	3501.9000	– Annað	12
3506		Unnið lím og önnur heftiefni, ót. a.; vörur nothæfar sem lím eða heftiefni, umbúnar til smásölu sem lím eða heftiefni í umbúðum að nettóþyngd 1 kg eða minni:	
	3506.1000	– Vörur nothæfar sem lím eða heftiefni, sem ekki eru taldar með eða tilgreindar annars staðar, umbúnar til smásölu sem lím eða heftiefni í umbúðum að nettóþyngd 1 kg eða minni:	16
		– Annað:	
	3506.9100	– – Heftiefni að meginstofni til úr gúmmí eða plasti (þar með talið gervikvoðuefni)	12
	3506.9900	– – Annað	12

Listi 2

Íslenskt tollskrárnúmer		Vörulýsing	Íslenskur tollur %
1702		Annar sykur, að meðtöldum kemískt hreinum laktósa, maltósa, glúkósa og frúktósa, í föstu formi; sykursíróp án bragð- og litarefna; gervihunang, hvort sem það er blandað náttúrlegu hunangi eða ekki; karamella	
	1702.5000	– Kemískt hreinn frúktósi	18
		– Annað, þ.m.t. einsykrur:	
	1702.9004	– – Kemískt hreinn maltósi	18
1901		Maltkjarni: framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót. a.; matvæli úr vörum í nr. 0401–0404 sem ekki innihalda kakóduft eða innihalda kakóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.:	

	úr 1901.1000	– Barnamatur, í smásöluumbúðum, að undanskildu maltkjarna og vörum sem heyra undir nr. 0401 til 0404 sem innihalda innan við 10% kakó:	
		— Matvæli úr vörum sem heyra undir nr. 0401 til 0404 og innihalda ekki kakó	100
		– – Annað	50
	úr 1901.2000	– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 1905, að undanskildum maltkjarna og vörum sem heyra undir nr. 0401 til 0404 og innihalda innan við 10% kakó:	
		– – Matvæli úr vörum í nr. 0401 til 0404 og innihalda ekki kakó	100
		– – Annað	50
	úr 1901.9000	– Annað, að undanskildum maltkjarna og vörum í nr. 0401 til 0404 og innihalda innan við 10% kakó:	50
		– – Duft til eftirréttargerðar	100
		– – Matvæli úr vörum í nr. 0401 til 0404	100
		– – Annað	50
1902		Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóni; kúskús, einnig unnið:	
		– Ósoðin pasta, hvorki fyllt né unnin á annan hátt:	
	1902.1100	– – Með eggjainnihaldi	60
	1902.1900	– – Annað	60
		– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:	
	1902.2009	– – Annað	100
	1902.3000	– – Önnur pasta	100
		– Kúskús:	
	1902.4001	– – Soðið	100
	1902.4009	– – Annað	60
1903		Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd:	
	1903.0001	– Í smásöluumbúðum 5 kg eða minna að þyngd	20
	1903.0009	– Annað	20
1904		Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (til dæmis kornflögum); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt:	
	1904.1000	– Tilreidd matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum	50
	1904.9000	– Annað	50
2001		Grænmeti, ávextir, hnetur og aðrir plöntuhlutar til manneldis, unnið eða varið skemmdum með ediki eða edikssýru:	
		– Annað:	
	úr 2001.9009	– – Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	60

2005		Aðrar matjurtir, unnið eða varið skemmdum á annan hátt en með ediki eða edikssýru, ófrystar:	
		– Ertur (Pisum sativum):	
	úr 2005.4000	– – Framleiðsla úr ertum eingöngu	50
		– Belgaldin (Vigna spp., phaseolus spp.):	
	úr 2005.5900	– – Annað:	
		– – – Framleiðsla að stofni til úr baunamjöli eingöngu	50
	2005.8000	– Sykurmaís (Zea mays var. saccharata)	60
		– Aðrar matjurtir og matjurtablöndur:	
	úr 2005.9000	– – Grænmetisblöndur að meginstofni til úr kartöfluflögum	100
	úr 2005.9000	– – Matjurtablöndur að meginstofni til úr matjurtamjöli	50
2008		Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða áfengi, ót. a.:	
		– Annað, að meðtöldum blöndum öðrum en þeim í nr. 2008.19:	
	2008.9100	– – Pálmakjarnar	100
		– – Annað:	
	úr 2008.9909	– – – Aðrir ætir plöntuhlutar, ót.a.:	100
2101		Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, tei og matéi og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei og matéi; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarnar, kraftur og seyði úr þeim:	
		– Kjarnar, kraftur og seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessu eða að stofni til úr kaffi:	
	2101.1001	– – Kaffiþykkni sem inniheldur blöndur úr möluðu brenndu kaffi, ásamt matjurtafeiti og stundum öðrum efnum	100
		– Kjarnar, kraftur og seyði úr tei eða matéi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða matéi:	
	úr 2101.2001	– – Blöngur úr tilreiddu tei með mjólkurdufti og sykri	100
2103		Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep	
		– Annað:	
	2103.9001	– – Tilreiddar matjurtasósur sem aðallega innihalda mjöl, sterkju eða maltkjarna	50
2104		Súpur og seyði og framleiðsla í þau; jafnblönduð samsett matvæli:	
		– Súpur og seyði og framleiðsla í þau:	
	2104.1001	– – Tilreiddar matjurtasúpur aðallega úr mjöli, sterkju eða maltkjarna	50

2106		Matvæli ót. a.:	
	2106.1000	– Prótínseyði og textúruð prótínefni	100
		– Annað:	
		– – Ávaxtasafi tilreiddur og blandaður umfram það sem tilgreint er í nr. 2009:	
	2106.9011	– – – Ógerjaður og ósykraður, í 50 kg umbúðum eða stærri	50
	2106.9019	– – – Annað	50
		– – Efni til framleiðslu á drykkjarvörum:	
	2106.9021	– – – Áfengislaus efni (vatnssneyddir kjarnar)	30
	2106.9022	– – – Síróp með bragð- eða litarefnum	100
	úr 2106.9029	– – – Neyðarmatvæli, að því tilskildu að á umbúðunum sé greint frá séreðli þeirra á skýran hátt	20
	úr 2106.9029	– – – Matvæli fyrir sykursjúka, að því tilskildu að á umbúðunum sé greint frá séreðli þeirra á skýran hátt	50
	2106.9029	– – – Annað	100
	2106.9041	– – Sælgæti sem inniheldur hvorki sykur né kakó	100
	2106.9042	– – Ávaxtasúpur og -grautar	100
úr 2204		Vín úr nýjum þrúgum, einnig vín blönduð vínanda; þrúguþykkni annað en í nr. 2009:	
		– Annað vín; þrúguþykkni sem gerjun hefur verið hindruð eða stöðvuð í með íblöndun alkóhóls:	
		– – Í tveggja lítra umbúðum eða minna:	
	2204.2101	– – – Þrúguþykkni blandað vínanda	20
		– – Annað	
	2204.2901	– – – Þrúguþykkni blandað vínanda	20
2205		Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum:	
	2205.1000	– Í tveggja lítra umbúðum eða minna:	20
	2205.9000	– Annað	20
2208		Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; brennd vín, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:	
		– Áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvöru:	
	2208.1001	– – með meiri alkóhólstyrkleika en 2,25% af vínanda miðað við rúmmál	20
	2208.1009	– – Annað	20
		– Brennd vín eimuð úr þrúguvíni eða þrúguhrati:	
	2208.2001	– – Koníak	20
	2208.2009	– – Annað	20
	2208.3000	– Viskí	20
	2208.4000	– Romm og tafía	20
		– Gin og genever:	
	2208.5001	– – Gin	20
	2208.5002	– – Genever	20
		– Annað:	
	2208.9001	– – með meiri alkóhólstyrkleika en 2,25% miðað við rúmmál:	
		– – Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál	25

		– – Annað	20
	2208.9002	– – Brennivín	20
	2208.9003	– – Vodka	20
	2208.9004	– – Líkjörar	20
	2208.9009	– – Annað	20
úr 2520		Gips; anhýdrít; gipsefni (úr brenndu gipsi eða kalsíumsúlfati), einnig litað, með eða án hvata eða lata í litlu magni: – Gipsefni:	
	2520.2001	– – Gipsefni sérstaklega framleitt til tannsmíða eða tannlækninga	50
2839		Silíköt; alkalímálmsilíköt sem verslunarvara:	
	úr 2839.9000	– Annað; að undanskildum alkalímálmsilikötum (liþíum-, rúbidíum-, sesíum- og fransíumsilikötum)	50
2905		Raðtengd alkóhól og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra – Mettuð einhýdrísk alkóhól:	
	2905.1200	– – Própan-1-ól (própýlalkóhól) og própan-2-ól (ísóprópýlalkóhól)	18
	2905.1300	– – Bútan-1-ól (n-bútýlalkóhól)	18
	2905.1400	– – Önnur bútanól	18
	2905.1500	– – Pentanól (amýlalkóhól) og myndbrigði þess	18
	2905.1600	– – Oktanól (oktýlalkóhól) og myndbrigði þess	18
	2905.1700	– – Dódekan-1-ól (lárýlalkóhól), hexadekan-1-ól (setýlalkóhól) og oktadekan-1-ól (sterýlalkóhól)	18
	2905.1900	– – Önnur	18
		– Ómettuð einhýdrísk alkóhól:	
	2905.2100	– – Allýlalkóhól	18
	2905.2200	– – Raðtengd terpenalkóhól	18
	2905.2900	– – Önnur	18
		– Díól:	
	2905.3200	– – Própýlenglýkól (própan-1,2-díól)	18
	2905.3900	– – Önnur	18
		– Önnur fjölhýdrísk alkóhól:	
	2905.4100	– – 2-Etýl-2-(hýdroxýmetýl) própan-1,3-díól (trímetýlólprópan)	18
	2905.4200	– – Pentaerýþrítól	18
	2905.4300	– – Mannitól	18
	2905.4400	– – D-glúkitól (sorbitól)	18
	2905.4900	– – Annað	18
	2905.5000	– Halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður raðtengdra alkóhóla	18
2911	2911.0000	Asetöl og hemiasetöl, einnig með annarri súrefnisvirkni og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	18
	2915	Mettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra: – Maurasýra, sölt hennar og esterar:	

2915.1200	– – Sölt maurasýru	18
2915.1300	– – Esterar maurasýru	18
	– Ediksýra og sölt hennar; ísedik (acetic anhydride):	
2915.2100	– – Ediksýra	18
2915.2200	– – Natríumasetat	18
2915.2300	– – Kóbaltasetat	18
2915.2400	– – Ísedik	18
2915.2900	– – Annað	18
	– Esterar ediksýru:	
2915.3100	– – Etýlasetat	18
2915.3200	– – Vínýlasetat	18
2915.3300	– – N-Bútýlasetat	18
2915.3400	– – Ísóbútýlasetat	18
2915.3500	– – 2-Etoxýetýlasetat	18
2915.3900	– – Annað	18
2915.4000	– Mónó-, dí-, eða tríklórediksýrur, sölt og esterar þeirra	18
2915.5000	– Própíonsýra, sölt og esterar hennar	18
2915.6000	– Bútansýrur (smjörsýrur), valerínsýrur og sölt og esterar þeirra	18
2915.7000	– Palmitínsýra, sterínsýra, og sölt og esterar þeirra	18
2915.9000	– Annað	18
2916	Ómettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur, hringliða mónókarboxýlsýrur, einnig anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
	– Ómettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
2916.1100	– – Akrýlsýra og sölt hennar	18
2916.1200	– – Esterar akrýlsýru	18
2916.1300	– – Metakrýlsýra og sölt hennar	18
2916.1400	– – Esterar metakrýlsýru	18
2916.1500	– – Olíu, línól eða línólensýrur, og sölt og esterar	18
2916.1900	– – Annað	18
2916.2000	– Sýklan-, sýklen- eða sýklóterpen-mónókarboxýlsýrur, anhýdríð þeirra, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
	– Arómatískar mónókarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxýð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
2916.3100	– – Bensósýra, sölt og esterar hennar	18
2916.3200	– – Bensóýlperoxíð og bensóýlklóríð	18
2916.3300	– – Fenýlediksýra, sölt og esterar hennar	18
2916.3900	– – Annað	18
2917	Pólýkarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
	– Raðtengdar pólýkarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
2917.1100	– – Oxalsýra, sölt og esterar hennar	18
2917.1200	– – Adipsýra, sölt og esterar hennar	18
2917.1300	– – Azelasýra, sebaksýra, sölt og esterar þeirra	18
2917.1400	– – Malínanhýdríð	18
2917.1900	– – Annað	18

2917.2000	– Sýklan-, sýklen- eða sýklóterpen-pólýkarboxýlsýrur, anhýdríð þeirra, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	18
	– Arómatískar mónókarboxýlsýrur, anhýdríð, halíð, peroxýð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
2917.3100	– – Díbútýl ortoftalöt	18
2917.3200	– – Díoctýl ortoftalöt	18
2917.3300	– – Dínónýl eða tvídecýl ortoftalöt	18
2917.3400	– – Aðrir esterar ortoftalsýru	18
2917.3500	– – Ftalanhýdríð	18
2917.3600	– – Tereftalsýra og sölt hennar	18
2917.3700	– – Dímetýltereftxalat	18
2917.3900	– – Annað	18
2918	Karboxýlsýrur með aukasúrefnisvirkni og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxýsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra:	
	– Karboxýlsýrur með alkóhólvirkni, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
2918.1100	– – Mjólkursýra, sölt og esterar hennar	18
2918.1200	– – Vínsýra	18
2918.1300	– – Sölt og esterar vínsýru	18
2918.1400	– – Sítrónsýra	18
2918.1500	– – Sölt og esterar sítrónsýru	18
2918.1600	– – Glúkonsýra, sölt og esterar hennar	18
2918.1700	– – Fenýlglýkólsýra (möndlusýra), sölt og esterar hennar	18
2918.1900	– – Annað	18
	– Karboxýlsýrur með fenólvirkni en án annarrar súrefnisvirkni, anhýdríð, halíð, peroxíð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra:	
2918.2100	– – Salisýlsýra og sölt hennar	18
2918.2200	– – O-Asetýlsalisýlsýra, sölt og esterar hennar	18
2918.2300	– – Aðrir esterar salisýlsýru og sölt þeirra	18
2918.2900	– – Annað	18
2918.3000	– Karboxýlsýrur með aldehýð- eða keton-virkni en án annarrar súrefnisvirkni, anhýdríð, halíð, peroxýð, peroxýsýrur þeirra og afleiður þeirra	18
2918.9000	– Annað	18
2932	Heteróhringliðasambönd einungis með súrefnisheterófrumeindum:	
	– Sambönd með ósamrunninn fúranhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
2932.1100	– – Tetróhýdrófúran	18
2932.1200	– – 2-Fúraldehýð (fúrfúraldehýð)	18
2932.1300	– – Fúrfúrýlalkóhól og tetrahýdrófúrfúrýlalkóhól	18
2932.1900	– – Annað	18

		– Laktón:	
	2932.2100	– – Kúmarin, metýlkúmarin og etýlkúmarin	18
	2932.2900	– – Önnur laktón	18
	2932.9000	– Annað	18
2933		Heteróhringliðasambönd einungis með köfnunarefnisheteróf rum-eindum; kjarnasýrur og sölt þeirra:	18
		– Sambönd með ósamrunninn pýrasólhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.1100	– – Fenasón (antipyrin) og afleiður þess	18
	2933.1900	– – Önnur	18
		– Sambönd með ósamrunninn imíðasólhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.2900	– – Önnur	18
		– Sambönd með ósamrunninn pýridínhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.3100	– – Pýridín og sölt þess	18
	2933.3900	– – Önnur	18
	2933.4000	– Sambönd með kínólín eða ísókínólín hringjakerfi í byggingu sinni (einnig afoxað), en ekki frekar samrunnið	18
		– Sambönd með pýrimídínhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan) eða píperasín hring í byggingu sinni; kjarnasýrur og sölt þeirra:	
	2933.5900	– – Annað	18
		Sambönd með ósamrunninn þríasínhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan):	
	2933.6100	– – Melamín	18
	2933.6900	– – Önnur	18
		– Laktöm:	
	2933.7100	– – 6-Hexanlaktam (epsilon-kapról aktam)	18
	2933.7900	– – Önnur laktöm	18
	2933.9000	– Annað	18
2934		Önnur heteróhringliðasambönd:	
	2934.1000	– Sambönd með ósamrunninn þíasólhring í byggingu sinni (einnig afoxaðan)	18
	2934.2000	– Sambönd með bensóþíasólhringjakerfi (einnig afoxað), en ekki frekar samrunnið	18
	2934.3000	– Sambönd með fenóþíasínhringjakerfi (einnig afoxað), en ekki frekar samrunnið	18
	2934.900	– Annað	18
2940	2940.0000	Sykrur, kemískt hreinar, þó ekki súkrósi, maltósi, glúkósi og frúktósi; sykrueterar og sykruesterar, og sölt þeirra, þó ekki vörur í nr. 2937-2939	18
úr 2941		Antibíótíka:	
	2941.1000	– Penisillín og afleiður þeirra með byggingu penisillínsýru; sölt þeirra	10
	2941.2000	– Streptómýsín og afleiður þeirra; sölt þeirra	10
	2941.3000	– Tetrasýklín og afleiður þeirra; sölt þeirra	10

	2941.4000	– Klóramfeníkól og afleiður þess; sölt þeirra	10
	2941.5000	– Erýtrómýsín og afleiður þess; sölt þeirra	10
	2941.9000	– Annað	10
3006		Vörur til lækninga sem tilgreindar eru í 3. athugasemd við þennan kafla:	
		– Tannsement og annað tannfyllingarefni; beinmyndunarsement:	
	3006.4002	– – Silfuramalgam til tannfyllinga	50
	úr 3006.6000	– Kemísk getnaðarvarnarefni að stofni til úr hormónum eða sæðiseyði:	
		– – Kemísk getnaðarvarnarefni að stofni til úr hormónum:	50
3403		Smurefni (þar með talin skurðarolíuefni, leysiefni fyrir bolta og rær, ryðvarnar- eða tæringarvarnarefni og mótaleysiefni að meginstofni úr smurefnum) og framleiðsla notuð við olíu- og fitumeðferð textílefna, leðurs, loðskinna eða annarra efna, þó ekki framleiðsla sem inniheldur sem meginefni 70% eða meira miðað við þyngd af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum:	
		– Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum:	
	úr 3403.1100	– – Framleiðsla notuð við meðferð á textílefni, leðri, loðskinnum eða öðrum efnum:	
		– – – Vatnsdreifanleg smurefni notuð við meðferð á textílefni sem innihalda hátt hlutfall efna með yfirborðsvirkni auk annarra efna	50
		– – Annað:	
	3403.1901	– – – Ryðvarnar- eða tæringarvarnarefni að stofni til úr lanólín sem eru leyst upp í lakkbensíni, og innihalda jafnvel 70% lakkbensín eða meira miðað við þyngd	50
3407		Mótunarefni, þar með talin mótunarefni fyrir börn til dægradvalar; framleiðsla sem nefnd er tannvax (dental wax) eða tannmátefni (dental impression compounds), í vörusamstæðum, í smásöluumbúðum eða í plötum, skeifulaga, staflaga eða í áþekkri mynd; önnur framleiðsla til nota við tannlækningar, að meginstofni úr gipsefnum (úr brenndu gipsi eða kalsíumsúlfati):	
	3407.0001	– Blönduð mótunarefni til tannsmíða eða tannlækninga, að stofni til úr gipssementi	50
3505		Dextrín og önnur umbreytt sterkja (til dæmis forhlaups- eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:	
	3505.1000	– Dextrín og önnur umbreytt sterkja	25
	3505.2000	– Lím	25
3801		Gervigrafít; hlaupkennt eða hálfhlaupkennt grafít; framleiðsla að meginstofni úr grafít eða öðru kolefni, sem deig, blokkir, plötur eða hálfunnið að öðru leyti:	

	úr 3801.2000	– Hlaupkennt eða hálfhlaupkennt grafít:	
		– – Hlaupkennt grafít í olíusviflausn og hálfhlaupkennt grafít	50
	úr 3801.3000	– Kolefniskennt deig í rafskaut og áþekkt deig í ofnklæðningu, að frátöldu kolefni í kolefnisbursta	50
		– Annað:	
	úr 3801.9000	– – Grafít eða önnur kolefni blandað olíu, sem deig	50
3804	3804.0000	Úrgangslútur frá framleiðslu viðardeigs, einnig kjarnaður, sykursneyddur eða kemískt meðhöndlaður, þar með talin lignínsúlfónöt, þó ekki tallolía í nr. 3803 eða styrktur súlfítlútur	50
3805		Gúmkvoðu-, viðar- eða súlfatterpentína og aðrar terpenolíur framleiddar úr viði barrtrjáa með eimingu eða annarri aðferð; óhreinsað dípenten; súlfítterpentína og önnur óhreinsuð parakýmen; furuolía sem að meginstofni inniheldur alfaterpenól:	
	úr 3805.9000	– Annað:	
		– – Óhreinsað parakýmen annað en súlfítterpentína	
38090		Áferðar- og íburðarefni, litberar til að hraða litun eða festingu litunarefna og aðrar vörur og blöndur (t.d. fyllir og litfestir) sem notað er í textíl-, pappírs-, leður- eða skyldum iðnaði, ót. a	
	úr 3809.1000	– Að stofni til úr sterkjukenndum efnum:	
	úr 3809.1000	– – Aukablöndur	50
	úr 3809.1000	– – Annað	25
		– Annað:	
		– – Til nota í textíliðnaði:	
	úr 3809.9100	– – – Aukablöndur	50
	úr 3809.9100	– – – Annað	25
		– – Til nota í pappírsiðnaði:	
	úr 3809.9201	– – – Aukablöndur	50
	úr 3809.9201	– – – Annað	25
		– – Annað:	
	úr 3809.9909	– – – Aukablöndur	50
	úr 3809.9909	– – – Annað	25
3811		Efni til varnar vélabanki, oxunartálmi, harpixtálmi, smurbætiefni, tæringarvarnarefni og önnur tilbúin íblöndunarefni, fyrir jarðolíur (þar með talið bensín) eða fyrir aðra vökva sem notaðir eru í sama tilgangi og jarðolía:	
		– Efni til varnar vélabanki:	
	úr 3811.1100	– – Að stofni til úr blýsamböndum, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur, einnig bensíni	50
	úr 3811.1900	– – Annað, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur, einnig bensíni	50
		– Íblöndunarefni fyrir smurolíur:	
	úr 3811.2100	– – Sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur	50
	úr 3811.2900	– – Annað, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur	50
	úr 3811.9000	– Annað, að frátöldu efni fyrir steinefnaolíur,einnig bensíni	50

3812		Unnir gúmmíhvatar (rubber accelerators); samsett mýkiefni fyrir gúmmí eða plast, ót. a.; mótoxunarefni og önnur samsett varðveisluefni (stabilisers) fyrir gúmmí eða plast:	
	3812.2000	– Samsett mýkiefni fyrir gúmmí eða plast	50
	3812.3000	– Mótoxunarefni og önnur samsett varðveisluefni fyrir gúmmí eða plast	50
3817		Blönduð alkýlbensen og blönduð alkýlnaftalín, þó ekki þau sem eru í nr. 2707 eða 2902:	
	3817.1000	– Blönduð alkýlbensen	50
	3817.2000	– Blönduð alkýlnaftalín	50
3818	3818.0000	Kemísk frumefni efnabætt til nota í rafeindatækni, sem diskar, þynnur eða í áþekku formi; kemísk sambönd efnabætt til nota í rafeindatækni	50
3823		Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna; kemískar vörur og framleiðsla kemísks eða skylds iðnaðar (þar með taldar blöndur úr náttúrulegum efnum), ót. a.; úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, ót. a.:	
	3823.1000	– Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna, að frátöldum málmsteypukjörnum sem eru að stofni til úr náttúrulegum kvoðuefnum	50
	3823.3000	– Ómótuð málmkarbít sem blandað hefur verið saman eða eru með málmbindiefni	50
	3823.5000	– Óeldfast steinlím og steinsteypa	50
	3823.6000	– Sorbitól, annað en í nr. 2905.44	50
		– Annað:	
	úr 3821.9001	– – Hráefni eða hjálparefni til iðnaðarvöruframleiðslu, sem ekki eru undanskilin sérstaklega, að frátöldum ýruefnum og efnum til sútunar	50
	3823.9002	– – Samsettur herðir	50
	3823.9003	– – Ólífræn upplausnarefni og þynnar	50
	3823.9004	– – Ryðvarnarefni	50
	3823.9005	– – Kælimiðlar	50
	3823.9006	– – Úrgangsefni kemísks eða skylds iðnaðar, sem ekki eru undanskilin sérstaklega	50
	3823.9009	– – Annað	50
	úr 3919	Sjálflímandi plötur, blöð, filmur, himnur, bönd, ræmur og annað flatt, úr plasti, einnig í rúllum, framleiddu með fjölliðun eða samfjölliðun (t.d. pólýetýlen, pólýtetrahaloetýlen, pólýísóbútýlen, pólýstýren, pólývínýlklóríð, pólývínýlasetat, pólývínýlklórasetat og aðrar afleiður pólývínýlklóríðs, afleiður pólýakrýlats og pólýmetýlmetakrýlats, kúmarónindenkvoðuefni):	
		– Annað:	
	3919.9001	– – Vegg- og loftklæðning	40
	3919.9009	– – Annað	40
	úr 3919	Sjálflímandi plötur, blöð, filmur, himnur, bönd, ræmur og annað flatt, úr plasti, einnig í rúllum, úr öðrum háfjölliðaefnum, gervikvoðuefnum og gerviplasti, t.d. algínsýra, sölt hennar og esterar; línoxýn:	

	– Annað:	
3919.9001	– – Vegg- og loftklæðning	30
3919.9009	– – Annað	30
úr 3920	Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti, ekki með holrúmi, styrkingu, lagskiptingu, undirlagi eða á hliðstæðan hátt samansett öðrum efnum, framleidd með fjölliðun eða samfjölliðun (t.d. pólýetýlen, pólýtetrahaloetýlen, pólýísóbútýlen, pólýstýren, pólývínýlklóríð, pólývínýlasetat, pólývínýlklórasetat og aðrar afleiður pólývínýlklóríðs, afleiður pólýakrýlats og pólýmetýlmetakrýlats, kúmarónindenkvoðuefni), að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	40
úr 3920	Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti, ekki með holrúmi, styrkingu, lagskiptingu, undirlagi eða á hliðstæðan hátt samansett öðrum efnum, úr öðrum háfjölliðaefnum, gervikvoðuefnum og gerviplasti, t.d. algínsýra, sölt hennar og esterar; línoxýn, að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	30
úr 3921	Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti framleiddu með fjölliðun eða samfjölliðun (t.d. pólýetýlen, pólýtetrahaloetýlen, pólýísóbútýlen, pólýstýren, pólývínýlklóríð, pólývínýlasetat, pólývínýlklórasetat og aðrar afleiður pólývínýlklóríðs, afleiður pólýakrýlats og pólýmetýlmetakrýlats, kúmarónindenkvoðuefni), að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	40
úr 3921	Aðrar plötur, blöð, filmur, himnur og ræmur, úr plasti úr öðrum háfjölliðaefnum, gervikvoðuefnum og gerviplasti, t.d. algínsýra, sölt hennar og esterar; línoxýn, að undanskildum vörum til prentmyndagerðar og framleiðslu skófatnaðar og sem eru hvorki mynstraðar né áprentaðar og 0,4 mm á þykkt eða minna	30

TAFLA VIII VIÐ BÓKUN A

TSSL

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing	Tollur %(**)	Ár (*)
04.03		**Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefír og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, bragðbætt eða með ávöxtum, hnetum eða kakói:**		
úr	0403.10	– Jógúrt:		
	51 – 99	– – Bragðbætt eða með ávöxtum eða kakaói	10	2
úr	0403.90	– Annað:		
	71 – 99	– – Bragðbætt eða með ávöxtum eða kakaói	30	3

(**) Gildir frá 1. 1. 1992 til 31. 12. 1994.

(*) Í dálki „ár" kemur fram yfir hve mörg ár sá hluti innflutningstollsins sem tengist ekki landbúnaðinum verður smám saman afnuminn, frá og með 1. janúar 1995.

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing	Tollur %(**)	Ár (*)
15.17		**Smjörlíki; blöndur eða framleiðsla til manneldis úr jurtafeiti eða -olíum eða þáttum úr mismunandi fitu eða olíum í þessum kafla, þó ekki feiti eða olíur til manneldis eða þættir þeirra í nr. 15.16**		
úr	1517.10	– Smjörlíki, þó ekki fljótandi smjörlíki:		
	10	– – Sem inniheldur meira en 10% en ekki meira en 15% af mjólkurfitu miðað við þyngd	20	2
17.04		**Sætindi (þar með talið hvítt súkkulaði) án kakóinnihalds:**		
	1704.10	– Tyggigúmmi, einnig sykurhúðað:	25	1
	1704.90	– Annað:		
	10	– – Lakkrískjarni sem í er meira en 10% súkrósi miðað við þyngd en ekkert annað viðbótarefni	25	1
	30	– – Hvítt súkkulaði	25	1
	51 – 99	– – Annað	25	3
18.03		**Kakaódeig, einnig fitusneytt**	6	2
18.04		**Kakaósmjör, kakaófeiti og kakaóolía**	1,5	2
18.05		**Kakaóduft, án viðbætts sykurs eða annarra sætiefna**	10	2
18.06		**Súkkulaði eða önnur matvæli sem innihalda kakaó**	15	3
19.01		**Maltkjarni; framleiðsla úr mjöli, fín- eða grófmöluðu, sterkju eða maltkjarna, sem ekki inniheldur kakaóduft eða inniheldur kakaó sem að magni til er innan við 50% miðað við þunga, ót.a.; matvæli úr vörum í nr. 04.01 – 04.04 sem ekki innihalda kakaóduft eða innihalda kakaóduft sem að magni til er innan við 10% miðað við þunga, ót.a.**		
	1901.10	Barnamatur, í smásöluumbúðum	11	1
	1901.20	– Blöndur og deig til framleiðslu á brauðvörum í nr. 19.05	11	1
	1901.90	– Annað		
		– – Maltkjarni	9,8	3
	90	– – Annað	9,8	3
19.02		**Pasta, einnig soðin eða fyllt (með kjöti eða öðrum efnum) eða unnin á annan hátt, svo sem spaghettí, makkarónur, núðlur, lasagne, gnocchi, ravíólí, kannellóní; kúskús, einnig unnið**		
		– Ósoðin pasta, ekki fyllt eða unnin á annan hátt:		

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing	Tollur %(**)	Ár (*)
	1902.11	– – Með eggjainnihaldi	12	2
	1902.19	– – Annað	12	2
úr	1902.20	– Fyllt pasta, einnig soðin eða unnin á annan hátt:		
		– – Annað:		
	91	– – – Soðin	13	1
	99	– – – Annað	12	1
	1902.30	– Önnur pasta	10	1
	1902.40	– Kúskús	11	1
19.03		**Tapíókamjöl og tapíókalíki úr sterkju, sem flögur, grjón, perlur, sáldur eða í áþekkri mynd**	4	1
19.04		**Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum (t.d. kornflögur); korn, annað en maís, sem grjón, forsoðið eða unnið á annan hátt**		
	1904.10	– Matvæli úr belgdu eða steiktu korni eða kornvörum		
	10	– – Úr maís	9	1
	30	– – Úr hrísgrjónum	tollfrjáls	–
	90	– – Annað	9	1
	1904.90	– Annað:		
	10	– – Hrísgrjón	35	1
	90	– – Annað	9	1
19.05		**Brauð, sætabrauð, kökur, kex og aðrar brauðvörur, einnig með kakaói; altarisbrauð, lyfjahylki, innsiglunaroblátur, ríspynnur og áþekkar vörur**		
	1905.10	– Hrökkbrauð	9	2
	1905.20	– Piparkökur og þess háttar	10	2
	1905.30	– Sætakex; vöfflur		
	11 – 59		10	3
		– – – Vöfflur og kexþynnur:		
	91	– – – – Saltaðar, einnig fylltar	10	1
	99	– – – – Annað	10	3
	1905.40	– Tvíbökur, ristað brauð og áþekkar ristaðar vörur	10	1
	1905.90	– Annað	10	1
21.01		**Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, tei eða maté og framleiðsla að stofni til úr þessum vörum eða að stofni til úr kaffi, tei eða maté; brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur og seyði úr þeim**		

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing	Tollur %(**)	Ár (*)
úr	2101.10	– Kjarni, kraftur og seyði úr kaffi, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr kaffi:		
		– – Blöndur:		
	99	– – – Annað		
	2101.20	– Kjarni, kraftur og seyði úr tei eða maté, og framleiðsla að stofni til úr þessum kjarna, krafti eða seyði eða að stofni til úr tei eða maté	5	1
	2101.30	– Brenndar síkóríurætur og annað brennt kaffilíki, og kjarni, kraftur eða seyði úr þeim	16	3
21.02		**Ger (lifandi eða dautt); aðrar einfruma örverur, dauðar (þó ekki bóluefni í nr. 30.02); unnið bökunarduft**		
	2102.10	– Lifandi ger:		
	10	– – Ræktað ger	10	3
	31 – 39	– – Bökunarger	8	3
	90	– – Annað	8	3
úr	2102.20	– Dautt ger; aðrar einfruma örverur, dauðar:		
		– – Dautt ger:		
	11	– – – Í töflum, teningum eða áþekku formi, eða í umbúðum sem eru 1 kg eða minna	8	1
	2102.30	– Unnið bökunarduft	9	1
21.03		**Sósur og framleiðsla í þær; blönduð bragðefni og blönduð bragðbætiefni; sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep**		
	2103.10	– Sojasósa	tollfrjáls	-
	2103.20	– Tómatsósur	10	3
úr	2103.30	– Sinnepsmjöl, fín- eða grófmalað, og unnið sinnep:		
	90	– – Unnið sinnep	9	1
úr	2103.90	– Annað:		
	90	– – Annað	10	1
21.04		**Súpur og seyði og framleiðsla í það, jafnblönduð samsett matvæli**		
	2104.10	– Súpur og seyði og framleiðsla í það	7	1
	2104.20	– Jafnblönduð samsett matvæli	10	1
21.05		**Rjómaís og annar ís til manneldis, einnig með kakaóinnihaldi**	6	3
21.06		**Matvæli, sem ekki eru tilgreind eða talin með annars staðar**		
	2106.10	– Prótínseyði og textúruð prótínefni	8,8	1
úr	2106.90	– Annað:		
	10	– – Ostafondú	8,2	1

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing	Tollur %(**)	Ár (*)
		– – Annað:		
	91	– – – Sem inniheldur ekki mjólkurfitu, mjólkurprótín, súkrósa, ísóglúkósa, glúkósa eða sterkju eða innihalda innan við 1,5% mjólkurfitu, 2,5% mjólkurprótín, 5% súkrósa eða ísóglúkósa, 5% glúkósa eða sterkju	8,2	1
	99	– – – Annað	8,2	1
22.02		**Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt, og aðrar óáfengar drykkjarvörur, þó ekki ávaxtasafar eða matjurtasafar í nr. 20.09**		
	2202.10	– Vatn, þar með talið ölkelduvatn og loftblandað vatn, með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða bragðbætt	11	1
úr	2202.90	– Annað:		
	10	– – Sem innihalda hvorki framleiðsluvörur í nr. 0401 – 0404 né feiti fengna úr framleiðsluvörum í nr. 0401 – 0404		
		– – – Sem inniheldur sykur (súkrósa eða einsykur)	11	1
	91 – 99	– –Annað	11	1
22.03		**Öl gert úr malti**	24	1
22.05		**Vermút og annað vín úr nýjum þrúgum bragðbætt með plöntum eða ilmefnum**		
	2205.10	– Í tveggja lítra umbúðum eða minni	20	2
	2205.90	– Annað	20	2
22.08		**Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál; áfengir vökvar, líkjörar og aðrar áfengar drykkjarvörur; áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum**		
úr	2208.10	– Áfengisblöndur sem notaðar eru til framleiðslu á drykkjarvörum:		
	90	– – Annað	25	1
	2208.20	– Brennivín eimað úr þrúguvíni eða þrúguhrati	25	1
	2208.30	Viskí	15	1
	2208.40	Romm og tafía	15	1
	2208.50	Gin og genever	15	1
úr	2208.90	Annað:		
		– – Arrak í umbúðum sem innihalda:		
	11	– – – 2 lítra eða minna	15	1
	19	– – – Meira en 2 lítra	15	1
		– – Vodka sem í er 45,4% af vínanda að rúmmáli eða minna og plómu-, peru- eða kirsuberjabrennivín (að undanskildum líkjörum), í umbúðum sem innihalda:		

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing	Tollur %(**)	Ár (*)
	31 og 33	– – – 2 lítra eða minna	15	1
	39	– – – Meira en 2 lítra	15	1
		– – Annað brennivín, líkjörar og brenndar, áfengar drykkjarvörur, í umbúðum sem innihalda:		
	51 og 53	– – – 2 lítra eða minna	15	1
		– – – Meira en 2 lítra	15	1
		– – Aðrar sterk áfengar drykkjarvörur, í umbúðum sem innihalda:		
	59 og 55	– – – 2 lítra eða minna	15	1
	71 – 79	– – – Meira en 2 lítra	15	1
		– – Ómengað etylalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál, í umbúðum sem innihalda:		
	91	– – – 2 lítra eða minna	25	1
	99	– – – Meira en 2 lítra	25	1

II. VIÐAUKI

UM VÖRUR SEM UM GETUR Í C-LIÐ 2. GR.

1. gr.

1. Fiskur og aðrar sjávarafurðir sem tilgreindar eru hér að neðan falla undir ákvæði samningsins, nema kveðið sé á um annað í viðauka þessum.

2. Við gildistöku samningsins skulu allir tollar á framleiðsluvörum sem upprunnar eru í EFTA-ríkjum og TSSL og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif afnumin, nema annað sé tilgreint hér að neðan.

ST-númer	Vörulýsing
02.08	Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, nýtt, kælt eða fryst
úr 0208.90	– Annað: – – Af hvölum([1])
3. kafli	Fiskur og krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar
15.04	Feiti og olíur og þættir þeirra, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt
15.16	Feiti eða olíur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, vixlesterað, enduresterað eða elaídínerað, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt:

([1]) Innflutningur hvalaafurða er bannaður í Austurríki, Finnlandi, Liechtenstein, Svíþjóð og Sviss á grundvelli CITES-samningsins.

ST-númer		Vörulýsing
	úr 1516.10	– Dýrafeiti og -olíur og þættir þeirra: – – Feiti og olíur unnar eingöngu úr fiski og sjávarspendýrum og efnisþættir þeirra([1])
16.03		Kjarnar og safar úr kjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum:
	úr 1603.00	– Kjarnar og safar úr hvalkjöti, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum([1])
16.04		Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra
16.05		Krabbadýr, lindýr og aðrir vatnahryggleysingjar, lagað eða varið skemmdum
23.01		Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar, úr kjöti eða hlutum úr dýrum, fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis; hamsar
	úr 2301.10	– Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr kjöti eða hlutum úr dýrum; hamsar – – Hvalmjöl([1])
	2301.20	– Mjöl, fínmalað eða grófmalað, og kögglar úr fiski eða krabbadýrum, lindýrum eða öðrum vatnahryggleysingjum
23.09		Framleiðsla til dýraeldis
	úr 2309.90	– Önnur: – – Uppleysanleg efni úr fiski

([1]) Innflutningur hvalaafurða er bannaður í Austurríki, Finnlandi, Liechtenstein, Sviþjóð og Sviss á grundvelli CITES-samningsins.

2. gr.

1. Eftir 31. desember 1993 skal opinber aðstoð til sjávarútvegs heyra undir ráðstafanir 19. gr. samningsins og túlkun hennar í XII. viðauka, nema annað sé tekið fram í 2. til 4. mgr. hér að neðan.

2. Eftirfarandi ráðstafanir til aðstoðar sjávarútvegi teljast allajafna ekki samrýmast samningnum:

— almenn aðstoð sem veitt er atvinnugreininni allri og beinist ekki að endurskipulagningu eins og kveðið er á um í ákvæðum liðar ii í c-lið XII. viðauka;

— skattaívilnanir aðrar en þær sem bæta upp sérstakan kostnað og tengjast sérstökum aðstæðum sem ríkja í sjávarútvegi;

— félagslegar ráðstafanir, ef niðurgreiðslurnar sem slíkar ráðstafanir fela í sér fara fram úr því sem almennt er beitt í öðrum atvinnugreinum, með tilliti til sérstakra aðstæðna sem ríkja í sjávarútvegi.

3. Eftirfarandi ráðstafanir teljast allajafna samrýmast ákvæðum 19. gr. samningsins:

— ráðstafanir sem tryggja lágmarksverð innanlands við fyrstu sölu fiskafurða og kaup á umframvörum sem beitt er til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á markaðinum;

— svæðisbundnar ráðstafanir að því marki sem þær eru nauðsynlegar til að viðhalda veiðum á landssvæðum sem eru háðari veiðum en almennt er í landinu og þar sem tekjur af fiskveiðum eru greinilega fyrir neðan landsmeðaltal í sjávarútvegi. Óheimilt er að slík aðstoð nemi meira en aukakostnaðinum sem staðsetningin hefur í för með sér samanborið við aðra staði. Samningsríkjum sem koma á eða viðhalda slíkum ráðstöfunum ber að veita fullnægjandi upplýsingar, í samræmi við ákvæði XII. viðauka, um ástandið á landsvæði sem kallaði á slíkar ráðstafanir eða að þeim sé viðhaldið.

4. Eftirfarandi ráðstafanir til aðstoðar teljast ekki samrýmast samningnum:

— Aðstoð sem kveðið er á um í lið vi c-liðar XII. viðauka, að því er snertir sjávarútveg.

— Aðstoð sem kveðið er á um í lið viii c-liðar XII. viðauka, að því er snertir fiskveiðar.

3. gr.

1. Austurríki er heimilt að viðhalda innflutningstollum á eftirfarandi framleiðsluvörum sem upprunnar eru í TSSL:

ST-númer	Vörulýsing
úr 03.01 til 03.05	Vatnafiskur annar en áll
03.05	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu; fiskimjöl sem er hæft til manneldis:
úr 0305.42	– – Reykt síld önnur en „kippers“
úr 0305.49	– – Annar reyktur sjávarfiskur
16.04	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra úr hrognum
	– Fiskur, heill eða í hlutum en ekki hakkaður:
1604.12	– – Síld

Endurskoða ber þetta fyrirkomulag fyrir 1. janúar 1994 með það fyrir augum að bæta viðskipti með fisk.

2. Austurríki er heimilt að viðhalda innflutningstollum á eftirfarandi fisk- og sjávarafurðum sem upprunnar eru í TSSL:

ST-númer	Vörulýsing
15.04 og úr 15.16	Feiti og olíur til manneldis

4. gr.

Finnlandi er heimilt að viðhalda núverandi fyrirkomulaginu varðandi eftirfarandi framleiðsluvörur sem upprunnar eru í TSSL. Finnlandi ber að leggja fram ákveðna tímaáætlun um afnám þessara undanþágna eigi síðar en 31. desember 1992.

ST-númer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:
	– Laxfiskur
	– Eystrasaltssíld
úr 03.03	Fiskur, frosinn, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:
	– Laxfiskur
	– Eystrasaltssíld
úr 03.04	Fiskflök og annað fiskkjöt (einnig hakkað), nýtt, kælt eða fryst
	– Fersk eða kæld laxflök
	– Fersk eða kæld Eystrasaltssíldarflök
	(Heitið „flak“ á einnig við þegar hliðarnar eru tengdar saman á baki eða kvið.)

5. gr.

1. Liechtenstein og Sviss er heimilt að viðhalda innflutningstollum á eftirfarandi framleiðsluvörur sem upprunnar eru í TSSL:

ST-númer	Vörulýsing
úr 03.01 til 03.05	Fiskur, að undanskildu úr 03.04, frosin fiskflök af öðrum en sjávarfiski, vatnakarfa, áli og laxi

Endurskoða ber þetta fyrirkomulag fyrir 1. janúar 1994 með það fyrir augum að bæta viðskipti með fisk.

2. Liechtenstein og Sviss er heimilt að viðhalda innflutningstollum á eftirfarandi fisk- og sjávarafurðir, sem upprunnar eru í TSSL, og gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif:

ST-númer	Vörulýsing
úr 15. kafla	Feiti og olíur til manneldis
úr 23. kafla	Fóður til dýraeldis

6. gr.

Sviþjóð er heimilt að viðhalda magntakmörkunum á innflutningi eftirfarandi framleiðsluvara, sem upprunnar eru í TSSL, til 31. desember 1993, að því marki sem nauðsynlegt kann að vera til að koma í veg fyrir alvarlega röskun á sænska markaðinum:

ST-númer	Vörulýsing
úr 03.02	Fiskur, nýr eða kældur, þó ekki fiskflök og annað fiskkjöt í nr. 0304:
	– Síld
	– Þorskur

7. gr.

1. TSSL er heimilt að viðhalda innflutningstollum á innflutningi eftirfarandi vara sem upprunnar eru í Austurríki:

ST-númer	Vörulýsing
úr 03.01 til 03.05	Vatnafiskur annar en áll
03.05	Fiskur, þurrkaður, saltaður eða í saltlegi; reyktur fiskur, einnig soðinn á undan eða jafnhliða reykingu; fiskimjöl sem er hæft til manneldis:
úr 0305.42	– – Reykt síld önnur en „kippers“
úr 0305.49	– – Annar reyktur sjávarfiskur
16.04	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra úr hrognum
	– Fiskur, heill eða í hlutum en ekki hakkaður:
1604.12	– – Síld

2. TSSL er heimilt að viðhalda innflutningstollum á eftirfarandi framleiðsluvörur sem upprunnar er í Sviss:

ST-númer	Vörulýsing
úr 03.01 til 03.05	Fiskur, að undanskildu úr 03.04, frosin fiskflök af öðrum en sjávarfiski, vatnakarfa, áli og laxi

3. Endurskoða ber fyrirkomulagið sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar fyrir 1. janúar 1994 með það fyrir augum að bæta viðskipti með fisk.

V. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. MGR. 7. GR.

1. Að því er Ísland varðar ná ákvæði um afnám útflutningstolla og gjalda með samsvarandi áhrif ekki til vara sem skráðar eru í töflu A við viðauka þennan.

2. Frá og með 1. janúar 1993 skulu Liechtenstein og Sviss afnema útflutningstolla og gjöld með samsvarandi áhrif sem eiga við um vörur í töflu B.

TAFLA A VIÐ V. VIÐAUKA

Reglur um útflutningsgjald af sjávarafurðum
sem Ísland getur haldið

Lög nr. 4 frá 28. febrúar 1966 um útflutningsgjald af sjávarafurðum eins og þeim var breytt með lögum nr. 79 frá 31. desember 1968, lögum nr. 73 frá 1. júní 1970, lögum nr. 4 frá 30. mars 1971 og lögum nr. 17 frá 4. maí 1972.

1. gr.

Greiða skal útflutningsgjald af íslenskum sjávarafurðum sem fluttar eru til útlanda eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

Til íslenskra afurða telst afli sem skip skrásett á Íslandi veiða, þótt hann sé veiddur utan landhelgi og eigi verkaður í landi.

2. gr.

Útflutningsgjald af sjávarafurðum samkvæmt lögum þessum greiðist sem hér segir:

1. Kr. 2 300 á hvert útflutt tonn greiðist af freðfiskflökun, frystum hrognum, saltfiski, saltfiskflökum, söltuðum þunnildum, söltuðum hrognum ót. a., saltfiskbitum, söltuðum og frystum gellum, skreið, hertum þorskhausum, skelfiski og niðurlögðum sjávarafurðum.

Nemi gjald samkvæmt þessari grein meira en svarar 4,5% af fob-verðmæti útfluttrar sjávarvöru er heimilt að fella niður þann hluta gjaldsins sem er umfram þetta mark.

2. 3% gjald af fob-verðmæti greiðist af heilfrystum fiski, frystum fiskúrgangi, frystum humri, frystri rækju, frystri loðnu, loðnumjöli, loðnulýsi og hertum sjávardýraolíum.

3. 5% gjald af fob-verðmæti greiðist af hvalafurðum öðrum en niðursoðnum eða niðurlögðum.

4. 6% gjald af fob-verðmæti greiðist af fiskimjöli, karfamjöli, humarmjöli, rækjumjöli, lifrarmjöli, þorskalýsi, karfalýsi, heilfrystri síld, frystum síldarflökum, saltsíld og saltsíldarflökum, söltuðum grásleppuhrognum og öðrum þeim sjávarafurðum sem eru ekki sérstaklega taldar í þessari grein.

Heimilt er að draga frá fob-verðmæti saltsíldar og saltaðra grásleppuhrogna kr. 500 fyrir hver 100 kg innihalds vegna umbúðakostnaðar.

5. 7% gjald af fob-verðmæti greiðist af nýjum og ísvörðum fiski.

Þó getur sjávarútvegsráðuneytið ákveðið að útflutningsgjald af nýrri og ísaðri síld skuli samsvara gjaldinu af síld sem verkuð er á Íslandi með sömu aðferð sem til stendur að nota erlendis (sbr. 4. til 6. mgr. þessarar greinar).

6. 8% gjald af fob-verðmæti greiðist af síldarmjöli, síldarsoðkjarna og síldarlýsi.

7. Útflutningsgjald greiðist ekki af selafurðum.

Að því er varðar 1. mgr. merkir niðurlagðar vörur þær vörur sem lagðar eru niður tilbúnar til neyslu í umbúðum með nettóinnihald 10 kg eða minna. Þó skulu vörur taldar niðurlagðar sem lagðar eru fullverkaðar niður í stærri flát ef útflytjandi leggur fram sönnun á að hráefnisverðmæti hinnar útfluttu vöru sé minna en einn þriðji hluta útflutningsverðmætisins.

Þegar íslensk skip selja nýjar eða unnar sjávarafurðir sem gjaldskyldar eru í erlendri höfn, hvort heldur af eigin afla eða annarra skipa, skulu ofangreind gjöld af verðmæti reiknast af heildarsöluverðmæti að frádregnum tollum og öðrum kostnaði við löndun og sölu eftir nánari reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

3. gr.

Ríkissjóður annast innheimtu útflutningsgjalds samkvæmt 2. gr. og skiptast tekjur af því sem hér segir:

1.	Til greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	82,0%
2.	Til Fiskveiðasjóðs Íslands	11,4%
3.	Til Fiskimálasjóðs	3,1%
4.	Til byggingar haf- og fiskirannsóknaskips	1,8%
5.	Til byggingar rannsóknarstofnana sjávarútvegsins	0,7%
6.	Til Landssambands ísl. útvegsmanna	0,5%
7.	Til samtaka sjómanna skv. reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur	0,5%

Í þeim reglum um greiðslu á vátryggingariðgjöldum fiskiskipa er um getur í 1. tölul. má setja það sem skilyrði fyrir greiðslu iðgjalds að hlutaðeigandi tryggingafélag sé aðili að endurtryggingasamtökum félaganna og hlíti tilteknum reglum um ákvörðun iðgjalda, tryggingarskilmála og vátryggingarfjárhæða.

Heimilt er að undanþiggja hvalveiðiskip þessum skilyrðum og jafnframt að endurgreiða til þeirra hlut Tryggingasjóðs fiskiskipa í útflutningsgjaldinu í stað greiðslu iðgjalda.

4. gr.

Gjald samkvæmt 2. – 4. mgr. 2. gr. skal miða við fob-söluverð afurðanna, með pakkningu, í fyrstu uppskipunarhöfn. Ef afurðir eru seldar cif eða með enn öðrum skilmálum skal reikna söluverð til fob-verðs eftir reglum sem viðskiptaráðuneytið setur.

Séu afurðir sendar úr landi óseldar skal reikna útflutningsgjald samkvæmt 2. – 4. mgr. 2. gr. á grundvelli lágmarks-útflutningsverðs eins og það er tilgreint í útflutningsleyfi fyrir þeirri vöru.

Ef útflytjandi sannar, áður en sex mánuðir eru liðnir frá útgáfudegi farmskírteinis að verð það sem lögbært yfirvald hefur sett á óseldar sjávarafurðir sé hærra en hann hefur selt þær fyrir, ber fjármálaráðuneytinu að endurgreiða mismuninn, enda liggi fyrir staðfesting viðskiptaráðuneytisins á sölu við hinu lægra verði.

Gjald samkvæmt 1. mgr. 2. gr. miðast við nettóþunga hinnar seldu vöru, enda ber útflytjanda að geta hans í útflutn-ingsskjölum.

5. gr.

Útflutningsgjald fellur í gjalddaga um leið og skip er afgreitt við brottför eða komu, ef engrar tollafgreiðslu er beiðst. Sjávarútvegsráðuneytið getur þó ákveðið að útflytjendur megi greiða gjaldið þegar gjaldeyrisskil eru gerð, enda sé tryggt að þau fari fram fyrir milligöngu íslensks banka og sé tollyfirvaldi fengin ávísun á væntanlegt gjaldeyrisandvirði gjaldsins.

6. gr.

Sendendum vara sem lög þessi ná til er skylt að láta lögbært yfirvald í té samrit eða staðfest eftirrit af farmskírteini eða öðrum flutningsskjölum, útflutningsyfirlýsingu, vörureikningi og, ef krafist er, matsvottorði, svo og útflutningsleyfi áður en skip er afgreitt við brottför eða komu. Hafi engin útflutningsskjöl verið gefin út kemur í þeirra stað yfirlýsing sendanda um vörumagnið.

Ákvæði þessarar greinar um sendanda eiga einnig við um skipstjóra, ef sendandi er fjarverandi eða gætir eigi skyldu sinnar, og skipamiðlara.

Gjaldið skal lagt á samkvæmt upplýsingum í skjölum þeim sem um getur í þessari grein.

7. gr.

Skip og farmur er að veði fyrir útflutningsgjöldum.

8. gr.

Lögbær yfirvöld skulu gera reikningsskil fyrir útflutningsgjöldum samkvæmt lögum þessum eftir því sem fjármála-ráðuneytið og reglur um opinber reikningsskil mæla fyrir.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Auk þess skal sendandi, skipstjóri eða skipamiðlari, sem verður sannur að sök um að hafa skýrt rangt frá farmi, greiða þrefalt það útflutningsgjald sem reynt var að draga undan.

Sektir renna allar í ríkissjóð.

Ef lögbær yfirvöld grunar að skjöl þau er um getur í 6. gr. séu röng skulu þau rannsaka farm skipsins áður en það er afgreitt við brottför eða komu, eða á annan hátt útvega þau skjöl sem þörf er á.

10. gr.

Með mál út af brotum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

11. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta gjald á grundvelli nettóþyngdar vara sem tilgreindar eru í 1. mgr. 2. gr. þessara laga í samræmi við 9. gr. laga um Aflatryggingarsjóð sjávarútvegsins nr. 77 frá 28. apríl 1962 og 9. gr. laga um Ferskfiskeftirlit nr. 42 frá 9. júní 1960.

12. gr.

Sjávarútvegsráðherra er heimilt að setja með reglugerð frekari fyrirmæli um framkvæmd þessara laga.

TAFLA B VIÐ V. VIÐAUKA

ST-númer	Vörulýsing
2620	Aska og leifar (þó ekki frá járn- eða stálframleiðslu) sem í eru málmar eða málmsambönd
2620.40	– Aðallega með álinnihaldi
7404	Koparrusl og -úrgangur
7602	Álrusl og -úrgangur

VI. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 2. MGR. 8. GR.

1. ...

2. Ákvæði um afnám magntakmarkana á innflutningi og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif gilda ekki gagnvart Íslandi að því er varðar jarðolíur, sópa og bursta eins og tilgreint er hér að neðan.

ST-númer	Vörulýsing
27.09	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óunnar
27.10	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þunga 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar
	– Jarðolíur unnar að hluta til, þ.m.t. fleyttar hráolíur
	– Bensín, að undanskildu flugvélabensíni
	– Gasolíur, brennsluolíur og þykkar brennsluolíur
96.03	Sópar, burstar (þar með taldir burstar sem eru hlutar af vélum, tækjum eða ökutækjum), handstýrðir vélrænir gólfsópar, án hreyfils, þveglar og fjaðrakústar; tilbúin knippi eða vöndlar til framleiðslu á sópum eða burstum; málningarpúðar og -rúllur; skaftþvögur (þó ekki rúlluþvögur):
úr 96.03	Sópar og burstar (að undanskildum burstum sem eru hlutar af vélum, málningarrúllu, skaftþvögum, þveglum, penslum listamanna og tannburstum)

VII. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. 8. GR.

TSSL skal afnema stig af stigi magntakmarkanir á innflutningi framleiðsluvara sem tilgreindar eru hér að neðan og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif fyrir lok aðlögunartímabilsins.

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
26.12		Úrangrýti eða þóríumgrýti og kirni þeirra
28.44		Geislavirk frumefni og geislavirkar samsætur (þar með talið kleyf eða auðganleg kemísk frumefni og samsætur) og sambönd þeirra; blöndur og leifar sem innihalda þessi efni
	2844.10	– Náttúrlegt úran og sambönd þess; málmblendi, dreifur (þar með talið keramíkmelmi), leirvörur og blöndur sem innihalda náttúrlegt úran eða náttúrleg úransambönd
	2844.20	– Úran auðgað af U 235 og sambönd þess; plúton og sambönd þess; málmblendi; dreifur (þar með talið keramíkmelmi), leirvörur og blöndur sem innihalda úran auðgað af U 235, plúton eða sambönd þessara efna
47.07		Úrgangur og rusl úr pappír eða pappa
72.04		Járnúrgangur og járnrusl; úrgangssteypuhleifar úr járni eða stáli til endurbræðslu

IX. VIÐAUKI

SEM UM GETUR Í 3. MGR. 9. GR.

TSSL skal afnema magntakmarkanir á útflutningi framleiðsluvara sem tilgreindar eru hér að neðan og ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif í síðasta lagi áður en fimm ár eru liðin frá gildistöku samningsins.([1])

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
25.05		**Náttúrlegur sandur hvers konar, einnig litaður, þó ekki málmsandur í 26. kafla**
25.07		**Kaólín og annar postulínsleir, einnig brenndur**
25.17		**Steinvölur, möl, brotinn eða mulinn steinn, sem venjulega er notað sem íblöndunarefni í steinsteypu, slitlag á vegi eða fyrir járnbrautir eða annað undirlag, fjörumöl og tinna, einnig hitameðfarið; mulningur úr gjalli, sindri eða öðrum áþekkum iðnaðarúrgangi, einnig blandað efnum þeim sem nefnd eru í upphafi vöruliðarins; tjöruborinn mulningur; korn, flísar og duft úr steinum í nr. 25.15 eða 25.16, einnig hitameðfarið**

(1) Leyfi verða veitt til þess að fylgjast með útflutningi. Takmörkunum vegna markaðserfiðleika í TSSL að því er varðar tiltekna framleiðsluvöru skal komið á samkvæmt sérstakri ákvörðun TSSL þess efnis hverju sinni og EFTA-ríkjum þegar tilkynnt þar um.

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
	2517.10	– Steinvölur, möl, brotinn eða mulinn steinn sem venjulega er notað sem íblöndunarefni í steinsteypu, slitlag á vegi eða fyrir járnbrautir eða annað undirlag, fjöruröl og tinna, einnig hitameðfarið
25.23		**Portlandsement, álsement, slaggsement, súpersúlfatsement og áþekkt hydrólískt sement, einnig litað eða sem sementsgjall**
		– Portlandsement:
	2523.21	– – Hvítsement, einnig litað gerviefnum
	2523.29	– – Annað
	2523.90	– Annað hýdrólískt sement
26.20		**Aska og leifar (þó ekki frá járn- eða stálframleiðslu) sem í eru málmar eða málmsambönd**
		– Aðallega með sinkinnihaldi:
	2620.11	– – Smástangir harðsinks
	2620.20	– Aðallega með blýinnihaldi
	2620.30	– Aðallega með koparinnihaldi
	2620.40	– Aðallega með álinnihaldi
27.01		**Steinkol; töflur, völur og áþekkt fast eldsneyti unnið úr steinkolum**
úr	2701.00	– Steinkol sem henta til koksgerðar – Steinkol ætluð til orkugjafar
27.02		**Brúnkol, einnig mótuð, þó ekki svartaraf**
27.04		**Koks og hálfkoks úr steinkolum, brúnkolum eða mó, einnig mótað; gaskoks**
27.10		**Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla með 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, ót.a. enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar**
úr	2710.00	– Bensín – Díselolía – Þunnar olíur til hitunar – Þykkar olíur til hitunar
27.16		**Rafmagn (valfrjáls vöruliður)**
30.02		**Mannsblóð; dýrablóð framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómsgreiningar; mótsermi og aðrir blóðþættir; bóluefni, toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur**
	3002.10	– Mótsermi og aðrir blóðþættir
	3002.90	– Annað
30.03		**Lyf (þó ekki vörur í nr. 30.02, 30.05 eða 30.06) gerð úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem blandað hefur verið saman til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum, ekki í afmældum skömmtum, formuð eða í umbúðum til smásölu**
30.04		**Lyf (þó ekki vörur í nr. 30.02, 30.05 eða 30.06) gerð úr blönduðum eða óblönduðum vörum til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum, í afmældum skömmtum, formuð eða í umbúðum til smásölu**

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
31.02		**Köfnunarefnisáburður, úr steinaríkinu eða kemískur**
	3102.40	– Blöndur ammóníumnítrats og kalsíumkarbónats eða annarra ólífrænna efna sem ekki eru áburður
41.01		**Óunnar húðir og skinn af dýrum nautgripa- eða hrossaættar (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, pæklað eða varið skemmdum á annan hátt til geymslu, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig afhárað eða klofið**
	4101.10	– Heilar húðir eða skinn af nautgripum, hvert skinn ekki yfir 8 kg að þyngd eftir einfalda þurrkun, 10 kg þurrsaltað eða 14 kg nýtt, blautsaltað eða varið skemmdum á annan hátt
		– Aðrar húðir og skinn af nautgripum, nýtt eða blautsaltað:
	4101.21	– – Heilar
	4101.22	– – Bak- og lendastykki
	4101.29	– – Annað
	4101.30	– Aðrar húðir og skinn af nautgripum varið skemmdum á annan hátt
41.02		**Óunnin skinn af sauðfé (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, pæklað eða varið skemmdum á annan hátt, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig með ull eða klofið, þó ekki það sem undan er skilið samkvæmt c-lið 1. athugasemdar við þennan kafla**
41.03		**Aðrar óunnar húðir og skinn (nýtt, eða saltað, þurrkað, kalkað, pæklað eða varið skemmdum á annan hátt, en ekki sútað, verkað sem bókfell eða frekar unnið), einnig afhárað eða klofið, þó ekki það sem undan er skilið samkvæmt b- eða c-lið 1. athugasemdar við þennan kafla**
	4103.90	– Annað
44.01		**Eldiviður í bolum, bútum, greinum, hrísknippum eða áþekkri mynd; viður sem spænir eða agnir; sag og viðarúrgangur og viðarrusl, einnig mótað í boli, kubba, köggla eða áþekka mynd**
	4401.10	– Eldiviður í bolum, bútum, greinum, hrísknippum eða áþekkri mynd
		– Viður sem spænir eða agnir:
	4401.21	– – Barrviður
	4401.22	– – Annar viður
44.03		**Trjábolir óunnir, einnig birktir eða safaviður fjarlægður, eða gróflega tilhöggnir**
	4403.20	– Aðrir, úr barrviði
		– Aðrir:
	4403.90	– – Úr eik (Quercus spp.)
	4403.92	– – Úr beyki (Fagus spp.)
	4403.99	– – Annars
44.06		**Brautarbitar fyrir járnbrautir eða sporbrautir úr viði (þvertré)**
44.07		**Viður sagaður eða höggvinn eftir endilöngu, flagaður eða birktur, einnig heflaður, slípaður eða fingurskeyttur, yfir 6 mm að þykkt**
	4407.10	– Úr barrviði
		– Annað:
	4407.91	– – Úr eik (Quercus spp.)

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
	4407.92	– – Úr beyki (Fagus spp.)
	4407.99	– – Annað
47.03		**Kemískt viðardeig, sóta eða súlfat, þó ekki í upplausnarstigum**
		– Hálfbleikt eða bleikt
	4703.21	– – Úr barrviði
	4703.29	– – Úr öðrum viði
47.04		**Kemískt viðardeig, sulfít, þó ekki í upplausnarstigum**
		– Hálfbleikt eða bleikt
	4704.21	– – Úr barrviði
	4704.29	– – Úr öðrum viði
71.06		**Silfur (þar með talið silfur húðað eða plettað með gulli eða platínu), óunnið eða hálfunnið, eða í duftformi**
71.08		**Gull (þar með talið gull húðað eða plettað með platínu), óunnið eða hálfunnið, eða í duftformi**
72.01		**Hrájárn og spegiljárn í grófsteypustykkjum, blokkum eða öðrum frumgerðum**
72.04		**Járnúrgangur og járnrusl; úrgangssteypuhleifar úr járni eða stáli til endurbræðslu**
72.06		**Járn og óblendið stál í hleifum eða öðrum frumgerðum (þó ekki járn í nr. 72.03)**
72.07(2)		**Hálfunnar vörur úr járni eða óblendnu stáli**
72.08(2)		**Flatvalsaðar vörur úr járni eða óblendnu stáli, 600 mm að breidd eða meira, heitvalsaðar, ekki klæddar, plettaðar eða húðaðar**
72.09(2)		**Flatvalsaðar vörur úr járni eða óblendnu stáli, 600 mm eða meira að breidd, kaldvalsaðar (kaldunnar), ekki klæddar, plettaðar eða húðaðar**
72.10(2)		**Flatvalsaðar vörur úr járni eða óblendnu stáli, 600 mm eða meira að breidd, klæddar, plettaðar eða húðaðar**
72.11(2)		**Flatvalsaðar vörur úr járni eða óblendnu stáli, minna en 600 mm að breidd, ekki klæddar, plettaðar eða húðaðar**
72.12(2)		**Flatvalsaðar vörur úr járni eða óblendnu stáli, minna en 600 mm að breidd, klæddar, plettaðar eða húðaðar**
72.13(2)		**Teinar og stengur, heitvalsað, í óreglulega undnum vafningum, úr járni eða óblönduðu stáli**
72.14(2)		**Aðrir teinar og stengur, úr járni eða óblendnu stáli, ekki frekar unnið en þrýstimótað, heitvalsað, heitdregið eða heitþrykkt, en einnig undið eftir völsun**
72.15(2)		**Aðrir teinar og stengur, úr járni eða óblendnu stáli**

(2) Engar takmarkanir eru á útflutningi til Evrópubandalagsins eða Bandaríkja Norður-Ameríku.

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
72.16(3)		Prófílar úr járni eða óblönduðu stáli
72.18(3)		Ryðfrítt stál í hleifum eða öðrum frumgerðum; hálfunnar vörur úr ryðfríu stáli
72.19(3)		Flatvalsaðar vörur úr ryðfríu stáli, 600 mm eða meira að breidd
72.20(3)		Flatvalsaðar vörur úr ryðfríu stáli, minna en 600 mm að breidd
72.21(3)		Teinar og stengur, heitvalsað, í óreglulega undnum vafningum, úr ryðfríu stáli
72.22(3)		Aðrir teinar og stengur úr ryðfríu stáli; prófílar úr ryðfríu stáli
72.23(3)		Vír úr ryðfríu stáli
72.24(3)		Annað stálblendi í hleifum eða öðrum frumgerðum; hálfunnar vörur úr öðru stálblendi
72.25(3)		Flatvalsaðar vörur úr öðru stálblendi, 600 mm eða meira að breidd
72.26(3)		Flatvalsaðar vörur úr öðru stálblendi, 600 mm eða meira að breidd
72.27(3)		Teinar og stengur, heitvalsað, í óreglulega undnum vafningum, úr öðru stálblendi
72.28(4)		Aðrir teinar og stengur úr öðru stálblendi; prófílar, úr öðru stálblendi; holir borteinar og borstengur, úr stálblendi eða óblendnu stáli
72.29(4)		Vír úr öðru stálblendi
73.01(4)		Þilstál úr járni eða stáli, einnig borað, gatað eða úr samsettum einingum; soðnir prófílar, úr járni eða stáli
73.02(4)		Eftirtalið brautarbyggingarefni fyrir járnbrautir eða sporbrautir, úr járni eða stáli: Teinar, öryggisteinar og tannhjólateinar, skiptiblöð, tengispor, trjónustengur og önnur skiptistykki, brautarbitar (krosstengi), tengispangir, teinafestingar, festingafleygar, undirstöðuplötur (grunnplötur), teinagrip, teinastengur, festiplötur og annað efni sérstaklega ætlað til tengingar eða lagningar járnbrauta
73.04(5)		Leiðslur, pípur og holir prófílar, saumlaust, úr járni (þó ekki steypujárni) eða stáli.
73.05(5)		Aðrar leiðslur og pípur (t.d. soðnar, hnoðaðar eða settar saman með áþekkum hætti), með hringlaga ytri og innri þverskurði, yfir 406,4 mm að ytra þvermáli, úr járni eða stáli
73.06(5)		Aðrar leiðslur, pípur og holsnið (hollow profiles) (t.d. brúnskeytt eða soðið, hnoðað eða sett saman með áþekkum hætti), úr járni eða stáli
74.04		Koparúrgangur og koparrusl

(3) Engar takmarkanir eru á útflutningi til Evrópubandalagsins eða Bandaríkja Norður-Ameríku.

(4) Engar takmarkanir eru á útflutningi til Evrópubandalagsins eða Bandaríkja Norður-Ameríku.

(5) Engar takmarkanir eru á útflutningi til Bandaríkja Norður-Ameríku.

Vöruliður	ST-númer	Vörulýsing
76.02		Álúrgangur og álrusl
78.02		Blýúrgangur og blýrusl
79.02		Sinkúrgangur og sinkrusl
92.01		Píanó, þar með talin sjálfvirk píanó; harpsíkord og önnur strengjahljóðfæri með nótnaborði
92.04		Dragspil og áþekk hljóðfæri; munnhörpur
92.05		Önnur blásturshljóðfæri (t.d. klarínettur, trompetar, sekkjapípur)

BÓKUN D

UM EINOKUN SEM STENDUR ÓBREYTT VIÐ GILDISTÖKU SAMNINGSINS ÞRÁTT FYRIR 11. GR.

1. Ákvæði 11. gr. samningsins um ríkiseinokun í Sviss og Liechtenstein á salti og byssupúðri og á Íslandi á tilbúnum áburði gilda einungis að því marki að þessi ríki verði að uppfylla samsvarandi skuldbindingar og tilgreindar eru í samningnum milli EFTA-ríkja og Efnahagsbandalags Evrópu um Evrópska efnahagssvæðið.

2. Ákvæðum 11. gr. skal beita, að því er varðar einokun á salti í Austurríki, eigi síðar en 1. janúar 1995.

3. Aðlögun samkvæmt 1. mgr. 11. gr. skal, að því er varðar TSSL, fara fram stig af stigi og vera komin til framkvæmda að fullu eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku samningsins.

X. VIÐAUKI

AÐFERÐ VIÐ AÐ TILKYNNA UM DRÖG AÐ TÆKNILEGUM REGLUGERÐUM

1. gr.

Í viðauka þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „tæknilýsing“: lýsing í skjali þar sem tilgreindir eru þeir eiginleikar sem framleiðsluvara verður að hafa, þar með talið gæðastig, skil, öryggi eða stærðir og aðrar kröfur er lúta að íðorðanotkun, táknum, prófunum og prófunaraðferðum, umbúðum, áletrun eða umbúðamerkingum;

b) „tæknileg reglugerð“: tæknilýsing, þar með talin viðeigandi stjórnsýsluákvæði, sem skylt er, samkvæmt lögum eða venjum, að fylgja við markaðssetningu eða notkun í aðildarríki eða stórum hluta þess, að undanskildum þeim sem sveitarstjórnir setja;

c) „drög að tæknilegri reglugerð“: texti tæknilýsingar, þar með talin stjórnsýsluákvæði, sem áformað er að samþykkja eða leggja fram til samþykkis sem tæknilega reglugerð, enda sé textinn á því samningsstigi að enn megi gera verulegar breytingar;

d) „framleiðsluvara“: allar vörur sem samningur þessi tekur til.

2. gr.

1. Í tilkynningu er skylt að:

a) hafa fullan texta draga að tæknilegri reglugerð á frummálinu ásamt þýðingu eða samantekt á ensku;

b) tiltaka hvort drögin að tæknilegri reglugerð eru eins og tæknilýsing á sama sviði sem samin var af alþjóðlegum eða svæðisbundnum samtökum eða hvort þau eru frábrugðin slíkri tæknilýsingu; þegar vikið er frá slíkum tæknilýsingum ber að tilgreina ástæður fyrir því;

c) greina frá nafni og heimilisfangi aðila á vegum innlendra yfirvalda sem bær er til að veita frekari upplýsingar um reglugerðina;

d) tiltaka fyrirhugaðan gildistökudag.

2. Þegar gildandi alþjóðlegur eða evrópskur staðall er einungis gerður að landsstaðli í heild sinni með drögum að tæknilegri reglugerð nægir að birta upplýsingar um staðalinn sem um ræðir.

3. gr.

EFTA-ríkjum og TSSL er heimilt að fara fram á frekari upplýsingar um drög að tæknilegri reglugerð sem tilkynnt hefur verið um í samræmi við aðferð þessa.

4. gr.

1. Tilkynningaskipti milli EFTA-ríkja og TSSL fara fram í gegnum skrifstofu EFTA.

2. EFTA-ríkjum og TSSL er heimilt að skiptast á athugasemdum við drögin sem um ræðir í gegnum skrifstofu EFTA.

5. gr.

Frestur til að skila athugasemdum við tilkynningar er þrír mánuðir frá þeim degi er drögin að tæknilegri reglugerð berast skrifstofu EFTA. Óheimilt er að samþykkja drögin áður en fresturinn er útrunninn.

6. gr.

Í viðbótartilkynningu skal tiltaka að hve miklu leyti athugasemdir sem EFTA-ríki eða TSSL hafa lagt fram hafa verið teknar til greina, allar efnislegar breytingar sem gerðar hafa verið á reglugerðinni frá því að tilkynnt var um drögin og gildistöku reglugerðarinnar.

7. gr.

Þriggja mánaða stöðvunartímabilið gildir þó ekki þegar lögbær yfirvöld, af brýnum ástæðum vegna almannaöryggis eða -heilbrigðis, til verndar dýralífi eða gróðri, þar til bær yfirvöld verða að undirbúa tæknilegar reglugerðir á mjög skömmum tíma og veita þeim gildi og koma þeim strax í framkvæmd án þess að unnt sé að hafa um það samráð. Í slíkum tilvikum ber að gera grein fyrir þeim ástæðum er réttlæta hina skjótu málsmeðferð.

8. gr.

EFTA-ríkjum og TSSL ber að efna til samráðsfunda með reglubundnu millibili til að tryggja rétta framkvæmd þessara ákvæða.

XI. VIÐAUKI

UM HUGVERKARÉTT

1. gr.
Skilgreining og umfang verndar

„Vernd hugverka" tekur einkum til verndar höfundarréttar, þ.m.t. til tölvuforrita og gagnagrunna, og skyldra réttinda, vörumerkja, landfræðilegra auðkenna, iðnhönnunar, einkaleyfa, svæðislýsinga smárása og þar að auki til leynilegra upplýsinga um þekkingu.

2. gr.
Alþjóðasamningar

1. Samningsaðilar samþykkja að fara eftir efnislegum ákvæðum eftirfarandi marghliða samninga fyrir 1. janúar 1997:

— Parísarsamþykkt frá 20. mars 1883 um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar (Stokkhólmsgerð, 1967);

— Bernarsáttmálinn frá 9. september 1886 til verndar bókmenntum og listaverkum (Parísargerð, 1971);

— Alþjóðasamningur frá 26. október 1961 um vernd listflytjenda, hljómplötuframleiðenda og útvarps- og sjónvarpsstöðva (Róm, 1961);

— Evrópusáttmálinn um einkaleyfi frá 5. október 1973.

2. Samningsríki skulu leitast við af fremsta megni að fara að þeim samningum sem taldir eru upp í 1. mgr. og auk þess að öðrum marghliða samningum sem stuðla að samvinnu á sviði hugverkaréttar.

3. gr.
Ákvæði um vörumerki, landfræðileg auðkenni og lögbundið nytjaleyfi vegna einkaleyfa

Samningsríkjum ber einnig að sjá til þess að landslög kveði á um:

— fullnægjandi og árangursríka vernd fyrir vörumerki sem auðkenna vöru og þjónustu, einkum vel þekkt vörumerki á heimsmarkaði;

— fullnægjandi og árangursríkar leiðir til að vernda landfræðileg auðkenni, þar með talið vísbendingar um uppruna, allra framleiðsluvara, að minnsta kosti til að forðast notkun auðkenna sem villa um fyrir neytendum;

— að lögbundin nytjaleyfi vegna einkaleyfa skuli vera almenn nytjaleyfi, veitt án mismununar og fyrir þóknun sem samsvarar markaðsverði fyrir nytjaleyfið og sem skjóta má til úrskurðar dómsvalda. Gildissvið og -tími slíkra nytjaleyfa skal takmarkast við tilgang veitingar þeirra. Nytjaleyfi sem felur ekki í sér vinnslu skal veita aðeins að því marki sem þarf til þess að fullnægja eftirspurn svæðisbundins markaðar á viðunandi kjörum.

4. gr.
Um veitingu og viðhald hugverkaréttar og eftirlit með honum

Samningsríkjum ber að sjá til þess að reglur um veitingu eða skráningu hugverkaréttar eða viðhald þeirra séu réttlát og án mismununar. Forðast ber að setja flóknar reglur eða kostnaðarsamar, eða sem fela í sér óþarflega langa tímafresti eða ónauðsynlegar tafir. Í ákvæðum um eftirlit ber að kveða á um viðurlög, bætur fyrir skaða sem rétthafi hefur orðið fyrir og bráðabirgðaráðstafanir, m.a. þegar annar aðili hefur ekki fengið áheyrn (inaudita altera parte).

5. gr.
Tækniaðstoð og samvinna; samráð

1. Samningsríki skulu koma á skipulagi um tækniaðstoð og samvinnu yfirvalda ríkjanna. Til að ná þessum markmiðum skulu þau hafa samráð við hlutaðeigandi alþjóðastofnanir eins og Alþjóðahugverkastofnunina (WIPO) og Einkaleyfastofnun Evrópu (EPO), en slíkt samstarf skal ekki hafa áhrif á starf þeirra á sviði tækniaðstoðar, samvinnu og samræmingu.

2. Samningsríki samþykkja að efna til samráðs með sérfræðingum, fari samningsríki þess á leit, um starfsemi sem tengist gildandi eða fyrirhuguðum alþjóðasamningum um samhæfingu, stjórnun og eftirlit með hugverkarétti og um starfsemi á vegum alþjóðastofnana, eins og Hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti og Alþjóðahugverkastofnunarinnar, og um samskipti samningsríkja við þriðju lönd um mál sem varða hugverkarétt.

XII. VIÐAUKI

UM TÚLKUN 19. GR.

EFTA-ríki og TSSL eru sammála um að við beitingu 19. gr. skuli hafa hliðsjón af eftirfarandi forsendum:

a) Einungis má telja til ríkisaðstoðar þær ráðstafanir sem leiða til yfirfærslu opinbers fjár til viðtakanda með beinum styrkjum eða sem leiða til eftirgjafar á skatttekjum vegna skattaívilnana; aðstoð sem veitt er úr sjóðum sem fjármagnaðir eru að öllu leyti af bótaþegum telst ekki ríkisaðstoð í skilningi 19. gr.; þegar samanlögð áhrif allrar ríkisaðstoðar eru metin ber að taka til greina allar tegundir aðstoðar sem viðtakendur fá í sinn hlut.

b) Eftirfarandi ráðstafanir heyra allajafna ekki undir 19. gr.:

   i) ríkisábyrgðir og lán sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef afborganir og vextir þeirra eru í samræmi við ríkjandi skilyrði á lánamarkaðinum;

   ii) tryggingar sem ríki eða opinberar stofnanir veita ef iðgjöld nægja til að fjármagna sjóð til langs tíma;

   iii) hlutafjárkaup af hálfu ríkisins eða opinberra stofnana ef búast má við að arðurinn af slíkri fjárfestingu jafnist að minnsta kosti á við kostnað af ríkislántöku;

   iv) ráðstafanir í skattamálum, m.a. almannatryggingagjöld, sem falla innan ramma almennra laga um tekjuskatt og öll fyrirtæki í landinu geta notfært sér án mismununar.

c) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem yfirleitt samrýmist ákvæðum 19. gr.:

   i) aðstoð til rannsókna og þróunar eða nýsköpunar, að því tilskildu að hún sé augljóslega ætluð til að efla slíka starfsemi og starfsemin sé á því stigi að ekki sé þar enn um neina samkeppni að ræða;
   allar rannsóknir og þróun fram að því að fyrsta frumgerð er tilbúin telst vera á þessu stigi; slík aðstoð má nema allt að 50% kostnaðar við verkefnið eða hana má veita með skattfríðindum sem hafa jafngild áhrif; heimilt er að veita meiri aðstoð til grunnrannsókna; því nær markaðinum sem verkefni er, þeim mun minni niðurgreiðslur ber að veita;

   ii) aðstoð veitt atvinnugrein sem á við offramleiðslu að stríða til að endurskipuleggja greinina með því að tryggja skipulegan niðurskurð framleiðslu og vinnuafls; aðstoð sem þessi skal háð ströngum tímatakmörkum og henni fylgja áætlun um aðlögun; þegar offramleiðsluvandi er metinn ber að hafa hliðsjón af heimsmarkaðinum í heild en ekki einungis heimamarkaðinum í viðkomandi landi;

   iii) almenn aðstoð til að efla útflutning, m.a. kynningardagar á vörum einstakra landa, kynningar í verslunum, iðnaðarsýningar, að því tilskildu að slík aðstoð sé ekki einungis veitt tilteknum fyrirtækjum;

   iv) svæðisbundin aðstoð, að því tilskildu að hún raski ekki skilyrðum fyrir réttmætri samkeppni; tilgangur aðstoðarinnar skal vera að bæta efnahagsstöðu atvinnugreina á tilteknum svæðum þannig að þær standa jafnfætis öðrum annars staðar í landinu en ekki að auka framleiðslu í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum; samningsríkin ein eru til þess bær að skilgreina þau svæði sem ber að veita þróunaraðstoð, þar með talin svæði þar sem hefðbundinn iðnaður stendur höllum fæti, og er heimilt að krefjast þess að þau veiti tölulegar upplýsingar sem sýna fram á ástæður fyrir tilnefningu slíkra svæða;

   v) aðstoð í formi almennrar þjónustu við verslun og iðnað með skilmálum sem mismuna hvorki tilteknum atvinnugreinum né fyrirtækjum;

   vi) almenn aðstoð til að skapa ný atvinnutækifæri, að því tilskildu að störfin séu ekki í atvinnugreinum þar sem offramleiðsla veldur þegar vandræðum;

   vii) aðstoð til umhverfismála þar sem farið er eftir reglunni um að sá er valdi mengun bæti skaðann; heimilt er að stuðla að fjárfestingu sem miðar að því að draga úr mengun með aðstoð er nemur allt að 25% eða með því að veita skattfríðindi sem hefur jafngild áhrif;
   með tilliti til mismunandi strangra lagaákvæða eða staðla sem í gildi eru í ýmsum löndum og hugsanlegra áhrifa þeirra á viðskipti og samkeppni ber að endurskoða jafnóðum þá aðstoð sem tilteknum atvinnugreinum er veitt;

   viii) aðstoð við lítil og meðalstór fyrirtæki sem miðar að því að bæta úr vandkvæðum sem tengjast beint stærð viðkomandi fyrirtækja og takmarkast við fyrirtæki sem hafa ekki fleiri en eitt hundrað starfsmenn og með ársveltu innan við tíu milljónir evrópskra mynteininga (ECU).

d) Eftirfarandi ráðstafanir eru dæmi um aðstoð sem samrýmist yfirleitt ekki ákvæðum 19. gr.:

   i) aðstoð til að jafna taprekstur fyrirtækja, veitt annaðhvort beint eða með niðurfellingu opinberra gjalda;

   ii) hlutafjárkaup, ef áhrif þeirra verður til þess að jafna taprekstur;

iii) aðstoð til framleiðslu í atvinnugreinum sem eru þegar í vandræðum vegna offramleiðslu eða til fyrirtækja sem eiga við vandamál að stríða, nema henni fylgi áætlun um aðlögun og hún háð ströngum tímatakmörkum;

iv) aðstoð sem veitt er til að bjarga tilteknum fyrirtækjum, nema aðstoðin sé einungis veitt til að vinna tíma til að finna langtímalausnir og koma í veg fyrir alvarleg félagsleg vandamál;

v) ráðstafanir til aðstoðar, þar með taldir óbeinir skattar, sem beitt er þannig að þær verði innlendum framleiðsluvörum til framdráttar á kostnað framleiðsluvara í öðru samningsríki;

vi) útflutningsstyrkir til annarra samningsríkja eins og um getur í viðbætinum.

VIÐBÆTIR

SKRÁ YFIR AÐSTOÐ VIÐ ÚTFLUTNING SEM UM GETUR Í VI. LIÐ D-LIÐAR Í XII. VIÐAUKA

a) Aðgerðir til að takmarka útstreymi gjaldeyris eða svipaðar aðgerðir sem fela í sér bætur við útflutning eða endurútflutning.

b) Beinar niðurgreiðslur til útflytjenda frá stjórnvöldum.

c) Endurgreiðsla beinna skatta eða velferðargreiðslna/launatengdra gjalda sem iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki borga, reiknuð í hlutfalli við útflutning þeirra.

9. Í leyfum sem um getur í 2. og 7. mgr. skulu tollyfirvöld tilgreina sérstaklega:

a) hvaða skilyrði verði að uppfylla vegna umsókna um EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi varðandi uppruna framleiðsluvara;

b) við hvaða aðstæður þessar umsóknir skuli geymdar í a.m.k. tvö ár, svo og afrit af vörureikningum með yfirlýsingu útflytjanda. Ákvæði þessi skulu einnig gilda um EUR.1-flutningsskírteini og vörureikninga með yfirlýsingu útflytjanda sem lagðir hafa verið til grundvallar við útgáfu annarra sönnunargagna um uppruna samkvæmt skilyrðum 5. mgr. 17. gr.

10. Tollyfirvöld í ríki eða á yfirráðasvæði sem flutt er út frá geta ákveðið að vissar vörutegundir njóti ekki sérstakrar meðferðar sem kveðið er á um í 2., 7. og 8. mgr.

11. Tollyfirvöld skulu synja þeim útflytjendum um leyfi sem um getur í 2., 7. og 8. mgr. ef þeir geta ekki lagt fram allar þær tryggingar sem þau telja nauðsynlegar.

Tollyfirvöld geta hvenær sem er afturkallað leyfið. Þeim er skylt að gera það ef skilyrði fyrir samþykki eru ekki lengur uppfyllt eða viðurkenndur útflytjandi leggur ekki lengur fram þessar tryggingar.

12. Krefjast má þess af viðurkenndum útflytjanda að hann veiti tollyfirvöldum upplýsingar um framleiðsluvörur sem hann afgreiðir, samkvæmt reglum sem þau setja, þannig að til þess bær tollstöð geti gert þær athuganir sem nauðsynlegar teljast áður en framleiðsluvörurnar eru afgreiddar.

13. Ákvæði þessarar greinar eru því ekki til fyrirstöðu að beitt verði reglum samningsaðilanna um formkröfur við tollmeðferð og notkun tollskjala.

23. gr.

Gildistími sönnunar á uppruna

1. EUR.1-flutningsskírteinið gildir í fjóra mánuði frá útgáfudegi þess í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá og verður að leggja það fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til.

Yfirlýsing á vörureikningi gildir í fjóra mánuði eftir að útflytjandi gefur hana út og verður að leggja hana fram innan þess tíma hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til.

2. Heimilt er að taka við EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi sem lögð er fram hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til eftir að frestur sá sem tilgreindur er í 1. mgr. er útrunninn og beita fríðindameðferð hafi umrædd skjöl ekki verið lögð fram fyrir lok frestsins vegna óviðráðanlegra eða sérstakra aðstæðna.

3. Í öðrum tilvikum, þegar skjöl er lögð fram of seint, geta tollyfirvöld landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er inn til tekið við EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi ef framleiðsluvörunum hefur verið framvísað hjá þeim fyrir lok frestsins.

24. gr.

Sönnun á uppruna lögð fram

1. Leggja skal fram EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingu á vörureikningi hjá tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til í samræmi við þær reglur sem gilda í því landi eða á því yfirráðasvæði. Umrædd yfirvöld geta krafist þýðingar á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi. Þau geta einnig krafist þess að aðflutningsskýrslunni fylgi greinargerð frá innflytjanda þess efnis að framleiðsluvörurnar fullnægi þeim skilyrðum sem nauðsynleg teljast vegna framkvæmdar samningsins.

2. Hafi yfirlýsingar á vörureikningi verið sendar með fjarskiptum til tollyfirvalda í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til ber þessum yfirvöldum að ákveða, í samræmi við ákvæði laga ríkisins eða yfirráðasvæðisins, hvenær og með hvaða hætti skulu í raun afhenda skjölin sem sanna uppruna varanna.

25. gr.

Innflutningur í áföngum

Þegar sundurteknar eða ósamsettar framleiðsluvörur, í skilningi a-liðar 2. mgr. í hinum almennu reglum samræmdu tollskrárinnar, sem heyra undir 84. eða 85. kafla, eru, að beiðni innflytjanda og með þeim skilyrðum sem sett eru af tollayfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til, eru fluttar inn í hlutum skal leggja fram eina sönnun á uppruna fyrir þær vörur hjá tollyfirvöldum þegar fyrsti hlutinn er fluttur inn.

26. gr.

Undanþágur frá formlegri sönnun á uppruna

1. Framleiðsluvörur sem eru sendar sem smábögglar frá einstaklingi til einstaklings, eða eru í einkafarangri ferðamanna, skulu taldar upprunavörur án þess að framvísa þurfi formlegri sönnun á uppruna, að því tilskildu að vörurnar hafi ekki verið fluttar inn á viðskiptagrundvelli og að lýst hafi verið yfir að þær uppfylli kröfur þessa viðauka og enginn vafi leiki á um sannleiksgildi slíkrar yfirlýsingar. Ef framleiðsluvörurnar eru sendar í pósti má gefa yfirlýsinguna á C2/CP3-tollseðli eða á blaði sem er fest við það skjal.

2. Innflutningur sem er bundinn við einstakt tilvik, og er eingöngu framleiðsluvörur til persónulegra nota viðtakenda eða ferðamanna eða fjölskyldna þeirra, skal ekki talinn innflutningur viðskiptalegs eðlis ef ljóst er af eðli og magni framleiðsluvaranna að enginn viðskiptalegur tilgangur býr að baki.

3. Enn fremur má heildarverðmæti slíkra framleiðsluvara ekki vera meira en 365 evrópskar reiknieiningar (ECU) ef um litla pakka er að ræða og 1 025 ECU ef um er að ræða framleiðsluvörur í einkafarangri ferðamanna.

27. gr.

Fylgiskjöl

Þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr. og 3. mgr. 21. gr. og er ætlað að sanna að framleiðsluvörur sem falla undir EUR.1-flutningsskírteinið eða yfirlýsingu á vörureikningi geti talist framleiðsluvörur upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum og fullnægi öðrum kröfum þessa viðauka geta meðal annars verið:

a) sannanir um þá vinnslu sem útflytjandi hefur gengist fyrir til þess að fá umræddar vörur, sem finna má til dæmis í reikningum eða fyrirtækjabókhaldi hans;

b) skjöl sem staðfesta upprunaréttindi efna sem notuð eru til framleiðslu umræddra vara og eru gefin út á Íslandi eða í Færeyjum þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög í því landi eða á því yfirráðasvæði;

c) skjöl sem staðfesta þá aðvinnslu sem efni sem notuð eru við framleiðslu umræddra vara hafa hlotið á Íslandi eða í Færeyjum og eru gefin út hjá samningsaðila þar sem þau eru notuð í samræmi við landslög í því ríki eða á því yfirráðasvæði;

d) EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi til sönnunar á upprunaréttindum efna sem notuð eru við framleiðslu umræddra vara, gefin út hjá samningsaðila eða í Finnlandi, Noregi eða Svíþjóð í samræmi við viðauka þennan.

28. gr.

Varðveisla sönnunar á uppruna og fylgiskjala

1. Útflytjandi sem sækir um útgáfu EUR.1-flutningsskírteinis skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár þau skjöl sem um getur í 3. mgr. 17. gr.

2. Útflytjandi sem gefur út yfirlýsingu á vörureikningi skal varðveita í að minnsta kosti tvö ár eintak af henni ásamt skjölum sem um getur í 4. mgr. 21. gr.

3. Tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá sem gefa út EUR.1-flutningsskírteini skulu varðveita í að minnsta kosti tvö ár umsóknareyðublað það sem um getur í 2. mgr. 17. gr.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. 24. gr. skulu tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til varðveita í að minnsta kosti tvö ár EUR.1-flutningsskírteini og yfirlýsingar á vörureikningum sem þeim voru afhent.

5. Í tilvikum sem um getur í 2. mgr. 24. gr. ber tollyfirvöldum í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til að ákveða, í samræmi við ákvæði laga ríkisins eða yfirráðasvæðisins, hvernig geyma skuli EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi í a.m.k. tvö ár.

29. gr.

Ósamræmi og villur í framsetningu

1. Uppgötvist lítils háttar ósamræmi milli staðhæfinga á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingar á vörureikningi og þeirra sem fram koma á skjölum sem afhent voru tollyfirvöldum vegna formsatriða, sem fullnægja þurfti fyrir innflutning á framleiðsluvörum, skal það ekki verða sjálfkrafa til þess að EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsing á vörureikningi teljist ógild ef fram koma óyggjandi sannanir fyrir því að þetta skjal svari til þeirra framleiðsluvara sem um ræðir.

2. Augljósar villur í framsetningu eins og vélritunarvillur á EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi skulu ekki leiða til þess að skjalinu sé hafnað ef villurnar eru þess eðlis að enginn vafi leikur á að staðhæfingarnar í skjalinu eru réttar.

30. gr.

Fjárhæðir í reiknieiningum

1. Landið eða yfirráðasvæðið sem flutt er út frá skal ákveða fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli sem eru jafngildar fjárhæðum í evrópskum reiknieiningum (ECU) og tilkynna hinum samningsaðilanum.

Ef fjárhæðirnar eru hærri en samsvarandi fjárhæðir sem landið eða yfirráðasvæðið sem flutt er inn til ákveður, skal það samþykkja þær ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá.

2. Ef framleiðsluvörurnar eru færðar á vörureikning í gjaldmiðli Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar skal ríkið eða yfirráðasvæðið sem flutt er inn til viðurkenna þá fjárhæð sem viðkomandi land eða yfirráðasvæði gefur upp.

3. Fjárhæðir í innlendum gjaldmiðli skulu vera jafngildar fjárhæðum sem gefnar eru upp í reiknieiningum á gengi hennar 1. október 1990.

Jafnvirði reiknieiningar í gjaldmiðli samningsaðila, Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar skulu vera fjárhæðir þær sem tilgreindar eru í VI. viðbæti við viðauka þennan.

4. Heimilt er að endurskoða allar fjárhæðir sem tilgreindar eru í reiknieiningum þegar þörf krefur en eigi sjaldnar en annað hvert ár.

Sameiginlega nefndin skal við endurskoðunina tryggja að fjárhæðir í innlendum gjaldmiðlum lækki ekki og enn fremur skoða hvort æskilegt sé að viðhalda áhrifum viðkomandi takmarkana að raungildi. Hún getur hvað þetta varðar ákveðið að breyta fjárhæðum sem gefnar eru upp í reiknieiningum.

31. gr.

Innflutningur frá og endurútflutningur til Finnlands, Noregs og Svíþjóðar

1. Upprunavörur í skilningi viðauka þessa skulu við innflutning til Íslands einnig njóta góðs af samningnum þegar framvísað er EUR.1-skírteini sem gefið er út eða samin í Finnlandi, Noregi eða í Svíþjóð þar sem bætt er við áritun „Viðskipti við Færeyjar“ („Faroe Islands Trade“). Þegar EUR.1-flutningsskírteini eru notuð skal bæta þessari áritun inn í reitinn „Athugasemdir“ og staðfesta með stimpli tollstöðvar í einu landanna.

2. Þegar framleiðsluvörur, sem áður voru fluttar til Íslands með sönnun um uppruna er um getur í 1. mgr. 16. gr. og útgefin var eða samin í Færeyjum, eru endurútfluttar til Finnlands, Noregs eða Svíþjóðar skal Ísland í samræmi við 1. mgr. skuldbinda sig til að gefa út eða semja sönnun á uppruna sem ber áritunina „Viðskipti við Færeyjar“ („Faroe Islands Trade“), enda séu vörurnar endurútfluttar frá sama ríkinu eða hafi ekki hlotið neina meðferð eða aðvinnslu á Íslandi umfram þá sem um getur í 1. mgr. 5. gr.

VI. BÁLKUR
FYRIRKOMULAG Á SAMVINNU STJÓRNVALDA

32. gr.
Gagnkvæm aðstoð

1. Til þess að tryggja að þessum viðauka sé rétt beitt skulu Ísland og Færeyjar aðstoða hvert annað, með tilstuðlan þar til bærra tollyfirvalda, við að sannreyna áreiðanleika EUR.1-flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikningi og að þær upplýsingar sem fram koma á þessum skjölum séu réttar.

2. Tollyfirvöld samningsaðila skulu láta hvor öðrum í té fyrirmyndir af þrykkjum frá stimplunum sem notuð eru á tollstöðvunum við útgáfu EUR.1-flutningsskírteina.

33. gr.
Sannprófun vegna sönnunar á uppruna

1. Sannprófun eftir á á EUR.1-flutningsskírteinum og yfirlýsingum á vörureikningum skal framkvæmd með slembiathugun eða hvenær sem tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til hafa rökstudda ástæðu til að draga í efa áreiðanleika slíkra skjala, upprunaréttindi viðkomandi framleiðsluvara eða að öðrum kröfum viðauka þessa hafi verið fullnægt.

2. Vegna framkvæmdar ákvæða 1. mgr. skulu tollyfirvöld í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til endursenda EUR.1-flutningsskírteinið og vörureikninginn, hafi honum verið framvísað eða yfirlýsingu á vörureikningi eða afrit af þessum skjölum til tollyfirvalda landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er út frá og tilgreina, þar sem það á við, efnislegar eða formlegar ástæður fyrir því að fyrirspurnin er gerð.

Til stuðnings beiðni um sannprófun eftir á skulu þau senda hvers konar skjöl og upplýsingar sem aflað hefur verið og benda til þess að upplýsingar gefnar í EUR.1-flutningsskírteini eða yfirlýsingu á vörureikningi séu rangar.

3. Sannprófunin skal framkvæmd af tollyfirvöldum í landinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er út frá. Þau mega, vegna hennar, fara fram á hvers konar sannanir og framkvæma hverja þá skoðun á bókhaldi útflytjanda eða viðhafa annað eftirlit sem þau telja nauðsynlegt.

4. Ef tollyfirvöld landsins eða yfirráðasvæðisins sem flutt er inn til ákveða að fresta fríðindameðferð á viðkomandi framleiðsluvöru á meðan beðið er niðurstöðu sannprófunarinnar skulu þau heimila innflytjanda að leysa framleiðsluvörurnar út með þeim varúðarráðstöfunum sem þau álíta nauðsynlegar.

5. Tilkynna skal þeim tollyfirvöldum sem fara fram á sannprófunina um niðurstöður hennar eins fljótt og unnt er. Koma verður skýrt fram í niðurstöðunum hvort skjölin séu áreiðanleg og hvort telja megi að viðkomandi framleiðsluvörur séu upprunnar á Íslandi eða í Færeyjum og hvort öðrum kröfum þessa viðauka hafi verið fullnægt.

34. gr.
Lausn deilumála

Komi upp deilumál í tengslum við reglur um sannprófun í 33. gr., sem tollyfirvöld er fóru fram á sannprófunina og tollyfirvöld sem bera ábyrgð á framkvæmd hennar geta ekki leyst, eða þau leiða til þess að vafi leiki á hvernig túlka beri viðauka þennan skal þeim vísað til samningsaðila.

35. gr.
Viðurlög

Hver sá sem gefur út eða lætur gefa út skjal með röngum upplýsingum í því skyni að afla sér fríðindameðferðar fyrir framleiðsluvörur skal sæta viðurlögum.

36. gr.
Meðferð vara sem ekki eru upprunavörur

Við framkvæmd liðar ii eða iii b-liðar 1. mgr. 2. gr. skal farið með sérhverja framleiðsluvöru sem upprunnin er á yfirráðasvæði Íslands eða Færeyja og flutt til hins samningsaðilans eins og um sé að ræða framleiðsluvöru sem ekki er upprunavara á því tímabili eða tímabilum sem síðast nefndur samningsaðili beitir tollum sem gilda um þriðju lönd, eða öðrum hliðstæðum verndaraðgerðum gagnvart slíkum framleiðsluvörum í samræmi við samningi þessum.

37. gr.

Viðbætar

Viðbætar við þennan viðauka eru óaðskiljanlegur hluti hans.

I. viðbætir

Bókun um skilning

Að því er varðar samvinnu stjórnvalda sem um getur í 2. mgr. 2. gr. er samkomulag um að hafa það fyrirkomulag á samvinnu stjórnvalda sem komið var á með Bókun B við stofnsamning EFTA.

Sameiginleg viljayfirlýsing

Með tilvísun til 20. gr. eru samningsaðilar og ríkisstjórn Danmerkur sammála um að tollyfirvöld í Danmörku megi gefa út EUR.1-flutningsskírteini ef framleiðsluvörur frá Færeyjum koma undir eftirlit tollstöðvar í Danmörku þegar þær eru, nokkrar eða allar, sendar til Íslands.

Sameiginleg viljayfirlýsing

Heimilt er að telja vörur, sem samræmast ákvæðum viðauka þessa og eru í flutningi eða bráðabirgðageymslu í tollvörugeymslum eða á fríverslunarsvæðum hjá samningsaðila þegar samningurinn tekur gildi, upprunavörur að því tilskildu að tollyfirvöldum í ríkinu eða á yfirráðasvæðinu sem flutt er inn til sé afhent, innan fjögurra mánaða frá þeim degi, sönnun um uppruna sem gefin var út eftir á og öll fylgiskjöl sem þarf til að staðfesta flutningsskilyrði.

Sameiginleg viljayfirlýsing um endurskoðun þessa viðauka

Með hliðsjón af þróun í Evrópu og gildistöku upprunareglna í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru samningsaðilar sammála um að hafa samráð hvor við annan og við aðra aðila að þeim samningi og athuga í hverju tilviki fyrir sig að hve miklu leyti og með hvaða móti hægt væri að láta þær reglur ná til þessa samnings.

II. viðbætir

Skýringar við skrá III. viðbætis

Almennar skýringar

Skýring nr. 1

1.1 Í fyrstu tveim dálkum skrárinnar er framleiðsluvörunni lýst. Í fyrsta dálki er númer vöruliðar eða kafla sem notað er í samræmdu tollskránni og í öðrum dálki er vörulýsing sem notuð er í tollskránni fyrir þann vörulið eða kafla. Fyrir hvert atriði í fyrstu tveim dálkunum er tilgreind regla í 3. og 4. dálki. Þegar orðið „úr" fer á undan atriði í fyrsta dálki merkir það að reglan í 3. og 4. dálki gildir aðeins um hluta þess vöruliðar eða kafla eins og lýst er í 2. dálki.

1.2 Ef nokkrum vöruliðum er safnað saman í 1. dálki eða kaflanúmer er tilgreint og vörulýsingin í 2. dálki er því almennt orðuð gilda viðkomandi reglur í 3. eða 4. dálki um allar framleiðsluvörur, sem samkvæmt samræmdu tollskránni eru flokkaðar undir vöruliði kaflans eða einhverja þá vöruliði sem safnað er saman í 1. dálki.

1.3 Þegar mismunandi reglur í skránni gilda um mismunandi framleiðslu innan vöruliðar felur hvor undirliður í sér lýsingu á þeim hluta vöruliðarins sem viðeigandi reglur í 3. og 4. dálki taka til.

1.4 Ef engin regla er tilgreind í 4. dálki varðandi framleiðslu í 84. og 91. kafla, á að beita reglunni í 3. dálki.

Skýring nr. 2

2.1 Orðið „framleiðsla" tekur til hvers konar aðvinnslu þ.m.t. „samsetning" eða sérstök starfsemi. Sjá þó skýringu nr. 3.5 hér á eftir.

2.2 Orðið „efni" tekur til hvers konar „innihaldsefnis", „hráefnis", „íhluta" eða „hluta" o.s.frv. sem notaðir eru við framleiðslu framleiðsluvörunnar.

2.3 Orðið „framleiðsluvara" á við vöruna sem framleidd er, jafnvel þegar hún er síðar ætluð til nota við aðra framleiðslu.

Skýring nr. 3

3.1 Ef vöruliður eða hluti vöruliðar er ekki í skránni gildir reglan um „flokkun undir annan vörulið" sem greint er frá í 1. mgr. 4. gr. Ef skilyrðið fyrir „flokkun undir annan vörulið" á við um atriði í skránni felst það í reglunni í 3. dálki.

3.2 Sú aðvinnsla sem regla í 3. eða 4. dálki kveður á um á einungis við um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni. Einnig gilda takmarkanir sem felast í reglu í 3. eða 4. dálki einungis um efni sem notuð eru og eru ekki upprunaefni.

3.3 Þegar regla kveður á um að nota megi „efni í hvaða vörulið sem er", má einnig nota efni úr sama vörulið og framleiðslan fellur undir, með þeim sérstöku takmörkunum sem kunna þó einnig að felast í reglunni. Með orðasambandinu „framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er þ. á m. öðrum efnum í nr. ..." er þó átt við að eingöngu megi nota efni sem flokkast undir sama vörulið og framleiðsluvara með annarri vörulýsingu en framleiðsluvaran sem tilgreind er í 2. dálki í skránni.

3.4 Ef framleiðsluvara, framleidd úr efnum sem ekki eru upprunaefni en öðlast hafa upprunaréttindi við framleiðslu samkvæmt reglunni um flokkun undir annan vörulið eða eigin reglu í skránni, er notuð sem efni við framleiðslu á annarri vöru gildir reglan, sem beitt verður um vöruna sem efnið er notað í, ekki um það.

— **Til dæmis:**
Vél í nr. 8407, þar sem sú regla gildir að verðmæti þeirra efna sem teljast ekki upprunaefni og nota má við framleiðsluna megi ekki fara fram úr 40% af verksmiðjuverði, telst vera gerð úr „öðru stálblendi gróflega formað með smíði" í nr. 7224.

Hafi þetta smíðaefni verið unnið í viðkomandi landi eða á viðkomandi yfirráðasvæði úr málmhleifi (ingot), sem ekki telst upprunavara, hefur smíðin þegar öðlast upprunaréttindi samkvæmt reglunni fyrir vörulið úr 7224 í skránni. Hún telst þá til upprunavöru við verðmætaútreikning vélarinnar án tillits til þess hvort hún var framleidd í sömu verksmiðju eða annarri. Verðmæti málmhleifsins sem ekki telst upprunavara er ekki reiknað með þegar tekið er saman verðmæti þeirra efna sem notuð voru og ekki teljast upprunaefni.

3.5 Þrátt fyrir að reglunni um flokkun undir annan vörulið eða reglunni í skránni sé fullnægt, telst framleiðsluvara ekki upprunavara ef aðvinnslan sem farið hefur fram er í heild ófullnægjandi í skilningi 1. mgr. 5. gr.

Skýring nr. 4

4.1 Reglan í skránni felur í sér lágmarks aðvinnslu sem krafist er og frekari aðvinnsla veitir einnig upprunaréttindi; á hinn bóginn getur minni aðvinnsla ekki veitt upprunaréttindi. Ef regla kveður þannig á um að efni sem ekki telst upprunaefni megi nota á vissu framleiðslustigi er heimilt að nota slík efni á fyrri framleiðslustigum en notkun þeirra á síðari stigum er óheimil.

4.2 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiða megi vöru úr fleiri en einu efni er átt við að nota megi eitt eða fleiri þessara efna. Ekki þarf að nota þau öll.

— **Til dæmis:**
Reglan um dúk mælir fyrir um að nota megi náttúrulegar trefjar auk kemískra efna og annarra efna. Með þessu er ekki átt við að nota verði hvort tveggja; nota má annað hvort eða hvort tveggja.

Ef takmörkun gildir hins vegar um eitt efni og aðrar takmarkanir gilda um önnur efni samkvæmt sömu reglunni, gilda takmarkanirnar aðeins um þau efni sem í raun eru notuð.

— **Til dæmis:**
Reglan um saumavélar kveður á um að vélbúnaðurinn til þráðstrekkingar sem notaður er verði að vera upprunavara og sikksakk-vélbúnaðurinn verði einnig að vera upprunavara. Þessar tvær takmarkanir gilda eingöngu ef viðkomandi vélbúnaður er í raun settur í saumavélina.

4.3 Þegar regla í skránni kveður á um að framleiðsluvara verði að vera framleidd úr sérstöku efni er skilyrðið því augljóslega ekki til hindrunar að notuð séu önnur efni sem ekki geta eðli síns vegna uppfyllt skilyrði reglunnar.

— **Til dæmis:**
Reglan fyrir nr. 1904, sem útilokar sérstaklega að notað sé korn eða afleiður þess, hindrar ekki að notað sé salt, kemísk efni eða önnur viðbótarefni sem ekki eru framleidd úr korni.

— **Til dæmis:**
Þegar framleiða á vöru úr vefleysu og eingöngu er heimiluð notkun garns sem ekki telst upprunavara — jafnvel þó að ekki sé hægt að framleiða vefleysu úr garni — er ekki hægt að hefja framleiðslu með efni úr vefleysu sem ekki telst upprunaefni. Í slíkum tilvikum myndi upphafsefnið venjulega vera á vinnslustigi undan garni — þ.e. á trefjastigi.

Varðandi textílefni sjá einnig skýringar nr. 7.3.

4.4 Ef regla í skránni tilgreinir tvær eða fleiri hundraðshlutareglur varðandi hámarksverðmæti efna sem teljast ekki upprunaefni og heimilt er að nota, má ekki leggja þessa hundraðshluta saman. Hámarksverðmæti allra þeirra efna sem ekki teljast upprunaefni má aldrei fara fram úr hæsta hundraðshluta sem er tilgreindur. Enn fremur má ekki fara yfir tiltekinn hundraðshluta sem gildir fyrir einstök efni.

Textílefni

Skýring nr. 5

5.1 Orðin „náttúrulegar trefjar" eru notuð í skránni til að vísa til trefja annarra en gervi- eða syntetískra þráða. Þau eiga einungis við á þeim stigum framleiðslunnar áður en spunnið er og ná einnig til úrgangs og, nema annað sé tekið fram, orðin „náttúrulegar trefjar" taka til trefja sem hafa verið kembdar eða greiddar eða öðru vísi unnar en ekki spunnar.

5.2 Orðin „náttúrulegar trefjar" eiga einnig við um hrosshár í nr. 0503, silki í nr. 5002 og 5003 og auk þess ullartrefjar, fín- eða grófgert dýrahár í nr. 5101–5105, baðmullartrefjar í nr. 5201–5203 og jurtatrefjar í nr. 5301–5305.

5.3 Orðin „textílmassi", „kemísk efni" og „efni til pappírsgerðar" eru notuð í skránni til þess að lýsa efnunum sem flokkast ekki í 50. – 63. kafla og nota má til framleiðslu á gervi-, syntetískum eða pappírstrefjum eða gervi-, syntetísku eða pappírsgarni.

5.4 Orðin „tilbúnar stutttrefjar" eru notuð í skránni til að vísa til syntetískra eða gervivöndulþátta, stutttrefja eða úrgangs í nr. 5501–5507.

Skýring nr. 6

6.1 Varðandi framleiðsluvörur sem flokkast undir þá vöruliði í skránni þar sem vísað er til þessarar almennu skýringar skulu skilyrði þau sem tilgreind eru í 3. dálki skrárinnar ekki gilda um grunntextílefni sem notuð eru til framleiðslu þeirra og eru í heild 10% eða minna af heildarþyngd þeirra grunntextílefna sem notuð eru (sjá einnig skýringar nr. 6.3 og 6.4 hér á eftir).

6.2 Þetta frávik á hins vegar eingöngu við um blandaðar framleiðsluvörur gerðar úr tveim eða fleiri grunntextílefnum án tillits til hlutdeildar þeirra í framleiðsluvörunni. Eftirfarandi teljast grunntextílefni:

— silki,
— ull,
— gróft dýrahár,
— fínt dýrahár,
— hrosshár,
— baðmull,
— efni til pappírsgerðar og pappír,
— hör,
— hreinn hampur,
— júta og aðrar basttextíltrefjar,
— sísal- og aðrar textíltrefjar af agavaætt,
— kókostrefjar, abaca, ramí og aðrar textíltrefjar úr jurtaríkinu,
— syntetískir þræðir,
— gerviþræðir,
— syntetískar stutttrefjar og
— gervistutttrefjar.

— **Til dæmis:**
Garn í nr. 5205, gert úr baðmullartrefjum og syntetískum stutttrefjum, er blandað garn. Af því leiðir að nota má efni sem ekki fullnægja upprunareglum og vega allt að 10% af þyngd garnsins.

— **Til dæmis:**
Ullardúkur í nr. 5112, gerður úr ullargarni og syntetísku stutttrefjagarni, er blandaður dúkur. Af því leiðir að nota má annaðhvort syntetískt garn eða ullargarn sem ekki telst upprunavara eða samsetningu þeirra sem fullnægir ekki upprunareglunum og vegur allt að 10% af þyngd dúksins.

— **Til dæmis:**
Límbundinn textíldúkur í nr. 5802, gerður úr baðmullargarni og baðmullardúk, er aðeins blönduð framleiðsluvara ef sjálfur baðmullardúkurinn, sem notaður er, er blandaður dúkur gerður úr tveim eða fleiri mismunandi grunntextílefnum eða sjálft baðmullargarnið, sem notað er, er blandað.

— **Til dæmis:**
Ef límbundni textíldúkurinn hefði verið gerður úr baðmullargarni og syntetískum dúk hefðu augljóslega verið notuð tvö aðskilin grunntextílefni.

— **Til dæmis:**
Gólfteppi, gert úr gervigarni og úr baðmullargarni með undirlagi úr jútu, er blönduð framleiðsluvara þar sem þrjú grunntextílefni eru notuð. Þannig má nota hvers konar efni, sem ekki eru upprunaefni og eru notuð á síðara framleiðslustigi en reglan gerir ráð fyrir, að því tilskildu að heildarþyngd þeirra samanlagt fari ekki yfir 10% af þyngd textílefnanna í teppinu. Þannig mætti flytja jútuundirlagið, gervigarnið og/ eða baðmullargarnið inn á því framleiðslustigi, að því tilskildu að skilyrðunum um þyngd sé fullnægt.

6.3 Ef framleiðsluvara inniheldur „garn úr pólýúretani liðað með hreyfanlegum pólýeterliðum, einnig yfirspunnið" er leyfilegt frávik 20% varðandi þetta garn.

6.4 Ef í framleiðsluvöru er ræma með kjarna úr álþynnum eða kjarna úr plastfilmu, einnig húðaðar með áldufti, ekki yfir 5 mm að breidd, lögð með límí milli tveggja plastfilma, er leyfilegt frávik 30% að því er varðar þessa ræmu.

Skýring nr. 7

7.1 Varðandi textílvörur, sem auðkenndar eru í skránni með neðanmálsgrein sem vísar til þessarar skýringar, má nota textílefni, þó ekki fóður og millifóður, sem uppfylla ekki skilyrði reglunnar í 3. dálki skrárinnar fyrir hina tilbúnu vöru, að því tilskildu að þau séu flokkuð í annan vörulið en framleiðsluvaran og að verðmæti þeirra fari ekki fram úr 8% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar.

7.2 Hvers konar leggingar eða fylgihlutir úr öðru en textílefni eða önnur efni, sem notuð eru og í eru textílefni, þurfa ekki að uppfylla skilyrðin í 3. dálki jafnvel þótt þær falli utan gildissviðs skýringar nr. 4.3.

7.3 Í samræmi við skýringar nr. 4.3 má engu að síður nota hvers konar leggingar og fylgihluti eða aðrar framleiðsluvörur úr öðru en textílefni sem teljast ekki upprunaefni ef ekki er hægt að framleiða þær úr efnum sem tilgreind eru í 3. dálki.

— **Til dæmis:**
Ef regla í skránni segir að í tiltekna textílvöru, til dæmis blússu, verði að nota garn kemur það ekki í veg fyrir að notaðar séu vörur úr málmi, til dæmis tölur, þar sem þær verða ekki gerðar úr textílefnum.

7.4 Þegar hundraðshlutaregla gildir skal telja með verðmæti legginga og fylgihluta þegar reiknað eru út verðmæti þeirra efna sem ekki eru upprunaefni og notuð eru til framleiðslunnar.

Skýring nr. 8

8.1 Skýringar 1 – 7 gilda einnig, eftir því sem við á, um allar framleiðsluvörur úr efnum sem ekki eru upprunnin jafnvel þótt um þær gildi engin sérstök skilyrði samkvæmt skránni í III. viðbæti en sem í staðinn heyra undir regluna um vöruliðaskipti sem kveðið er á um í 1. mgr. 4. gr.

III. viðbætir

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
0302 til 0305	Fiskur, þó ekki lifandi fiskur	Framleiðsla úr efnum í 3. kafla sem öll verða að vera upprunaefni
1604	Fiskur, lagaður eða varinn skemmdum; styrjuhrogn og eftirlíkingar þeirra	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
1605	Krabbadýr, lindýr og aðrir vatna- og sjávarhryggleysingjar, löguð eða varin skemmdum	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2504	Náttúrlegt kristallað grafít með auknu kolefnisinnihaldi, hreinsað og malað	Aukning kolefnisinnihalds, hreinsun og mölun óhreinsaðs kristallaðs grafíts
úr 2515	Marmari, einungis sagaður eða hlutaður sundur með öðrum hætti í rétthyrningslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sögun eða sundurhlutun með öðrum hætti á marmara (sem hefur jafnvel þegar verið sagaður), meira en 25 cm að þykkt
úr 2516	Granít, porfyr, basalt, sandsteinn og annar steinn til höggmyndagerðar eða bygginga, einungis sagað eða hlutað sundur með öðrum hætti í rétthyrningslaga (þar með talið ferningslaga) blokkir eða hellur, 25 cm eða minna að þykkt	Sögun eða sundurhlutun á steini (sem hefur jafnvel þegar verið sagaður), meira en 25 cm að þykkt
úr 2518	Brennt dólómít	Brennsla á óbrenndu dólómíti
úr 2519	Mulið náttúrlegt magníumkarbónat (magnesít), í loftþéttum umbúðum, og magníumoxíð, einnig hreint, þó ekki brædd magnesía eða glædd magnesía	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota náttúrlegt magníumkarbónat (magnesít)
úr 2520	Gipsefni sérstaklega framleitt til tannsmíða og tannlækninga	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2524	Náttúrlegar asbesttrefjar	Framleiðsla úr asbestkirni
úr 2525	Gljásteinsduft	Mölun gljásteins eða gljásteinsúrgangs
úr 2530	Jarðlitir, brenndir eða muldir í duft	Brennsla eða mölun jarðlita
úr 2707	Olíur sem í eru arómatískir efnisþættir sem að þyngd eru meiri en óarómatísku efnisþættirnir, og eru áþekkar jarðolíum sem framleiddar eru með eimingu úr háhitaðri koltjöru, sem af eimast meira en 65% miðað við þyngd við allt að 250°C(þar með talið blöndur úr bensóli og bensíni), til nota sem orku- eða hitagjafi	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
2710	Jarðolíur og olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, þó ekki óunnar; framleiðsla sem í er miðað við þyngd 70% eða meira af jarðolíum eða olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum, sem ekki eru skilgreindar eða taldar með annars staðar, enda séu þessar olíur grunnþáttur framleiðslunnar	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er
úr 2712	Hreinsað vaselín	Framleiðsla úr óhreinsuðu vaselíni
úr 2712	Parafín	Framleiðsla úr kolavaxi eða skelvaxi
úr 2712	Örkristallað jarðolíuvax, skelvax, hreinsað ósókerít, brúnkolavax, móvax, annað jarðefnavax og áþekkar vörur framleiddar með efnasmíð eða öðrum aðferðum, einnig litað	Framleiðsla úr hráu ósokeríti
úr 28. kafla	Ólífræn efni; lífræn eða ólífræn sambönd góðmálma, sjaldgæfra jarðmálma, geislavirkra frumefna eða samsætna, þó ekki úr 2811, úr 2833 og úr 2840 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
úr 2811	Brennisteinstríoxíð	Framleiðsla úr brennisteinsdíoxíði
úr 2833	Álsúlfat	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2840	Natríum perbórat	Framleiðsla úr dínatríumtetrabóratpentahýdrati
úr 29. kafla	Lífræn efni, þó ekki úr 2905, í 2915, úr 2932, í 2933 og 2934 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2905	Málmalkóhólöt úr alkóhóli í þessum vörulið og etanóli eða glýseróli	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 2905. Þó má nota málmalkóhólöt sem flokkast undir þennan vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2915	Mettaðar raðtengdar mónókarboxýlsýrur og anhýdríð, halíð, peroxíð og peroxíðsýrur þeirra; halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra notaðra efna í nr. 2915 og 2916 ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2932	Innri sambönd etera og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra notaðra efna í nr. 2909 ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 2932	Hringasetöl og innri sambönd hemiasetols og halógen-, súlfó-, nítró- eða nítrósóafleiður þeirra	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 2932
2933	Heteróhringliða sambönd einungis með köfnunarefnisheterófrumeindum; kjarnasýrur og sölt þeirra:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 2932 og 2933 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
2934	Önnur heteróhringliða sambönd:	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er. Þó má verðmæti allra efna í nr. 2932, 2933 og 2934 sem notuð eru ekki vera meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 30. kafla	Vörur til lækninga, þó ekki vörur í nr. 3002, 3003 og 3004, sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3002	Mannsblóð; dýrablóð framleitt til lækninga, varnar gegn sjúkdómum eða sjúkdómsgreiningar; mótsermi og aðrir blóðþættir; bóluefni, toxín, ræktaðar örverur (þó ekki ger) og áþekkar vörur:	
	– Vörur gerðar úr tveimur eða fleiri efnisþáttum sem blandað hefur verið saman til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum eða óblandaðar vörur sem notaðar eru í þessum tilgangi, í afmældum skömmtum, formaðar eða í umbúðum til smásölu	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Annað:	
	– – Mannsblóð	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
	– – Dýrablóð framleitt til lækninga eða varnar gegn sjúkdómum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Blóðþættir, aðrir en bóluefni, blóðrauði og blóðvatnsglóbúlín	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Blóðrauði, blóðglóbúlín og blóðvatnsglóbúlín	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– – Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3002. Einnig má nota efni sem svara til þessarar lýsingar má einnig nota enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3003 og 3004	Lyf (þó ekki vörur í nr. 3002, 3005 eða 3006)	Framleiðsla: – úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni í nr. 3003 og 3004 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem verðmæti efnanna í heild eru ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 31. kafla	Áburður, þó ekki úr 3105 sem um gildir eftirfarandi regla:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3105	Áburður, úr steinaríkinu eða kemískur, sem inniheldur tvö eða þrjú af áburðarefnunum köfnunarefni, fosfór og kalíum; annar áburður; vörur sem teljast til þessa kafla í töflum eða áþekku formi eða í 10 kg umbúðum eða minni brúttó, þó ekki: – natríumnítrat – kalsíumsýanamíð – kalíumsúlfat – magníumkalíumsúlfat	Framleiðsla: – úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni í nr. 3003 og 3004 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem verðmæti allra efna sem notuð eru er ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 32. kafla	Sútunar- eða litakjarnar; tannín og afleiður þeirra; leysilitir (dyes), dreifulitir (pigment) og önnur litunarefni; málning og lökk; kítti og önnur þéttiefni; blek, þó ekki úr 3201 og 3205 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3201	Tannín og sölt þeirra, eterar, esterar og aðrar afleiður.	Framleiðsla úr tanníngjörnum úr jurtaríkinu
3205	Litlögur; framleiðsla sem tilgreind er í 3. athugasemd við þennan kafla að meginstofni úr litlegi(2)	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki nr. 3203 og 3204 enda sé verðmæti sérhvers efnis, sem flokkast undir nr. 3205, ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 33. kafla	Rokgjarnar olíur og resinóíð; ilmvötn, snyrtivörur eða hreinlætisvörur; þó ekki vörur í nr. 3301 sem um gildir eftirfarandi regla:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

(2) Í 3. athugasemd í 32. kafla segir að þessi framleiðsla sé til nota við litun hvers konar efnis eða sem efnisþættir við framleiðslu litunarefna, enda sé hún ekki flokkuð í annan vörulið í 32. kafla.

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
3301	Rokgjarnar olíur (einnig terpensnauðar), einnig fastar eða fljótandi; resinóíð; kjarnar úr rokgjörnum olíum í feiti, órokgjörnum olíum eða vaxi eða þess háttar, fengnir með „enfleurage" eða „maceration"; terpenríkar aukaafurðir frá terpensneyðingu rokgjarnra olía; vatnskennt eimi og vatnsupplausnir úr rokgjörnum olíum	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin úr öðrum „flokkum"([3]) í þessum vörulið. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 34. kafla	Sápa, lífræn yfirborðsvirk efni, þvottaefni, smurefni, gervivax, unnið vax, fægi- eða ræstiefni, kerti og áþekkar vörur, mótunarefni, tannvax og tannlækningavörur að meginstofni úr gipsefnum; þó ekki nr. 3404 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3404	Gervivax og unnið vax:	
	– Að meginstofni úr parafíni, jarðolíuvaxi, vaxi fengnu úr jarðbiksefnum, kolavaxi eða skelvaxi	Framleiðsla úr efnum sem flokkast ekki í nr. 3404 eða 29. kafla
	– Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki: – Hertar olíur sem hafa einkenni vax í nr. 1516. – Fitusýrur án kemískrar skilgreiningar eða iðnaðarfitualkóhól með einkenni vax í nr. 1519. – Efni í nr. 3404. Þó má nota þessi efni enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 35. kafla	Albúmínkennd efni; umbreytt sterkja; lím; ensím; þó ekki nr. 3505 og úr 3507 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3505	Dextrín og önnur umbreytt sterkja (t.d. forgelatineruð eða esteruð sterkja); lím að meginstofni úr sterkju eða dextríni eða annarri umbreyttri sterkju:	
	– Eteruð og esteruð sterkja	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þar með talin önnur efni í nr. 3505
	– Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í nr. 1108
úr 3507	Unnin ensím, sem ekki eru skilgreind eða talin með annars staðar	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
36. kafli	Sprengiefni; flugeldavörur; eldspýtur; kveikiblendi; tilteknar eldfimar blöndur	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 37. kafla	Ljósmynda- eða kvikmyndavörur; þó ekki í nr. 3701, 3702 og 3704 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3701	Ljósnæmar plötur og filmur, flatar, ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða textílefni; filmur til skyndiframköllunar, flatar, ljósnæmar, ólýstar, einnig samlokur (pakkar):	

([3]) „Flokkur" telst vera hvaða hluti vöruliðar sem er aðgreindur með semíkommu.

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
	– Litfilmur til skyndiframköllunar í samlokum	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en nr. 3701 eða 3702. Þó má nota efni sem flokkast undir nr. 3702, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 30% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Annað	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en nr. 3701 eða 3702. Þó má nota efni í nr. 3701 eða 3702 enda sé heildarverðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
3702	Ljósnæmar filmur í rúllum, ólýstar, úr hvers konar efni öðru en pappír, pappa eða textílefni; filmur til skyndiframköllunar, í rúllum, ljósnæmar, ólýstar	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en nr. 3701 og 3702
3704	Ljósmyndaplötur, -filmur, -pappír, -pappi og textílefni, lýst en ekki framkallað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki nr. 3701 – 3704
úr 38. kafla	Ýmsar kemískar vörur; þó ekki úr 3801, úr 3803, úr 3805, úr 3806, úr 3807, í nr. 3808 – 3814, nr. 3818 – 3820, nr. 3822 og nr. 3823 sem um gilda eftirfarandi reglur:	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3801	Hlaupkennt grafít í olíusviflausn og hálfhlaupkennt grafít; kolefniskennt deig í rafskaut	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3801	Grafít blandað steinefnaolíum í formi deigs sem inniheldur meira en 30% af grafíti miðað við þyngd	Framleiðsla úr efnum í nr. 3403 sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3803	Hreinsuð tallolía	Hreinsun óunninnar tallolíu
úr 3805	Hreinsuð súlfatterpentína	Aðvinnsla sem felur í sér eimingu eða hreinsun hrárrar súlfatterpentínu
úr 3806	Estergúmkvoða	Framleiðsla úr resinsýrum
úr 3807	Viðarbik (viðartjörubik)	Eiming viðartjöru
3808 til 3814, 3818 til 3820, 3822 og 3823	Ýmsar kemískar vörur:	
	– Tilbúin íblöndunarefni fyrir smurolíur, sem innihalda jarðolíur eða olíur fengnar úr tjörukenndum steinefnum, í nr. 3811	Framleiðsla úr efnum í nr. 3811 sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Eftirfarandi í nr. 3823: – – Tilbúin bindiefni fyrir málmsteypumót eða málmsteypukjarna að meginstofni úr náttúrlegum kvoðukenndum vörum – – Naftansýrur, sölt þeirra óuppleysanleg í vatni og esterar þeirra – – Sorbitól, annað en í nr. 2905 – – Jarðolíusúlfónöt, þó ekki jarðolíusúlfónöt úr alkalímálmum, ammóníum eða etanólamíði; þíófenaðar súlfónsýrur úr olíum fengnum úr tjörukenndum steinefnum og sölt þeirra – – Jónaskiptar – – Flýtar fyrir lofttæmipípur – – Alkalísk járnoxíð til gashreinsunar – – Ammóníum gasvatn og notað oxíð fengið við gaskolahreinsun – – Súlfónaftansýrur, sölt og esterar þeirra óuppleysanleg í vatni – – Fúsilolía og Dippelolía – – Blönduð sölt með mismunandi anjónum – – Fjölritunarhlaup að meginstofni til úr gelatíni, einnig á pappír- eða textílundirlagi	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
	– Annað	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3901 til 3915	Plast í frumgerðum, úrgangur, afklippur og rusl, úr plasti; þó ekki úr 3907 sem um gildir eftirfarandi regla:	
	– Vörur úr einfjölliðuauka	Framleiðsla: – úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem efni í 39. kafla er að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar([4])
	– Annað	Framleiðsla úr efnum í 39. kafla sem eru að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar([4])
úr 3907	Samfjölliður, gerður úr pólýkarbónati og akrýlónítrílbútadínstýrenfjölliðum (ABS)	Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran. Þó má nota efni sem flokkast undir sama vörulið enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3916 til 3921	Hálfunnar og fullunnar vörur úr plasti, þó ekki úr 3916, úr 3917 og úr 3920, sem um gilda eftirfarandi reglur:	
	– Flatvörur, unnar frekar en aðeins á yfirborði eða skornar í aðra lögun en rétthyrninga	Framleiðsla úr efnum í 39. kafla sem eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
	– Annað:	
	– – Framleiðsluvörur úr einfjölliðuauka	Framleiðsla: – úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem efni í 39. kafla er að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar([4])
	– – Annað	Framleiðsla úr efnum í 39. kafla sem eru að verðmæti ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar([4])
úr 3916 og úr 3917	Prófílar og slöngur	Framleiðsla: – úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar, og – þar sem verðmæti allra efna sem flokkast undir sama vörulið og framleiðsluvaran er ekki meira en 20% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 3920	Jóníumblöð og filmur	Framleiðsla úr hitadeigu efni að hluta til úr salti sem er samfjölliða úr etýlen og metaakrýlsýru að hluta til gerð hlutlaus með málmjónum, einkum sinki og natríum
3922 til 3926	Vörur úr plasti	Framleiðsla úr efnum sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 4001	Lagskipaðar plötur úr hrágúmmíi til skógerðar	Lagskipting á blöðum úr náttúrulegu gúmmíi
4005	Blandað (compounded) gúmmí, óvúlkaníserað, í frumgerðum eða í plötum, blöðum eða ræmum	Framleiðsla úr efnum, að undanskildu náttúrulegu gúmmíi, sem í heild eru að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar

([4]) Að því er varðar framleiðsluvörur úr efnum sem flokkast bæði í nr. 3901–3906 og 3907–3911 gildir takmörkun þessi aðeins um þann flokk efna sem meira er af miðað við þyngd.

ST-númer	*Vörulýsing*	*Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi*
(1)	(2)	(3)
4012	Sólaðir eða notaðir lofthjólbarðar úr gúmmíi; gegnheilir eða púðahjólbarðar, skiptanlegir hjólbarðaslitfletir og -felgubönd, úr gúmmíi:	
	– Sólaðir lofthjólbarðar, gegnheilir hjólbarðar eða púðahjólbarðar	Sólun notaðra hjólbarða
	– Annað	Framleiðsla úr efnum í hvaða vörulið sem er, þó ekki í nr. 4011 eða 4012
úr 4017	Vörur úr harðgúmmíi	Framleiðsla úr harðgúmmíi
úr 4102	Óunnin sauðfjárskinn, rotuð	Ull tekin af sauðfjárskinnum
4104 til 4107	Leður, án hára eða ullar, þó ekki leður í nr. 4108 eða 4109	Endursútun forsútaðra skinna EÐA Framleiðsla úr efnum sem öll flokkast undir aðra vöruliði en framleiðsluvaran
4109	Lakkleður og lagskipað lakkleður; málmhúðað leður	Framleiðsla úr leðri í nr. 4104 – 4107 sem er að verðmæti ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar
úr 4302	Sútað eða verkað loðskinn, samsett:	
	– Plötur, krossar og áþekk form	Bleikjun eða litun, auk skurðar og samsetningar á ósamsettum sútuðum eða verkuðum loðskinnum
	– Annað	Framleiðsla úr ósamsettum, sútuðum eða verkuðum loðskinnum
4303	Fatnaður, fylgihlutir og aðrar vörur úr loðskinni	Framleiðsla úr ósamsettum, sútuðum eða verkuðum loðskinnum í nr. 4302
úr 4403	Trjábolir, gróflega tilhöggnir	Framleiðsla úr óunnum trjábolum, einnig birktum eða aðeins grófhreinsuðum
úr 4407	Viður sagaður eða höggvinn eftir endilöngu, flagaður eða birktur, yfir 6 mm að þykkt, heflaður, slípaður eða fingurskeyttur	Heflun, slípun eða fingurskeyting
